FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
192. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 17. ÁGÚST 2017



Þýski götulistamaðurinn Jakob Wagner fékk óvæntan félagsskap þegar hann endurgerði listaverk sitt á brot úr Berlínarmúrnum í blíðunni í gær. Óblíð veðrátta skemmdi verkið en það hefur nú verið endurgert þannig að það þolir íslenskt veðurfar. Brotinu var stillt upp við Höfða í október 2015, þegar 25 ár voru frá sameiningu Þýskalands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kókaínflóðið á við síðustu fjögur ár

**Stefnir í algjört metár í kókaíninnflutningi. Hald lagt á tæp 21 kíló á Keflavíkurflugvelli á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er á við fjögur ár þar á undan til samans á landinu. Lögregla segir kókaínið fylgja góðæri. Götuvirði efnanna nemur allt að 370 milljónum króna.**

**LÖGREGLUMÁL** „Í okkar störfum verðum við vör við að það er meira af kókaíni í umferð en áður,“ segir Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, en á fyrstu sjö mánuðum ársins hefur tollgæslan á Keflavíkurflugvelli lagt hald á tæplega 21 kíló af kókaíni. Eftirspurnin virðist vera til staðar og haldast í hendur við efnahagslegan uppgang í þjóðfélaginu. Það sem af er ári hefur verið lagt hald á næstum jafnmikið magn af kókaíni og árin fjögur þar undan til samans. Götuvirði efnanna sem tekin hafa verið í flugstöðinni í ár nemur allt að 370 milljónum króna.



Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn.

Yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurnesjum segir dópsmygl í ár hafa verið einsleitt og í raun sérstakt að því leytinu til að nú sé nánast bara kókaín sem leynist í ferðatöskum eða líkömum burðardýranna. Efnin hafa öll fundist við tollleit á erlendum einstaklingum.

Ekki hefur verið lagt hald á viðlíka magn af kókaíni og í ár á einu ári í fjórtán ár, miðað við afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra sem Fréttablaðið skoðaði aftur til ársins 2003.

Tölurnar gefa, líkt og Grímur vill meina, vísbendingar um að kókaíninnflutningur sé ákveðinn góðærismælikvarði. Þó sveiflur hafi verið í haldlögðu magni milli ára þá var lagt hald á töluvert magn ár hvert frá 2006-2008 eins og sjá má nánar í blaðinu í dag. Heldur dró síðan úr magni kókaíns árin eftir hrun en augljósa uppsveiflu má síðan greina á síðustu tveimur árum. – smj / sjá síðu 4

## Sameinast og stefna á markað

**MARKAÐURINN** Ný sameinað félag Iceland Travel og Gray Line hefur tekið stefnuna á hlutabréfamarkað og vonast eftir skráningu á næstu árum. Samanlögð velta félaganna tveggja var um fimmtán milljarðar króna í fyrra og er búist við að hún verði átján milljarðar í ár. Lítið hefur verið um nýskráningar á markaðinn undanfarin ár en aðeins eitt félag, Skeljungur, var skráð í Kauphöllina í fyrra en útlit er fyrir að eitt félag komi inn á hlutabréfamarkaðinn í ár, leigufélagið Heimavellir.



Þórir Garðarsson

– kri/sjá síðu 18


## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Lilja Dögg Alfreðsdóttir skrifar um fjármálakerfið. 22

**SPORT** Níu forverar Gylfa Þórs sem dýrasta knattspyrnumanns Íslands eru langt frá því að ná samanlagt upp í kaupverð Everton á Gylfa. 40



**MENNING** Sigríður Jónsdóttir leiklistargagnrýnandi skrifar um Act Alone, einleikjahátíðina á Suðureyri. 26

**LÍFIÐ** Futuregrapher og Stereo Hypnosis skelltu í plötu á afskekktum stað á Grænlandi. 60

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Norðlæg átt, 8-15 í dag, en 10-18 suðaustanlands seinnipartinn. Þungbúið og væta á köflum norðan og austan til, en bjart að mestu sunnan- og vestanlands. SJÁ SÍÐU 44

# Mikilvægt að bæta skráningu sjálfsvíga

**HEILBRIGÐISMÁL** Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar, segir nauðsynlegt að bæta skráningu sjálfsvíga á sjúkrastofnunum ríkisins. Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagðist hún hafa beðið í tvö ár eftir niðurstöðum rannsóknar á máli manns sem svipti sig lífi stuttu eftir að hann yfirgaf bráðamóttökuna.

Samkvæmt upplýsingum frá Landlækni þyrfti að leggjast í töluverða vinnu til þess að finna tölur yfir fjölda þeirra sem framið hafa sjálfsvíg inni á stofnunum ríkisins. Ungur maður svipti sig lífi á geðdeild Landspítalans í síðustu viku. Anna segist vilja að rótargreining verði gerð á máli mannsins, þar sem undirliggjandi orsakir atvika eru greind. **– ss**

# Gráir fyrir járnum í Hafnarfirði




Sérsveit lögreglu var send ásamt lögreglu og slökkviliði að skrifstofuhúsnæði við Cuxhavengötu í Hafnarfirði í gær. Leigjandi í húsinu hafði hótað að vinna fólki mein með skotvopni. Var maðurinn handtekinn og fannst “eitt og annað” við húsleit hjá honum, að því er RÚV greindi frá. Hann hafði hringt í neyðarlínuna til að fá aðstoð við vatnsleka og sagst ætla að grípa til skotvopns, bærist aðstoðin ekki. MYND/FJARÐARFRÉTTIR

# Mublur sýslumannsins í Kópavogi á uppboð

**STJÓRNSÝSLA** Ríkiskaup reyna nú að selja á uppboði gamlan skrifstofuhúsbúnað sem út af stóð þegar embætti sýslumannsins í Kópavogi flutti sig af Dalvegi upp í Hlíðarsmára.

Um er að ræða tugi skrifborða, skápa og stóla sem ekki var hægt að nýta eða hentuðu ekki hinu nýja húsnæði. Samkvæmt auglýsingunni sem birtist á uppboðsvefnum Bílauppboð.is í gær er búnaðurinn um 18 ára gamall. Sumt kann að vera orðið slitið en tekið er fram að ástand sé ekki með öllu þekkt. Öll þessi skrifborð, skápar og stólar þurfa að seljast í heilu lagi og sækja sem fyrst að uppboðinu loknu vegna framkvæmda. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins mun Útlendingastofnun væntanlega flytja í húsnæðið.

Er þetta því kjörið tækifæri fyrir þá sem eru að stofna nýtt fyrirtæki og vilja sækja sér innanstokksmuni – skápa, skrifborð og stóla sem margur viðskiptavinur sýslumannsins í Kópavogi hefur í gegnum tíðina vafalaust virt fyrir sér í bið eftir afgreiðslu. **– smj**




**Útlendingastofnun flytur í húsnæðið á Dalveginum í Kópavogi.**






# Tugir bænda vilja fá rafbíla í bæjarhlaðið

**Yfir tuttugu ferðaþjónustubændur skoða uppbyggingu hleðslustöðva fyrir rafbíla. Verkefni á undirbúningsstigi unnið í samstarfi við Orkusetrið og Bændasamtökin. Búast við meiri eftirspurn meðal innlendra ferðamanna en erlendra.**

**UMHVERFISMÁL** Meira en 20 bændur sem bjóða upp á bændagistingu eru að skoða, í samstarfi við Hey Iceland, sem áður hét Ferðaþjónusta bænda, hvort þeir geti boðið gestum upp á hleðslu fyrir rafbíla.

Uppbygging innviða er sögð forsenda fyrir því að rafbílum fjölgi verulega á landinu. Bílaleigur fluttu á síðasta ári inn um 45 prósent allra bíla. Þeir forsvarsmenn bílaleiga sem Fréttablaðið hefur rætt við segja að langt sé í land með að bílaleigur geti keypt rafbíla í stórum stíl. Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigu Akureyrar/Hölds vakti athygli á því í gær að engin hleðslustöð væri við Keflavíkurflugvöll og að það þyrftu að vera slíkar stöðvar um allt land.

„Við erum enn þá í þessari grunnvinnu en markmið okkar er skýrt. Við viljum taka þátt í því að þetta netið í kringum landið og veita viðskiptavinum okkar, hvort sem það eru Íslendingar eða útlendingar, þá þjónustu að geta boðið upp á að hlaða bílinn sinn,“ segir Berglind Viktorsdóttir, hjá Hey Iceland. Umhverfismál hafi alltaf skipt Hey Iceland máli og því sé þátttaka í uppbyggingu hleðslustöðva eðlilegt skref.

„Við vitum að þetta er langhlaup en á innanlandsmarkaði gerast hlutirnir mjög hratt og það er mjög sjálfsagt að taka þátt í að styrkja innviðina um landið,“ bætir Berglind við. Hún býst við að fyrst í stað verði eftirspurnin eftir þessari þjónustu meiri á meðal innlendra ferðamanna heldur en erlendra.

„Við erum að taka skrefin smám saman og gerum okkur grein fyrir því að innanlandsmarkaðurinn sé kannski nærtækari að svo stöddu,“ segir Berglind. Að sama skapi sé þá verið að búa til reynslu fyrir seinni tíma.




**Nauðsynlegt er að fjölga hleðslustöðvum fyrir rafbíla.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Við viljum taka þátt í því að þetta netið í kringum landið og veita viðskiptavinum okkar, hvort sem það eru Íslendingar eða útlendingar, þá þjónustu að geta boðið upp á að hlaða bílinn sinn.**



Berglind Viktorsdóttir hjá Hey Iceland

Berglind segir að þeir ríflega tuttugu bændur sem hafi lýst sig reiðubúna til að taka þátt í verkefni af þessu tagi séu dreifðir um allt land. „Þegar við sendum fyrsta póstinn á okkar félagsmenn þá fengum við jákvæð viðbrögð og það er greinilegt að það eru aðilar sem eru búnir að vera að hugsa um þetta,“ segir hún. „En við erum í þessum undirbúningsfasa og viljum vinna grunnvinnuna vel. Við viljum koma því á framfæri að þetta verður ekki í boði allstaðar þó að það verði kannski í framtíðinni,“ segir hún.

Auk þess að vera í samstarfi við viðkomandi bændur er undirbúningurinn að verkefninu unninn í samstarfi við Orkusetrið og Bændasamtökin.

jonhakon@frettabladid.is

# Til hamingju Hótel Grímsborgir

Landsbankinn óskar Hótel Grímsborgum til hamingju með stækkun hótelsins, sem fjármögnuð er af Landsbankanum. Hótel Grímsborgir er glæsilegt 76 herbergja hótel. Landsbankinn annaðist endurfjármögnun hótelsins, sem staðsett er í hjarta Grímsness. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

**5.300** fermetrar

**76** hótelherbergi

**11 lúxusíbúðir**

**8 svítur**




Landsbankinn

landsbankinn.is

410 4000

# Halldór gefur ekki kost á sér í leiðtogakjöri Sjálfstæðismanna

**STJÓRNMÁL** Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í Reykjavík, hyggst ekki gefa kost á sér í leiðtogakjöri flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningar á næsta ári. Þetta tilkynnti Halldór í beinni útsendingu í fréttum Stöðvar 2 í gær. Sagði Halldór að hann hafi komist að þessari niðurstöðu fyrir tíu dögum, eftir að hafa endurmetið aðstæður sínar. Fyrir viku sagði Halldór í samtali við Fréttablaðið að hann hygðist sækjast áfram eftir oddvitasætinu, en tók fram að vika væri þó langur tími í pólitík.



Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá eru nokkrir orðaðir við oddvitasætið, þar á meðal tveir aðstoðarmenn ráðherra Sjálfstæðisflokksins, þau Svanhildur Hólm Valsdóttir og Borgar Þór Einarsson.

„Maður veit ekkert hvort þetta er samkvæmisleikur eða hvort það er eitthvað á bak við þetta," segir Halldór í samtali við Fréttablaðið. „Það er alltaf þörf á einhverri endurnýjun. Hvað varðar leiðtogana og oddvitann þá gera Sjálfstæðismenn miklar kröfur. Stundum hef ég á tilfinningunni að þeir séu að bíða eftir því að Davíð Oddsson komi aftur með 60% fylgi. Það var árið 1991 og síðan þá eru margir oddvitar búnir að vera."

Skiptar skoðanir eru meðal Sjálfstæðismanna um ágæti boðaðs leiðtogakjörs í október. Þykir mörgum tillagan ekki vera lýðræðisleg. „Ég held að það sé best að gera þetta eftir áramót. Mér hefur aldrei hugnast það að fámennur hópi stilli upp í sæti. Ég tel að sem flestir eigi að koma að þessu". **– khn**



**Yfirmaðurinn var sendur í leyfi frá störfum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Rannsókn á innherjasvikum miðar ágætlega

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn héraðssaksóknara á meintum innherjasvikum yfirmanns hjá Icelandair er ágætlega á veg komin. Ekki er þó vitað hvenær henni lýkur, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar héraðssaksóknara.

Eins og Fréttablaðið greindi frá um miðjan síðasta mánuð beinist rannsókn héraðssaksóknara að umfangsmiklum viðskiptum með hlutabréf í Icelandair Group sem gerð voru í aðdraganda þess að félagið sendi frá sér afkomutilkynningar til Kauphallarinnar.

**» Héraðssaksóknari hefur kyrrsett tugi milljóna vegna málsins. Peningarnir eru ætlaður hagnaður mannanna.**

Er hópur manna grunaður um að hafa nýtt sér í nokkur skipti innherjaupplýsingar sem þeir fengu frá yfirmanni hjá Icelandair. Yfirmaðurinn var sendur í leyfi frá störfum þegar málið komst upp í lok maí síðastliðins.

Mennirnir gerðu svonefnda framvirka samninga við innlendar fjármálastofnanir, þar á meðal Landsbankann, en ljóst þykir að þær hafi tapað háum fjárhæðum á samningunum.

Héraðssaksóknari hefur kyrrsett tugi milljóna króna vegna málsins, en fjármunirnir eru ætlaður hagnaður mannanna af viðskiptunum. **– kij**

# Kókaínflóð á fíkniefnamarkaði til marks um góðæri á Íslandi

**Haldlagt magn kókaíns það sem af er ári er á við magn síðustu fjögurra ára til samans. Lögreglan segir meira af kókaíni í umferð en oft áður. Efnahagslegur uppgangur í þjóðfélaginu hefur áhrif. Tæplega 21 kíló af kókaíni hefur verið tekið á Keflavíkurflugvelli í ár. Á götunni kostar slíkt magn allt að 370 milljónum króna.**

**LÖGREGLUMÁL** Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hefur lagt hald á næstum jafnmikið magn af kókaíni á fyrstu sjö mánuðum ársins og lögregla og tollgæsla lögðu hald á árin fjögur þar á undan til samans. Ljóst er að eftirspurnin er mikil þar sem smyglarar hafa verið stöðvaðir með hátt í 21 kíló af kókaíni við komuna til landsins á árinu. Kókaín er eitt dýrasta fíkniefnið á markaðnum en algengt er að grammið sé selt á allt að 18 þúsund krónur. Lögregla segir árið í ár hafa verið einsleitt þar sem kókaín sé nánast það eina sem reynt er að smygla og meira sé af því í umferð en oft áður.

Lögreglan á Suðurnesjum greindi frá því á dögunum að á fyrstu sjö mánuðum ársins hefði tollgæslan lagt hald á alls 20,7 kíló af kókaíni af mismunandi styrkleika og formi. Efnin hafa öll fundist við tollleit á erlendum einstaklingum, ýmist í farangri eða innvortis.

Til samanburðar þá lagði lögregla og tollgæsla hald á rúm átta kíló af kókaíni allt árið í fyrra, 9,7 kíló árið 2015 og 1,7 kíló árið 2014. Óhætt er því að tala um verulega sprengingu í þessum efnum það sem af er ári enda stefnir í algjört metár. Ekki hefur verið lagt hald á viðlíka magn af kókaíni og í ár á einu ári í fjórtán ár, miðað við afbrotatölfræði Ríkislögreglustjóra sem Fréttablaðið skoðaði aftur til ársins 2003.

Ef miðað er við algengt söluverð á grammi af kókaíni í dag, sem er á bilinu 16 til 18 þúsund krónur, mætti áætla að götuvirði efnanna sem haldlögð hafa verið það sem af er ári sé á bilinu 330 til 372 milljónir króna.

„Þetta er mun meira af kókaíni en áður og hefur verið einsleitt og sérstakt ár að því leyti. Þetta er nánast bara kókaín," segir Jóhannes Jensson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Hann segir að hver og einn verði að draga sínar ályktanir af því hvort verið sé að framleiða hin efnin í meiri mæli hér eða þau fari eftir öðrum leiðum, en ekkert haldbært liggi fyrir í því.

**20,7 kg**

**Kókaín sem haldlagt hefur verið, bara í Leifsstöð, það sem af er ári.**

Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að þar á bæ hafi menn tekið eftir þessari uggvænlegu þróun.

„Já, ég get staðfest að í okkar störfum verðum við vör við að það er meira af kókaíni í umferð en áður."

Kókaín hefur það orð á sér að vera ákveðið lúxusfíkniefni sökum þess hversu dýrt það er og mætti því segja það ákveðinn góðærismælikvarða.

„Það er þannig að árið 2007, þegar vel gekk hjá okkur efnahagslega, urðum við vör við aukningu í notkun kókaíns," segir Grímur.

Tölurnar virðast staðfesta þessa þróun þó sveiflur hafi verið í haldlögðu magni milli ára. Lagt var hald á töluvert magn ár hvert frá 2006-2008 eins og sjá má á meðfylgjandi töflu. Heldur dró síðan úr magni kókaíns árin eftir það en augljósa uppsveiflu má síðan greina frá árinu 2015. **mikael@frettabladid.is**



### Haldlagt magn kókaíns á Íslandi






SMÁRALIND




GERÐU ALLT KLÁRT FYRIR SKÓLANN Á EINUM STAÐ

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS
OPIÐ TIL 21 Í KVÖLD

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



Hundruða er enn saknað í Freetown. NORDICPHOTOS/AFP

## Hundruða enn saknað í Freetown

**SÍERRA LEÓNE** Að minnsta kosti 600 er enn saknað í Freetown, höfuðborg Síerra Leóne, eftir að aurskriður og flóð riðu yfir stóra hluta borgarinnar fyrr í vikunni. Frá þessu greindi talsmaður forsetaembættis Síerra Leóne í samtali við BBC í gær.

Staðfest hefur verið að nærri 400 létu lífið í hamförunum og hefur Rauði krossinn varað við því að nú þurfi að hafa hraðar hendur, eigi að bjarga einhverjum úr aurnum og húsarústunum.

Í samtali við BBC sagði talsmaður forseta, Abdulai Baraytay, að enn væri verið að finna lík á svæðinu. Hann staðfesti jafnframt að fyrirhugaðri fjöldaútför fórnarlamba hamfaranna hefði verið frestað, en hún átti að fara fram í gær. – þea

## Vilja friðhelgi fyrir forsetafrú

**SIMBABVE** Ríkisstjórn Simbabve hefur beðið yfirvöld í Suður-Afríku um diplómatafriðhelgi fyrir Grace Mugabe, eiginkonu forsetans Roberts Mugabe. Forsetafrúin hefur verið kærð fyrir líkamsárás í Suður-Afríku en tvítug suðurafrísk kona sakar hana um að hafa ráðist á sig með rafmagnskapli.

Búist var við því að Mugabe gæfi sig fram við lögreglu á þriðjudag en það gerði hún ekki.

Ríkisstjórn Simbabve tilkynnti opinberlega um ósk sína í gær en BBC greinir frá því að suðurafrísk yfirvöld vilji að mál Mugabe fari í eðlilegan farveg í suðurafrísku réttarkerfi.

Ríkislögreglustjórinn Lesetja Mothiba kom fyrir suðurafríska þingið í gær. Sagði hann að Mugabe yrði að koma fyrir rétt eins og aðrir. – þea

## Kínverjar og Indverjar kljást

**INDLAND** Til átaka kom á milli indverskra og kínverskra hermanna á landamærum ríkjanna í vestanverðum Himalajafjöllum. Heimildarmaður Reuters innan indverska ríkisstjórnarinnar hélt því fram í gær að kínverskir hermenn hafi reynt að lauma sér inn á indverska svæðið Ladakh með járnstangir og steina og hafi indverskir hermenn lent í stympingum við þá, án þess þó að hleypa af skotum.

Indverjar og Kínverjar hafa lengi deilt um hvernig skuli draga landamærin á svæðinu en það er þó sjaldgæft að til átaka komi, að því er Reuters greinir frá. Hermenn ríkjanna tveggja séu þó um þessar mundir í biðstöðu í Doklam, austar í Himalajafjöllum, vegna deilunnar.

Kínverjar hafa ítrekað beðið Indverja um að yfirgefa Doklam, annars muni kínverski herinn beita valdi. – þea

## Fram í rauðan dauðann




Raila Odinga, stjórnarandstæðingur í Kenýu, tilkynnti í gær að hann myndi kæra úrslit forsetakosninga í landinu sem fóru fram fyrr í ágúst. Laut Odinga þar í lægra haldi fyrir sitjandi forseta, Uhuru Kenyatta. Stuðningsmenn Odinga eru æfir yfir framkvæmd kosninganna og söfnuðust nokkrir þeirra saman til að horfa á ávarp Odinga við þessa verslun í höfuðborginni Naíróbí. Óháðir aðilar segja þó ekkert undarlegt við framkvæmd kosninganna. NORDICPHOTOS/AFP

# Fraktflugið upp um 40% með styrkingu krónunnar og Costco

**Fraktflutningur Icelandair Cargo hefur farið stigvaxandi undanfarin sex ár. Aukningin í júlí nam rúmum fjörutíu prósentum miðað við sama mánuð í fyrra. Framkvæmdastjórinn segir ástæðuna margþætta.**




Breiðþotur Icelandair hafa opnað á nýja markaði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VIÐSKIPTI** Mikil aukning hefur verið á fraktflutningi hjá Icelandair Cargo að undanförnu en aukningin nam rúmum 40 prósentum í júlí samanborið við sama mánuð í fyrra. Ástæðurnar eru aukinn innflutningur, koma Costco og stærri flugvélar.

„Við erum bara svona ofboðslega dugleg,“ segir Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo, og hlær aðspurður um þessa aukningu.

Þegar gamninu sleppir rifjar Gunnar það upp að fyrir níu árum hafi orðið hrun í fraktflugi en síðan hafi verið hægur og stöðugur uppgangur milli ára frá þeim tíma. Í upphafi hafi mátt rekja aukninguna til aukins útflutnings á fiski frá landinu en síðar hafi innflutningur tekið við. Haustið 2016 hafi orðið mikill kippur í þessum málum sem enn stendur yfir.

„Það eru tveir þættir sem orsaka þetta fyrst og fremst. Í fyrsta lagi hefur innflutningur aukist verulega og er meirihlutinn tilkominn sökum þess,“ segir Gunnar. Sterk staða krónunnar þýði að fólk panti í miklum mæli vörur frá útlöndum og það skili sér til þeirra. Aukinn straumur ferðamanna til landsins þýðir ekki aðeins að flugsæti fyllist heldur séu ferðamennirnir einnig neytendur meðan þeir eru á landinu. Þeir hafi því gífurleg áhrif á neyslu innanlands og er félagið í því að flytja inn vörur til að metta þann markað. „Síðan má ekki gleyma komu Costco fyrr á þessu ári. Það þarf að flytja talsvert magn af vörum þangað.“

> Í fyrsta lagi hefur innflutningur aukist verulega og er meirihlutinn tilkominn vegna þess.
>
> Gunnar Már Sigurfinnsson, framkvæmdastjóri Icelandair Cargo



Í öðru lagi megi síðan rekja aukninguna til breytinga í flota Icelandair. Nýjar breiðþotur hafi verið keyptar sem þýðir að hægt er að renna vörum á brettum inn í vélarnar. Eldri og mjórri þoturnar hafi þurft að handhlaða og það takmarkaði þjónustu sem hægt var að bjóða upp á.

„Með nýju þotunum opnast á markaði og möguleika sem við höfðum ekki áður. Þetta þýðir meðal annars að við gerum meira af því að flytja vörur frá Evrópu til Ameríku, eða öfugt, en áður var,“ segir Gunnar.

johannoli@frettabladid.is

# ALLT FYRIR SKÓLANN

FRAMLENGJUM
**25%**
AFSLÁTT
AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM
OG PENNAVESKJUM
GILDIR TIL 20. ÁGÚST







**289kr**

Artline penni 0,4



**269kr**

Teygjumappa pappi




**199kr**

Áherslupenni




**319kr**

Stílabók A4 gorma, 2 teg.




**1.899kr**

Casio vasareiknir



**289kr**

Teygjumappa A4 plast




**186kr**

Merkifánar



**299kr**

Blý 0,5 HB



**199kr**

Skrúfblýantur 0,5 Energize

Gildir til 20. ágúst á meðan birgðir endast. Allt úrval fæst í Smáralind, Skeifunni og Garðabæ minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Kannað hvort fleiri hótel við Mývatn fari í umhverfismat

**Starfsleyfi Fosshótels Mývatns var afturkallað í júlí. Bráðabirgðaleyfi þess rennur út eftir mánuð. Ákvörðunar Skipulagsstofnunar um hvort hótelið þurfi að fara í umhverfismat er beðið. Fleiri hótel á svæðinu gætu einnig þurft umhverfismat. Landvernd hefur ítrekað gert athugasemdir við fjölgun gistirýma á svæðinu.**

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun skoðar nú hvort fleiri hótel á verndarsvæði Mývatns þurfi að fara í umhverfismat. Fosshótel Mývatn starfar nú á grundvelli bráðabirgðaleyfis heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra, sem gildir til 15. september en langtímaleyfi til hótelsins var afturkallað í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Vegna úrskurðarins þarf Skipulagsstofnun að taka nýja ákvörðun um hvort hótelið þurfi að fara í umhverfismat. Þeirrar ákvörðunar er að vænta eftir um það bil mánuð, að sögn Ásdísar Hlakkar Theodórsdóttur forstjóra Skipulagsstofnunar.

Þá er í athugun hjá stofnuninni hvort önnur hótel á verndarsvæðinu skuli einnig fara í umhverfismat en stofnunin aflar nú upplýsinga hjá öðrum hótelum á svæðinu, einkum um fráveitumál.

„Það var ekki gert á sínum tíma, sem helgast líka af því að löggjöfin hefur breyst frá því þau voru byggð,“ segir Ásdís og bætir við: „En hins vegar höfum við fengið fyrirspurnir vegna annarra hótela á verndarsvæðinu og við erum að afla upplýsinga um hvort það krefjist einhverrar skoðunar.“

„Við höfum gert fjölda athugasemda við fjölgun gistirýma á þessu svæði enda er þetta galin þróun,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, formaður Landverndar, og bætir við „þetta gerist ekki af sjálfu sér, heldur með vilja sveitarstjórnar og Umhverfisstofnunar og enginn virðist ætla að grípa hér í taumana.“

Þótt Fosshótel Mývatn hafi aðeins verið opið í sex vikur er saga verkefnisins orðin nokkuð löng. Framkvæmdir við byggingu þess hófust vorið 2016 en voru stöðvaðar að kröfu Umhverfisstofnunar í október sama ár þar sem leyfis stofnunarinnar hafði ekki verið aflað og Skipulagsstofnun hafði ekki tekið ákvörðun um hvort framkvæmdin þyrfti umhverfismat. Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir mánuði síðar og Umhverfisstofnun veitti leyfi fyrir framkvæmdinni í kjölfarið og framkvæmdir fóru aftur á fullt skrið. Hótelið var svo opnað 1. júlí síðastliðinn. Sex dögum eftir opnunina kvað Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála upp úrskurð sem ógilti ákvörðun Skipulagsstofnunar og stofnunin þarf því að taka nýja ákvörðun um hvort hótelið þurfi í umhverfismat.

Aðspurður segir Davíð Torfi Ólafsson, framkvæmdastjóri Íslandshótela, ansi skrítið að reka hótel undir þessum kringumstæðum. „Við fengum upphaflega langtímaleyfi frá heilbrigðisnefndinni sem gilti til 2022 en það var afturkallað þegar úrskurðurinn kom núna í sumar og nú erum við bara á þessu bráðabirgðaleyfi á meðan við bíðum eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar.“ **adalheidur@frettabladid.is**



Fosshótel Mývatn starfar á grundvelli bráðabirgðaleyfis sem rennur út 1. september. MYND/HILDA KRISTJÁNSDÓTTIR

## Þótt hótelið hafi aðeins verið opið í sex vikur er saga þess orðin nokkuð löng:

**27. maí 2016:** Framkvæmdir við byggingu hótels hefjast án leyfis Umhverfisstofnunar.
**4. október 2016:** Skútustaðahreppur stöðvar framkvæmdir að beiðni Umhverfisstofnunar.
**2. nóvember 2016:** Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki þurfi umhverfismat.
**5. nóvember 2016:** Leyfi Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum og starfsemi.
**11. nóvember 2016:** Framkvæmdir hefjast á nýjan leik.
**1. júlí 2017:** Hótelið opnað.
**6. júlí 2017:** Ákvörðun skipulagsstofnunar tekin úr gildi.
**18. júlí 2017:** Langtímastarfsleyfi fellt niður og bráðabrigðastarfsleyfi veitt til 15. september.

> Við höfum fengið fyrirspurnir vegna annarra hótela á verndarsvæðinu og við erum að afla upplýsinga um hvort það krefjist einhverrar skoðunar.



Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar.



Krónan hefur veikst um 4% í ágúst.

## Verðbólguálag hækkar skarpt

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólguálag hefur hækkað skarpt það sem af er ágústmánuði en gengi krónunnar hefur veikst um fjögur prósent frá mánaðamótum. Þannig er verðbólguálag til fjögurra ára nú 2,4 prósent en var aðeins um tvö prósent fyrir nokkrum dögum, að því er fram kemur í nýju skuldabréfayfirliti Capacent.

Sérfræðingar Capacent segja að ekki þurfi fimm háskólagráður í hagfræði til þess að sjá að verðbólgan muni fara vaxandi á næstu mánuðum ef gengi krónunnar styrkist ekki aftur. Bent er á að kaupmenn séu margir hverjir að huga að innkaupum fyrir haustið en gengi krónunnar sé nú um þremur prósentum veikara en það var að meðaltali á fyrstu þremur mánuðum ársins þegar kaupmenn voru að kaupa inn fyrir sumarið.

Þumalputtareglan sé sú að tveir þriðju gengisveikingar krónunnar komi fram í verðlagi á næstu tólf mánuðum. Samkvæmt því ætti verðbólgan að verða um þrjú til fjögur prósent næsta sumar. – **kij**

**2,4%**

**er verðbólguálag til fjögurra ára nú.**

# Teiknimyndagerðarmaður gefur út bók með framleiðendum Rick and Morty

**MENNING** Einar Baldvin Árnason teiknimyndagerðarmaður vinnur nú að útgáfu skáldsögunnar The Crawling King í samstarfi við Starburns Industries, framleiðendur geysivinsælu teiknimyndaþáttanna Rick and Morty.

Útgefendur safna nú fé til að fjármagna prentun The Crawling King á Kickstarter en bókin er öll handskrifuð og handteiknuð. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær hafði tæp milljón króna safnast.

Að sögn Einars Baldvins er hugmyndin að baki bókinni sú að hver einasta síða líkist með því fornleifum frá borginni sjálfri.

„Ég var búinn að vera að hugsa lauslega um að gera teiknimyndaseríu þar sem hver þáttur væri ein hryllingssaga, ótengdar sögur en með svipaða stemningu,“ segir Einar Baldvin. Hann hafði á þeim tíma verið nýbúinn að gera teiknimyndina The Pride of Strathmoor og sýnt þeim hjá Starburns Industries myndina. Það hafi vakið áhuga á frekara samstarfi.

„Við fórum síðan að spjalla um hvernig væri hægt að tengja sögurnar saman. Þetta voru sjónvarpsþáttahandrit á þessu stigi, þrjár sögur sem gerðust allar í nútímanum eða að minnsta kosti í einhvers konar óræðri nútíð. Ég fékk þá hugmynd að endurskrifa þær þannig að þær gerðust allar á sama stað, í gjöreyðilagðri miðaldaborg og þær myndu fjalla um það sem gerðist fyrir og eftir eyðilegginguna og þar af leiðandi fullkomlega tengdar hver annarri.“

Á sama tíma var Starburns Industries að setja saman bókaútgáfudeild innan fyrirtækisins og þótti fullkomið að breyta hugmyndinni í bók. „Bókin er eins og handrita- og bréfasafn, þannig að fólk getur lesið um borgina eins og um eiginlega heimild sé að ræða,“

Einar Baldvin segir þó að í ljósi þess að bókin sé handskrifuð standi ekki til að þýða hana á íslensku, en hún verður gefin út á ensku. „Það er eiginlega ómögulegt, að minnsta kosti án þess að missa vitið algjörlega.“ **thorgnyr@frettabladid.is**




Opna úr bókinni, The Crawling King. MYND/EINAR BALDVIN

> Bókin er eins og handrita- og bréfasafn, þannig að fólk getur lesið um borgina eins og um eiginlega heimild sé að ræða.




**Styrkir til atvinnuleikhópa**
Umsóknarfrestur til **2. október**

Leiklistarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa á árinu 2018. Veittir eru styrkir til einstakra verkefna eða starfssamninga til tveggja ára.

**Umsóknarfrestur er til kl. 16:00 þann 2. október 2017.**
**Umsóknum skal skilað rafrænt á www.rannis.is.**
Einungis er tekið við rafrænum fylgigögnum með umsókn.

Athugið að umsókn um styrki til starfsemi atvinnuleikhópa getur einnig gilt sem umsókn til listamannalauna ef umsækjandi merkir við þar til gerðan reit í umsóknarformi.

Samkvæmt leiklistarlögum nr. 138/1998 skilar leiklistarráð tillögu til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um úthlutun fjár til stuðnings atvinnuleikhópum.

**Nánari upplýsingar:**
atvinnuleikhopar@rannis.is, www.rannis.is
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.
Tengiliður: Ragnhildur Zoëga,
sími: 515 5838.

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# ALLAR SKÓLA TÖSKUR 30% VILDAR AFSLÁTTUR




# EKKI MISSA AF KOSTAKJÖRUM!

## VATNSBRÚSI FYLGIR ÖLLUM SKÓLA INNKAUPUM



# ALLIR STAEDTLER® LITIR 35% VILDAR AFSLÁTTUR




Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gilda til og með 21. ágúst, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# GAMMA með 2,3 milljóna skortstöðu í N1

**VIÐSKIPTI** Fjármálafyrirtækið GAMMA Capital Management er með 263 milljóna króna skortstöðu í olíufélaginu N1, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtækið tilkynnti eftirlitinu um skortstöðuna 10. ágúst síðastliðinn.

Taki fjárfestir skortstöðu í hlutabréfum félags skapast honum hagnaður við verðlækkun viðkomandi bréfa. Með öðrum orðum veðjar fjárfestirinn á að bréfin lækki í verði.

Samkvæmt nýrri reglugerð Evrópusambandsins, sem tók gildi 1. júlí, þarf fjárfestir að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skortstöðu í bréfum félags þegar hún fer yfir 0,2 prósent af útgefnu hlutafé félagsins.

Skortstaða GAMMA í N1 er 0,93 prósent af útgefnu hlutafé olíufélagsins eða sem jafngildir rúmum 263 milljónum króna. Hlutabréf félagsins hafa lækkað um tæp tíu prósent í verði það sem af er ári. Samkeppniseftirlitið fjallar nú um fyrirhuguð kaup félagsins á Festi, sem rekur meðal annars verslanir Krónunnar og ELKO. – kij

**263** milljóna skortstaða Gamma í olíufélaginu N1.

**0,93%** af útgefnu hlutafé N1.


Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1.


# Listamannalaun 2018

Umsóknarfrestur **2. október**

**Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2018 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.**

**Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, mánudaginn 2. október.**

Starfslaun eru veitt úr sex sjóðum, þeir eru:

launasjóður **hönnuða**
launasjóður **myndlistarmanna**
launasjóður **rithöfunda**
launasjóður **sviðslistafólks**
launasjóður **tónlistarflytjenda**
launasjóður **tónskálda**

**Umsóknir skiptast í eftirfarandi flokka:**

- Starfslaun fyrir einn listamann í einn launasjóð eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð.
- Starfslaun fyrir skilgreint samstarf listamanna í einn launasjóð eða fleiri, falli vinnan undir fleiri en einn sjóð.
- Starfslaun fyrir sviðslistahópa. Sviðslistahópaumsókn er felld inn í atvinnuleikhópaumsókn.

Umsókn um starfslaun, lög og reglugerðir eru á vefslóðinni www.listamannalaun.is. Nota þarf íslykil / rafræn skilríki við umsóknina.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu vegna síðustu úthlutunar hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. ákvæði 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

- Ferðastyrkir verða ekki veittir.
- Eingöngu verður tekið við rafrænum fylgigögnum í gegnum umsóknarkerfið.

**Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Zoëga** á skrifstofu Rannís, listamannalaun@rannis.is.

**Stjórn listamannalauna, ágúst 2017**

launasjóður listamanna artists' salary fund

rannís www.rannis.is



Ráðgert er að byggja hjúkrunarheimili og íbúðir fyrir aldraða rétt vestan við Landspítalann í Fossvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Frábiðja sér tugi nýrra íbúða í Fossvogsdalinn

**Vilji stendur til þess að byggja mun fleiri íbúðir fyrir aldraða í Fossvogsdal en áður hafði verið áformað. Íbúar eru óhressir með tillöguna. Fjölskylda í hverfinu telur slysahættu geta orðið mikla. Annar íbúi óttast mikinn bílastæðavanda.**

„Við getum ómögulega séð að það geti gengið upp að troða öllum þessum íbúðum á þennan litla blett. Vegurinn annar varla bílaumferðinni við núverandi ástand, við getum ekki séð hvernig í ósköpunum hann ætti að anna umferð eftir breytingar og teljum slysahættu verða óboðlega mikla,“ segir í athugasemd fjölskyldu sem býr að Skógarvegi 14 um tillögu að breyttu deiliskipulagi á götunni.

Tillaga um breytingar á deiliskipulagi að Sléttuvegi 25-27 og Skógarvegi 4-10 í Fossvogsdal liggur fyrir skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar. Samkvæmt núgildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að þar rísi á næstunni hjúkrunarheimili, auk leiguíbúða og þjónustumiðstöðvar fyrir aldraða. Reykjavíkurborg hefur samið við Hrafnistu um rekstur heimilisins sem einnig vill reka þar leiguíbúðirnar og þjónustumiðstöðina.

> Með svona heimilum fylgja rosalega margir bílar sem er bara ekki hægt.
>
> Kjartan Freyr Kjartansson, formaður húsfélagsins við Skógarveg 12-14

Breytt tillaga að deiliskipulagi felur í sér að heildarfjöldi íbúðaeininga verði allt að 289 í stað 212 íbúða sem ákveðið hafði verið í fyrra deiliskipulagi. Þar af verði 99 rými í hjúkrunarheimilinu. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að hver íbúð verður minni en áður var ráðgert. Þá er gert ráð fyrir því að fyrirhuguð þjónustumiðstöð verði 1.900 fermetrar en ekki 5.000 eins og ráðgert var í fyrra deiliskipulagi.

Þessar breytingar sætta íbúar á Sléttuvegi og Skógarvegi sig ekki við og áður en frestur til að skila athugasemd rann upp höfðu fjórtán einstaklingar, eða fjölskyldur, gert alvarlegar athugasemdir.

„Með svona heimilum fylgja rosalega margir bílar sem er bara ekki hægt. Auðvitað er gott að fá gamla fólkið og það er bara fínt. En það er leiðinlegt að það þurfi að auka byggingamagn svona svakalega mikið,“ segir Kjartan Freyr Kjartansson, sem er formaður húsfélagsins við Skógarveg 12-14. Hann segir alla íbúa í húsinu vera sammála um að breytingin sé eitthvað sem ekki sé hægt að sætta sig við.

Kjartan Freyr segir við Fréttablaðið að nú þegar vanti heilmörg bílastæði á svæðið og ástandið verði hálfu verra ef byggt yrði samkvæmt nýju tillögunni að deiliskipulaginu.
jonhakon@frettabladid.is

## Lárus Blöndal formaður Bankasýslu ríkisins

**STJÓRNSÝSLA** Benedikt Jóhannsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur skipað nýja stjórn Bankasýslu ríkisins. Í stjórninni sitja Lárus L. Blöndal hæstaréttarlögmaður sem verður formaður, Margrét Kristmannsdóttir framkvæmdastjóri er varaformaður og Almar Guðmundsson hagfræðingur. Varamaður er Egill Tryggvason viðskiptafræðingur. Stjórnin er skipuð til tveggja ára.


Lárus L. Blöndal, stjórnarformaður Bankasýslu ríkisins.

Kveðið er á um helstu verkefni og markmið stofnunarinnar í lögum um Bankasýslu ríkisins auk þess sem gert er ráð fyrir að starfsemi stofnunarinnar mótist af eigandastefnu ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Stjórnin er skipuð til tveggja ára. – bb

# Lægra verð. Hvenær sem er.

## Orkan X er á átta stöðum á landinu.

| Staðir | Bensínverð | Diesel-verð |
|---|---|---|
| Eiðistorg | 178,60 kr. | 168,80 kr. |
| Skemmuvegur | 178,60 kr. | 168,80 kr. |
| Spöngin | 178,60 kr. | 168,80 kr. |
| Miklabraut, suður | 178,60 kr. | 168,80 kr. |
| Akranes | 178,60 kr. | 168,80 kr. |
| Egilsstaðir | 178,60 kr. | 168,80 kr. |
| Hveragerði | 178,60 kr. | 168,80 kr. |
| Akureyri | 178,60 kr. | 168,80 kr. |

Þú þarft ekki að leita langt yfir skammt til að finna lægra verð á eldsneyti.
**OrkanX** er opin allan sólarhringinn og þar færðu eitt lágt verð á dælu.
Þú getur auðvitað greitt með Orkulykli og –korti, eða þínu greiðslukorti.
Engar áhyggjur, við þurfum ekki að sjá skilríki. Við þekkjum okkar fólk.

**Einfaldar stöðvar** **Lyklar og kort** **Enginn afsláttur** **Eitt lágt verð, fyrir alla**

ORKAN

*Samkvæmt gsmbensin.is 16. ágúst 2017.

# Lítið sem ekkert gert til að græða sárin

**Gjáin á milli Bandaríkjaforseta og samflokksmanna hans heldur áfram að breikka. Repúblikanar reiðast forsetanum fyrir að segja að öfgaþjóðernissinnar beri ekki fulla ábyrgð á óeirðunum í Charlottesville. Forsetinn og þingmenn hafa lengi eldað grátt silfur saman.**

**BANDARÍKIN** Háttsettir Repúblikanar í Bandaríkjunum brugðust foxillir við því í gær að Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, ítrekaði á þriðjudag að jafnt öfgaþjóðernissinnar og þeir sem mótmæltu þeim bæru ábyrgð á ofbeldinu í Charlottesville í Virginíu í lok síðustu viku. Sagði Paul Ryan, forseti fulltrúadeildarinnar, deginum ljósara að öfgaþjóðernishyggja væri siðferðislega röng og óboðleg.

„Herra forseti, þú getur ekki leyft öfgaþjóðernissinnum að eiga bara hluta af sökinni. Þeir styðja hugmyndafræði sem hefur kostað þjóðina og heiminn afar miklar þjáningar,“ sagði Marco Rubio, öldungadeildarþingmaður Repúblikana, í gær.

John McCain öldungadeildarþingmaður tók í sama streng. „Það er ekki hægt að setja rasista og Bandaríkjamenn sem standa gegn hatri á sama stall,“ tísti McCain í gær.

Trump sagði á þriðjudaginn að öfgamennirnir, oft kallaðir „alt-right“ eða hitt hægrið, bæru jafn mikla ábyrgð og þeir sem Trump vildi kalla hitt vinstrið. Á mánudag hafði Trump hins vegar sagt með beinum hætti að boðskapur hins hægrisins væri ekki í takt við bandarísk gildi, kynþáttahatur væri af hinu illa.

Átökin brutust út eftir að hitt hægrið ákvað að mótmæla því að stytta af hershöfðingja Suðurríkjanna frá því í þrælastríðinu, Robert E. Lee, yrði tekin niður. Fjölmargir reiddust mótmælendum hins hægrisins sem gengu um götur Charlottesville og heilsuðu margir hverjir að nasistasið. Trump sagði hins vegar á þriðjudag að það væri allt eins hægt að taka niður styttur af forsetum á borð við Thomas Jefferson, sem hefði átt þræla.



**Donald Trump og Paul Ryan eru ekki alltaf sáttir hvor við annan.** NORDICPHOTOS/AFP

Urðu ummæli forsetans ekki til þess að brúa þá gjá sem hefur myndast á milli forsetans og rótgróinna flokksmanna. Gjá sem tók að myndast í raun um leið og Donald Trump tilkynnti um forsetaframboð sitt í fyrra og sagði mexíkóska ríkið senda nauðgara, morðingja og aðra glæpamenn til Bandaríkjanna. Í kjölfarið reiddust Repúblikanar mjög þegar hann sagði að McCain, sem var tekinn til fanga í Víetnamstríðinu, væri engin stríðshetja. Sem og þegar Trump hótaði því að tala illa um eiginkonu mótframbjóðanda síns og öldungadeildarþingmannsins Teds Cruz, þegar upptöku af Trump að tala um að grípa í klof kvenna var lekið, þegar hann rak alríkislögreglustjórann James Comey, þegar hann tilkynnti fyrst um að banna skyldi komu allra múslima til Bandaríkjanna. Þessi listi er þó ekki tæmandi.

> **Herra forseti, þú getur ekki leyft öfgaþjóðernissinnum að eiga bara hluta af sökinni. Þeir styðja hugmyndafræði sem hefur kostað þjóðina og heiminn afar miklar þjáningar.**
>
> 
>
> Marco Rubio, öldungadeildarþingmaður

En Repúblikanar hafa ekki bara reiðst Trump, forsetinn hefur sjálfur verið harðorður um báða þingflokka Repúblikana. Hefur hann meðal annars gagnrýnt þá harðlega fyrir að samþykkja ekki ný sjúkratryggingalög.

Ósætti háttsettra Repúblikana og forsetans er því ekki nýtt af nálinni og virðist lítið hafa verið gert til að græða sárin á samskiptum Trumps og þingmanna.

thorgnyr@frettabladid.is







**Guerlain kynning í Hagkaup Smáralind 17.–23. ágúst**

Við kynnum nýjan varalit frá Guerlain, Kiss Kiss Matte –heldur vörunum möttum og mjúkum allan daginn.
Ást við fyrsta KOSS. Guerlain sérfræðingur verður á staðnum og veitir persónulega ráðgjöf.

**20% afsláttur af öllum Guerlain vörum.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Skyrið okkar fær nýtt nafn
17g PRÓTEIN
ísey SKYR
FITU LAUST
PRÓTEIN RÍKT
Bláber
Frá móður til dóttur – og okkar allra
Til að heiðra þær íslensku konur sem miðluðu uppskrift og þekkingu á skyrgerð til dætra sinna í gegnum aldirnar, heitir skyrið okkar nú Ísey skyr.
#iseyskyr



# Ástand heimsins











**1.** Hin árlega vatnshátíð í héraðinu Galisíu á Spáni var haldin í gær. Þúsundir söfnuðust þar saman og tóku þátt í stærsta vatnsslag ársins í bænum Vilagarcia de Arousa.

**2.** Rodrigo Duterte, forseti Filippseyja, hitti í gær um 250 manns sem nú eru heimilislausir eftir að eldur braust út í íbúðahverfinu San Miguel í höfuðborginni Maníla.

**3.** Hitabylgja gengur nú yfir Pólland og er gert ráð fyrir að þar mælist áfram um 30 stig næstu daga. Margir nutu blíðunnar við Tarnobrzeski vatn í suðausturhluta landsins í gær.

**4.** Lögreglumenn í Róm á Ítalíu fundu líkamshluta konu í tveimur ruslagámum í borginni. Fundust þeir vafðir inn í plastpoka, í tveimur hverfum borgarinnar og liggur bróðir konunnar undir grun.

**5.** Námuverkamenn gengu vopnaðir um götur Rustenburg í Suður-Afríku í gær. Minntust þeir þess að fimm ár eru liðin síðan 34 úr þeirra starfsstétt létust, og 70 slösuðust, í átökum við lögreglu.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA


SUMARSALAN
endar á laugardaginn
20-25% AFSLÁTTUR AF VIÐARVÖRN OG MÁLNINGU
20% AFSLÁTTUR
Bostik medium LH spartl 10 lítrar
2.952
Áður kr. 3.690
20% AFSLÁTTUR
Deka Projekt 05 innimálning, 10 lítrar (stofn A)
4.712 Áður kr. 5.890
20% AFSLÁTTUR
Þakmálning 10 lítrar (Rauð/Svört)
7.192 Áður kr. 8.990
20% AFSLÁTTUR
Alva Veggjamálning , 9 lítrar (stofn A)
6.392 Áður kr. 7.990
30% AFSLÁTTUR
Bio Kleen pallahreinsir 5 lítrar
2.093 Áður kr. 2.990
1 líter kr. 627 Áður kr. 895
20% AFSLÁTTUR
Landora tréolía Col-51903 3 l.
1.584 Áður kr. 1.980
20% AFSLÁTTUR
ODEN EÐAL OLÍA á palla. Hágæða Silikonalkyd efni. 3 l.
2.944 Áður kr. 3.680
25% AFSLÁTTUR
DEKAPRO útimálning, A stofn 10 L
5.618 Áður kr. 7.490
20% AFSLÁTTUR
Landora London Veggmálning, 9L.
4.712 Áður kr. 5.890
Bostik málarakýtti
272
Áður kr. 340
20% AFSLÁTTUR
Bakki, 25 cm rúlla, grind og pensill - Sett
1.118 Áður kr. 1.490
25% AFSLÁTTUR
20% AFSLÁTTUR
Oden þekjandi viðarvörn 2,8 l, A stofn
3.912 Áður kr. 4.890
Furukrossviður (122x244cm)
9mm, Verð áður 3.190 kr. verð 2.552
15mm, verð áður 4.690 kr. verð 3.987
18mm, verð áður 5.480 kr. 4.658
20% AFSLÁTTUR
Áltrappa 3 þrep
3.192
Áður kr. 3.990
4 þrep 3.952 áður 4.940
5 þrep 5.112 áður 6.390
6 þrep 5.592 áður 6.990
7 þrep 6.392 áður 7.990
Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM
Lutool Combo Kit allt settið aðeins
10.493
Áður kr. 14.990
30% AFSLÁTTUR
Skrúfvél 12V
Stingsög - Sverðsög 12V
Fjölnotatæki 300W
25% AFSLÁTTUR
Asaki Höggborvél 800w
8.985
Áður kr. 11.980
25% AFSLÁTTUR
Asaki Hitabyssa 2000w
4.418
Áður kr. 5.890
25% AFSLÁTTUR
Lutool fjölnota...
5.243
Áður kr. 6.990
25% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
LFD 90AL70x33x100 cm
7.493
Áður kr. 9.990
25% AFSLÁTTUR
Asaki Slípirokkur 125mm, 850w
5.235
Áður kr. 6.980
25% AFSLÁTTUR
Drive-HM-140 1600W - 14cm hræripinni - 2 hraðar
14.944
Áður kr. 22.990
25% AFSLÁTTUR
LuTool fjölnota sög 600W fyrir málm, við, flísar og steypu, 3 blöð fylgja
10.493
Áður kr. 13.990
25% AFSLÁTTUR
LuTool gráðukúttsög 255mm blað
18.823
Áður kr. 26.890
30% AFSLÁTTUR
Sög á mynd m. 305mm blaði
Sög með 305mm blaði
26.918 Áður 35.890
LLA-211 PRO álstigi/trappa 2x11 þrep
12.743
Áður kr. 16.990
LLA-110 Álstigi 10 þrep
4.680
Áður kr. 6.240
8 þrepa 4.568 Áður kr. 6.090
12 þrepa 5.543 Áður kr. 7.390
35% AFSLÁTTUR
25% AFSLÁTTUR
Lutool 24V Li-Ion Rafhlöðuborvél
8.704
Áður kr. 10.880
LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m
15.192
Áður kr. 18.990
20% AFSLÁTTUR
Drive160 L steypurhrærivél
29.918
Áður kr. 39.890
20% AFSLÁTTUR
Lutool borð undir kúttsög
13.923
Áður kr. 19.980
30% AFSLÁTTUR
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Gildistími tilboða er til 19/8/2017 á meðan birgðir endast.
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!














# Iceland Travel stefnir á markað á næstu árum

**Stefnt er að því að skrá sameinað félag Iceland Travel og Gray Line á hlutabréfamarkað á næstu árum. Lítið hefur verið um nýskráningar á markaðinn undanfarin ár. Aðeins eitt félag, Skeljungur, var skráð í Kauphöllina í fyrra og einungis ein skráning er fyrirhuguð á þessu ári.**



Fyrirtæki sem þjónusta ferðamenn leita nú leiða til að sameinast og hagræða til þess að mæta sterkari krónu og aukinni samkeppni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Til stendur að skrá sameinað félag Iceland Travel og Gray Line á hlutabréfamarkað á næstu árum, að sögn Þóris Garðarssonar, eins eigenda Gray Line. Hann segir jákvætt ef Íslendingar og hérlendir fagfjárfestar fá tækifæri til þess að fjárfesta í ferðaþjónustufyrirtæki. Dreifðara eignarhald í ferðaþjónustu sé til bóta.

Tilkynnt var um sameiningu félaganna tveggja í síðustu viku. Iceland Travel er ferðaskrifstofa í eigu Icelandair Group, en starfsemi hins félagsins, Allrahanda GL, sem er leyfishafi Gray Line Worldwide á Íslandi, felst einkum í skipulögðum dagsferðum og afþreyingu fyrir ferðamenn. Viðskiptin eru háð ýmsum fyrirvörum, svo sem samþykki Samkeppniseftirlitsins og niðurstöðu áreiðanleikakönnunar.

Samanlögð velta félaganna tveggja var um fimmtán milljarðar króna í fyrra og er búist við að hún verði um átján milljarðar í ár. Þórir segir félagið þurfa að ná um tuttugu milljarða veltu til þess að eiga erindi á hlutabréfamarkað. „Markmiðið er að félagið fari á markað fyrir lok árs 2021,“ segir hann í samtali við blaðið.

Lítið hefur verið um nýskráningar á aðalmarkað Kauphallar Íslands undanfarin tvö ár. Í fyrra var einungis eitt nýtt félag skráð, Skeljungur, og árið 2015 voru þrjú félög skráð, en það voru fasteignafélögin Reitir og Eik og fjarskiptafélagið Síminn. Útlit er fyrir að eitt félag komi inn á hlutabréfamarkaðinn í ár, leigufélagið Heimavellir, en skráning félagsins er fyrirhuguð á síðasta fjórðungi ársins. Þá er stefnt að skráningu Almenna leigufélagsins innan fáeinna ára.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, sagði í samtali við Viðskiptablaðið fyrr í sumar að auk Heimavalla væru þrjú félög að skoða skráningu á markað.

Aðeins eitt ferðaþjónustufyrirtæki, Icelandair Group, er skráð í Kauphöllina en þó ber að hafa í huga að mörg Kauphallarfélög, til dæmis Hagar, N1, Skeljungur, þjónusta ferðamenn með einum eða öðrum hætti.

> **Ferðaþjónusta er landamæralaus viðskipti og það er ekkert náttúrulögmál að ferðamenn velji Ísland fram yfir aðra áfangastaði.**
>
> Þórir Garðarsson, einn eigenda Gray Line á Íslandi



> **18**
>
> **milljarðar er velta sameinaðs félags Iceland Travel og Gray Line.**

Þórir segir samkeppnina mikla á markaðinum. „Fyrirtæki eru alltaf að stækka og það er orðið algengara að erlend fyrirtæki komi hingað til lands. Ferðaþjónusta er landamæralaus viðskipti og það er ekkert náttúrulögmál að ferðamenn velji Ísland fram yfir aðra áfangastaði,“ segir hann. Sameinað félag sé betur í stakk búið til þess að takast á við harðnandi alþjóðlega samkeppni og markaðssetja Ísland á erlendum mörkuðum.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir að í ljósi mikillar samkeppni sé afar mikilvægt að rekstrareiningar séu hagkvæmar og að ferðaþjónustufyrirtæki leiti allra leiða til að straumlínulaga rekstur sinn. Greinendur hafa tekið undir þetta og lagt áherslu á mikilvægi þess að fyrirtækin búi til stærri og hagkvæmari rekstrareiningar til þess að bæta megi arðsemi íslenskrar ferðaþjónustu.

Þórir segir ferðaþjónustufyrirtæki hér á landi fremur lítil. Það vanti stærri fyrirtæki sem hafi hag af því að laða ferðamenn til landsins. Líklegt sé að önnur fyrirtæki á markaðinum horfi á næstu árum í meira mæli til sameiningar.

kristinningi@frettabladid.is

# Gylfi og Gunnar högnuðust um milljarð

Byggingafélag Gylfa og Gunnars (BYGG) hagnaðist um 1.028 milljónir króna í fyrra samkvæmt ársreikningi félagsins. Hagnaðurinn jókst um 255 milljónir króna eða 33 prósent á milli ára. Sé litið til síðustu fjögurra ára hefur hagnaðurinn næstum nífaldast.

Rekstrartekjur félagsins jukust um 35 prósent á milli ára og námu 10,7 milljörðum króna í fyrra. Á móti námu rekstrargjöld 8,8 milljörðum og jukust um 2,8 milljarða á milli ára.

Eignir BYGG námu 14,4 milljörðum króna í lok síðasta árs. Þar af voru fasteignir félagsins metnar á tæpa 4,8 milljarða króna í bókum þess en virði þeirra var fært niður um 132 milljónir á milli ára. Eigið fé BYGG nam 3,0 milljörðum króna í lok síðasta árs og var eiginfjárhlutfallið því 16,7 prósent borið saman við 13,6 prósent í lok árs 2015. Þeir Gunnar Þorláksson og Gylfi Ómar Héðinsson eiga hvor um sig helmingshlut í félaginu.



Byggingafélag Gylfa og Gunnars hefur reist mörg hundruð íbúðir í Lundi í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meðalfjöldi starfsmanna BYGG var 195 í fyrra en stöðugildi í lok árs voru 200. Alls námu laun og launatengd gjöld 1,9 milljörðum króna í fyrra og hækkuðu þau um 360 milljónir á milli ára. Fram kemur í ársreikningnum að laun forstjóra og helstu stjórnenda félagsins hafi samtals numið 186,9 milljónum króna í fyrra. – kij


ÚTSALAN
Í FULLUM GANGI
20-50%
AFSLÁTTUR
af öllum fatnaði í eftirtöldum verslunum
LAUGAVEGUR 91 REYKJAVÍK
FÁKAFEN 9 REYKJAVÍK
MIÐHRAUN 4 GARÐABÆ
HAFNARSTRÆTI 106 AKUREYRI
...og í verslun okkar
í Vestmannaeyjum
VIKTOR
Softshell jakki
Rétt verð
~~kr. 9.500~~
40%
kr. 5.700.-
BLANDA
Flíspeysa/barna
Rétt verð
~~kr. 5.990~~
50%
kr. 2.995.-
50%
kr. 12.450.-
NAOMI
3ja laga jakki
Rétt verð
~~kr. 24.900~~
ARNAR
Parkaúlpa
Rétt verð
~~kr. 28.900~~
25%
kr. 21.675.-
Útsalan stendur til
3. september
ICEWEAR ICELAND
www.icewear.is




IDdesign

**25%** AFSLÁTTUR

## KAMMA

Þriggja sæta sófi og stóll með viðarfótum. Dökkgrátt áklæði.
Sófi: 201 x 84 x 105 cm
Stóll: 91 x 84 x 105 cm

Sófi
**104.993 kr.** ~~139.990 kr.~~

Stóll
**67.493 kr.** ~~89.990 kr.~~

IDdesign



**38%** AFSLÁTTUR

## SPAN

Vandaður hægindastóll með svörtu eða grænu leðri. Viðarlit eða svört grind og lappir.

**99.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

## ELLY

Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt, dökkblátt eða Bordeaux-rautt sléttflauel.
Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**40%** AFSLÁTTUR



**53.994 kr.** ~~89.990 kr.~~



**40%** AFSLÁTTUR

## MINEOLA

Tveggja og þriggja sæta sófar. Gráblátt slitsterkt áklæði.

2ja sæta: 165 x 88 x 84 cm
**59.994 kr.** ~~99.990 kr.~~

3ja sæta: 195 x 88 x 84 cm
**65.994 kr.** ~~109.990 kr.~~

skovby



**25%** AFSLÁTTUR

## NAJA

Borðstofuborð. Olíuborin eik, hvíttuð eða óhvíttuð.
Stærð: 109 x 190 x 74 cm
Stækkanlegt í 290 cm með stækkunum sem fylgja.
Viðbótarstækkanir upp í 390 cm seldar sér.

**172.493 kr.** ~~229.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

## CASTELLO

Borðstofuborð. Ómeðhöndluð eik. 100 x 240 cm.

**89.995 kr.** ~~179.990 kr.~~





*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

LA-Z-BOY | Live life comfortably.



## STANLEY
La-Z-Boy hægindastóll úr svörtu, dökkbrúnu eða vínrauðu leðri.
Stærð: 81 × 94 × 103 cm

**109.990 kr.** ~~159.990 kr.~~

**30% AFSLÁTTUR**

# HELGAR SPRENGJA

LA-Z-BOY | Live life comfortably.

**30% AFSLÁTTUR**



## VAIL
La-Z-Boy hægindastóll úr dökkgráu áklæði.
Stærð: 81 × 92 × 103 cm

**48.993 kr.** ~~69.990 kr.~~



**60% AFSLÁTTUR**

## OMAHA
Borðstofustóll.
Turkisblátt eða grátt áklæði.

**6.396 kr.** ~~15.990 kr.~~



**50% AFSLÁTTUR**

## JOLENE
Borðstofustóll.
Svart PU-leður og krómfætur.

**6.990 kr.** ~~13.990 kr.~~



**25% AFSLÁTTUR**

## ALEXA
Ekta leður, svart eða hvítt. Fætur úr burstuðu stáli.

**22.493 kr.** ~~29.990 kr.~~

skovby



**25% AFSLÁTTUR**

## DENVER
Borðstofustóll, svart leður og olíuborin eik, hvíttuð eða óhvíttuð.

**49.990 kr.** ~~66.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Varla flókið



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Björt Ólafsdóttir umhverfisráðherra hefur gefið út þá stefnu stjórnvalda að Ísland skuli að fullu rafbílavætt árið 2030. Bensín- og dísilbílar skuli vera með öllu horfnir af götunum fyrir þann tíma.

Nauðsyn krefur að þessar tegundir bíla verði teknar úr umferð fyrr en seinna. Þeir menga og skemma umhverfið og í staðinn eru komnir raunhæfir kostir sem fólk virðist kunna að meta. Rafbílar verða sífellt fullkomnari og algengari sjón á götunum.

Einhverja hefur rekið í rogastans við þessar yfirlýsingar umhverfisráðherrans. Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda, benti á að hún marki með orðum sínum stefnu sem gangi lengra en nágrannaþjóðir okkar hafa gert. Það er rétt. Benda má á að Bretar hafa lýst því yfir að þeir hyggist banna dísil- og bensínbíla fyrir árið 2040. Björt vill að við Íslendingar verðum áratug á undan grönnum okkar á Bretlandseyjum í þessum efnum.

Framkvæmdastjóri FÍB gagnrýnir Björtu sömuleiðis og bendir á að það sé hlutverk stjórnvalda að marka stefnu og útfæra rafbílavæðinguna. Ekki dugi að slá um sig með digurbarkalegum yfirlýsingum.

Rétt er hjá framkvæmdastjóranum að hugmyndirnar eru ekki fullmótaðar og til að þær geti orðið að veruleika þarf að láta hendur standa fram úr ermum. Í viðtali við forstjóra Bílaleigu Akureyrar í Fréttablaðinu í gær kom fram að einungis um 20 bílar í tæplega 5 þúsund bíla flota væru rafbílar. Ástæðan væri sú að rafbílar drægju enn sem komið er einungis milli 200 til 300 kílómetra í einu, sem ekki dygði við núverandi aðstæður. Talsvert vantaði á að hleðslustöðvar væru aðgengilegar eins og þörf krefur, ekki einu sinni við sjálfan hringveginn. Því væri ljóst að bæta þyrfti innviðina talsvert ef rafbílar ættu að ryðja sér til rúms fyrir alvöru, og verða raunhæfur kostur fyrir okkur sjálf og ferðamenn sem hingað rata.

En hvers vegna eiga Íslendingar ekki að setja sér háleit markmið í þessum efnum?

Við erum að mörgu leyti í kjörstöðu. Nóg er af rafmagninu og hér er einfalt vegakerfi sem nánast einskorðast við hringveginn. Landið er strjálbýlt – í raun að mestu óbyggt – og hefur getið sér orð fyrir að vera hrein og tær náttúruparadís. Ef Bretar, með sínar ríflega 60 milljónir, geta komið upp þeim búnaði og innviðum sem þarf á rúmum tuttugu árum, þá hljótum við hérna í fámenninu að geta það á talsvert skemmri tíma.

Yfirlýsingar ráðherrans eiga að skoðast í því ljósi. Þær bera vott um framtíðarsýn sem rímar við orðsporið sem af landinu fer og við viljum viðhalda. Aðstæður hér á landi eru með þeim hætti að við ættum að geta brugðist hraðar við en nágrannar okkar.

Orð eru til alls fyrst. Björt sýnir pólitískt hugrekki í málinu. Nú er það hennar að standa við stóru orðin, afla hugmyndum sínum fylgis hjá þjóðinni, bretta upp ermar og láta hjólin fara að snúast af alvöru. Það er ekki eftir neinu að bíða.

Rafbílavætt Ísland árið 2030. Hví ekki?

**Ef Bretar, með sínar ríflega 60 milljónir, geta komið upp þeim búnaði og innviðum sem þarf á rúmum tuttugu árum, þá hljótum við hérna í fámenninu að geta það á talsvert skemmri tíma.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Hlaupist undan ábyrgð**

Sú ákvörðun að fjarlægja málverk af sjómanni á vegg Sjávarútvegshússins hefur vakið hneykslan og jafnvel reiði manna. Samkvæmt tölvupóstsamskiptum sem fréttastofa RÚV vísar til hefur Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi ráðherra og íbúi við Vatnsstíg, sótt það fast við borgaryfirvöld að verkið yrði fjarlægt. Hjörleifur sagði við Vísi í gær að hann væri enginn aðili máls. Hann sagði þó að skipulagslög hefðu verið brotin og gerði að öðru leyti lítið úr málinu. Þegar ummæli Hjörleifs eru sett í samhengi við þá tölvupósta sem RÚV fjallaði um er ekki annað að sjá en að ráðherrann fyrrverandi sé að hlaupast undan ábyrgð sinni á málinu. Og vonandi hefur hann ekki hlaupist eins auðveldlega undan ábyrgð sinni þegar hann gegndi trúnaðarstörfum fyrir land og þjóð.

**Fokið í flest skjól**

Eins og lesa má í frétt Fréttablaðsins í dag hefur Ferðaþjónusta bænda nú skipt um nafn og heitir nú Hey Iceland. Það er rétt að óska markaðsmönnum sem stóðu að nafnbreytingunni innilega til hamingju enda er nafnið skemmtilega tvírætt. Unnendur íslensks máls mega hins vegar aldeilis heyja harðari baráttu enda er fokið í flest skjól þegar bændur virðast vera farnir að gefast upp á íslenskunni.

jonhakon@frettabladid.is

# Láta reka á reiðanum



Lilja Dögg Alfreðsdóttir
alþingismaður

Fréttir berast af því að vogunarsjóðirnir sem keyptu tæplega 30 prósenta hlut í Arion banka í vor muni ekki nýta sér forkaupsrétt sinn og eignast meirihluta í bankanum. Þetta eru stórtíðindi ef rétt reynist og jákvæð þróun en áfram ríkir þó óvissa um framhaldið. Fjármálaráðherra þjóðarinnar fagnaði innkomu vogunarsjóðanna á sínum tíma en ljóst er að það var enn eitt illa ígrundað frumhlaupið. Aðstæður á Íslandi eru einstakar, þar sem eignarhald Ríkissjóðs Íslands á fjármálafyrirtækjum er með því umfangsmesta meðal ríkja í Evrópu og mikið eigið fé er bundið í bönkunum eða um 500 milljarðar króna. Tímann sem nú fer í hönd verður að nýta vel til að móta framtíðarstefnu. Fjármálakerfi hverrar þjóðar skiptir miklu máli, þar sem það miðlar fjármagni á milli aðila og er mikið hreyfiafl vegna þessa. Fjármálakerfið þarf að vera hagkvæmt og þjóna landsmönnum öllum. Eignarhald verður að vera gagnsætt til að það skapist traust. Miklu máli skiptir að eigendur hafi góða bankareynslu og séu traustir fjárhagslegir bakhjarlar.

Heildarstefnumótun verður að eiga sér stað og þingið þarf að koma að þessari vinnu. Meta á hversu stór eignarhlutur ríkissjóðs á að vera til skemmri og lengri tíma litið. Skoða þarf gaumgæfilega hvaða form eignarhalds hentar best hagsmunum hagkerfisins. Einnig þarf að kanna fýsileika erlends eignarhalds og líta sérstaklega til Norðurlandanna. Að auki verða stjórnvöld að hafa það hugfast að miklar tæknibreytingar eru að eiga sér stað í fjármálaþjónustu. Ef stjórnvöld halda áfram að vera í fríi frá þessari vinnu, þá getur slíkt kæruleysi rýrt verðgildi eignarhlutar ríkisins. Staða ríkisstjórnarinnar er veik í dag, þar sem engin heildarstefnumótun á sér stað. Alls staðar þar sem stjórnleysi ríkir myndast tómarúm sem verður á endanum fyllt og þá ekki endilega með hagsmuni almennings að leiðarljósi. Ástæðan fyrir öllu þessu stefnuleysi er einföld. Skortur á framtíðarsýn og kjarki til að taka ákvarðanir. Þær fréttir að vogunarsjóðir ætli ekki að nýta forkaupsréttinn ættu vonandi að vekja ráðamenn þjóðarinnar af þyrnirósarsvefni.

**Ástæðan fyrir öllu þessu stefnuleysi er einföld. Skortur á framtíðarsýn og kjarki til að taka ákvarðanir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kjartan Hreinn Njálsson kjaranh@frettabladid.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Rússahatur? Nei, öðru nær

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Enn hallar í ýmsum greinum á Rússa í samanburði við Bandaríkin röskum aldarfjórðungi eftir fall Sovétríkjanna. Meðalævi Bandaríkjamanna hefur lengzt um níu ár frá 1960, úr 70 árum í 79. Meðalævi Rússa hefur á sama tíma lengzt um fimm ár, úr 66 árum í 71. Rússar standa nú í heilsufarslegu tilliti þar sem Kaninn stóð 1960 og hafa Bandaríkin þó dregizt aftur úr Vestur-Evrópu að þessu og ýmsu öðru leyti undangengna áratugi.

**Glæst menning, einhæft efnahagslíf**

Sannlega eiga Rússar glæsta sögu, bókmenntir og listir, og þeir áttu mikinn og örlagaríkan þátt í að brjóta stríðsvél nasista á bak aftur í heimsstyrjöldinni síðari. Það er lofsvert. En efnahagslíf Rússlands er einhæft. Rússar framleiða næstum ekkert sem aðrar þjóðir fýsir að kaupa nema olíu og önnur hráefni, vodka og ferðalög til Sankti Pétursborgar. Munurinn á kaupmætti tekna á mann í Bandaríkjunum og Rússlandi er næstum þrefaldur Kananum í vil. Það tekur bandaríska fjölskyldu því að meðaltali bara fjóra mánuði eða svo að vinna sér inn það sem rússnesk fjölskylda þarf heilt ár til að hala inn. Sex verðmætustu fyrirtæki heims nú eru öll bandarísk, þar af fimm tæknifyrirtæki (Apple, Google (eða réttar sagt móðurfyrirtækið Alphabet), Microsoft, Amazon og Facebook) og eitt fjármálafyrirtæki (Berkshire Hathaway í eigu auðkýfingsins Warren Buffet). Eru þau ofmetin? Kannski. Ekkert olíufélag er á listanum og enginn banki.

**Brostnar vonir**

Miklar vonir voru bundnar við Rússland eftir hrun kommúnismans. Sumir sáu fyrir sér að Rússland tæki þá upp óskorað lýðræði og ekki bara markaðsbúskap, en svo fór þó ekki af ýmsum ástæðum. Í fróðlegum samtölum við Oliver Stone, kvikmyndaleikstjórann, lýsir Vladímir Pútín Rússlandsforseti því að eftir fall Sovétríkjanna átti sjöundi hver Rússi skyndilega heima utan Rússlands. En hvað með það? Er það vandamál? Er það vandamál í augum Þjóðverja að sjöundi hver þýzkumælandi maður býr í Austurríki og Sviss? Spurningin svarar sér sjálf. Sködduð leppríki Sovétríkjanna við Eystrasalt og í Austur-Evrópu vildu flest ganga í Nató um leið og færi gafst. Nató féllst á umsóknir þeirra og teygði þar með landhelgi sína alla leið að landamærum Rússlands. Rússum var mörgum misboðið. Kannski hefði verið hyggilegra að finna aðra leið til að tryggja öryggi þessara landa.

Rússar hafa frá fornu fari skipzt í tvo hópa, þá sem vilja helzt semja sig að siðum Vestur-Evrópu líkt og Pétur mikli (1672-1725) og Pútín sjálfur og hina sem kjósa heldur að líta austur á bóginn og inn á við. Tillit til síðari hópsins torveldar framsókn vestræns lýðræðis og mannréttinda í Rússlandi af sjónarhóli þeirra sem myndu fagna nánari tengslum við Rússa. Við bætist misheppnuð einkavæðing sem leiddi til þjófræðis sem þolir ekki dagsbirtu og kallar á ofbeldi gagnvart stjórnarandstæðingum, blaðamönnum o.fl. Dómstólarnir, dúman (þ.e. þingið) og ríkissjónvarpið dansa eftir pípu Pútíns forseta. Guðfaðir barna Pútíns, sellóleikarinn Sergei Rodugin, reyndist vera skráður fyrir 100 milljónum dala í Panamaskjölunum og segist hafa aflað fjárins með samskotum. Frá 1992 hafa 38 blaðamenn verið myrtir í Rússlandi, jafnmargir og í Mexíkó, borið saman við fjögur morð á blaðamönnum í Bandaríkjunum á sama tíma. Það sem af er þessu ári hafa sjö blaðamenn verið myrtir, þar af tveir í Rússlandi, fjórir í Mexíkó og einn á Filippseyjum.

**Meint lögbrot**

Bandaríkin leika nú á reiðiskjálfi vegna yfirstandandi rannsóknar á meintum ólöglegum tengslum Trumps forseta og manna hans við Rússa, ekki bara fyrir forsetakjörið í fyrra heldur einnig aftur í tímann. Bandaríkin eru óskorað réttarríki. Meint lögbrot eru yfirleitt rannsökuð, það er reglan, þeim er helzt ekki sópað undir teppi. Reynslan sýnir að brotlegur forseti er ekki óhultur og þá ekki menn hans heldur. Þegar forsetinn staðfesti fyrir stuttu lög um nýjar viðskiptaþvinganir gagnvart Rússum sagði hann að lögin brytu gegn stjórnarskránni en skrifaði samt undir.

Rannsókn sérstaks saksóknara á Rússatengslunum er ekki sprottin af Rússahatri. Að saka þá sem benda á það sem aflaga fer í Rússlandi um Rússahatur er eins og að saka þá sem gagnrýna ákvarðanir stjórnvalda um fyrirlitningu á stjórnmálum og stjórnmálamönnum. Svo þarf þó ekki að vera. Finnist mér tiltekin hljómsveit ekki góð, vitnar það ekki um fyrirlitningu á tónlist og tónlistarmönnum, nei, alls ekki, heldur þvert á móti.



# Um fluglest



**Runólfur Ágústsson**
framkvæmdastjóri Fluglestarinnar – þróunarfélags

Töluverð umræða hefur nú í sumar orðið á vettvangi fjölmiðla um fyrirhugaða fluglest milli Keflavíkurflugvallar og miðborgar Reykjavíkur og er áhugi fólks á verkefninu eðlilegur í ljósi stærðar framkvæmdarinnar og þess hve miklu máli hún skiptir fyrir íslenskt samfélag.

Sitt sýnist hverjum og hefur umræðan mestan part verið málefnaleg og uppbyggileg. Nokkrir hafa þó stungið niður penna til að mótmæla þessari fyrirhuguðu framkvæmd út frá meintum forsendum, fyrirframgefnum skoðunum eða niðurstöðu. Slíkt gefur tilefni til að draga fram nokkur lykilatriði varðandi fluglestina fyrir þá sem hafa áhuga á málefnalegri umræðu um verkefnið:

1. Fluglestin er hrein einkaframkvæmd og er ekki kostuð eða styrkt af hinu opinbera. Ekki hefur verið óskað eftir ríkisábyrgðum til verkefnisins, öfugt við t.a.m. Vaðlaheiðargöng.

2. Fluglestinni má ekki rugla saman við Borgarlínu, sem er opinber framkvæmd á vegum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er hins vegar að þessi tvö samgöngukerfi hafi góða tengipunkta og styðji þannig hvort við annað.

3. Gert er ráð fyrir að 70-80% tekna fluglestarinnar komi frá erlendum ferðamönnum á leið milli flugvallarins og höfuðborgarsvæðisins og að fjármögnun verkefnisins endurspegli þetta, þ.e. verkefnið verði að langmestu leyti fjármagnað erlendis. Fjármagn til verkefnisins verður því hrein viðbót við þær opinberu framkvæmdir í samgöngumálum sem fyrirhugaðar eru næsta áratuginn og skerða ekki opinber framlög til þess málaflokks.

4. Samfélagslegur ábati af fluglestinni var árið 2014, út frá þáverandi forsendum um fjölda ferðamanna, áætlaður 40-60 milljarðar króna. Lestin myndi draga verulega úr kolefnislosun í samgöngum miðað við núverandi stöðu þeirra og minnka umferðarálag á Reykjanesbraut og höfuðborgarsvæðinu á leiðinni Hafnarfjörður – miðborg.

5. Miðaverð tekur mið af því sem þekkist í sambærilegum verkefnum í nágrannalöndum okkar s.s. í Ósló (Flytoget), Stokkhólmi (Arlanda Express) og London (Heathrow Express og Gatwick Express) og verður u.þ.b. tvöfalt á við far með rútu. Ferðatíminn mun verða innan við 20 mínútur.

6. Áætlanir þróunarfélagsins um fjölgun ferðamanna eru varfærnar. Við gerum ráð fyrir að verulega dragi úr fjölgun þeirra strax á næsta ári og að langtímavöxtur verði sambærilegur við það sem spáð er almennt í aljóðlegu farþegaflugi. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir að fluglestin verði með um 30% markaðshlutdeild meðal flugfarþega til og frá Keflavíkurflugvelli.

7. Sá samningur sem Fluglestin – þróunarfélag hefur gert við þau sveitarfélög sem í hlut eiga fjallar um samstarf í skipulagsmálum. Þegar hafa Reykjavíkurborg, Garðabær, Sveitarfélagið Vogar, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Garður og Sandgerðisbær samþykkt slíkan samning og bíður hann nú afgreiðslu í Kópavogi og Hafnarfirði. Mikil samstaða hefur verið innan þeirra sveitarstjórna sem þegar hafa afgreitt samninginn um afgreiðslu hans, enda bera sveitarfélögin ekki kostnað af þeirri þróunar-, rannsóknar- og skipulagsvinnu sem framundan er, heldur þróunarfélagið. Sveitarfélögin bera ekki áhættu eða kostnað af verkefninu, hvorki undirbúningi þess, framkvæmd né rekstri.

8. Framganga verkefnisins mun hins vegar ráðast af tiltrú fjárfesta á því, fyrst og fremst alþjóðlegra. Í þeim efnum má m.a. vísa til viðtals Viðskiptablaðsins frá í fyrra við Cristian Popa, aðstoðarbankastjóra Evrópska fjárfestingarbankans en þar segir: „Ég held að hraðlest sé lykilatriði með hliðsjón af umfangi ferðaþjónustunnar á Íslandi ... Hann bætir við að hann telji að hagkerfið geti ráðið mun betur við vöxtinn í ferðaþjónustunni þegar hraðlestin er komin í gagnið."

Ég vona að ofangreindar upplýsingar séu til þess fallnar að stuðla að málefnalegri umræðu um þetta stóra verkefni sem eðlilegt er að sé umdeilt. Slíkt þekkja menn frá því Hvalfjarðargöngin voru gerð og væri sumum þeirra sem stungið hafa niður penna um fluglestina hollt að spegla sig og viðhorf sín í orðum þeirra sem á sínum tíma voru sem mest á móti göngunum.

# Stjórnsýsla fari að axla ábyrgð og sýna siðferði



**Vilhelm Jónsson**

Engin breyting mun verða á lífskjörum þeirra sem minna mega sín fyrr en stjórnvöld temja sér hugafarsbreytingu og raunsæi. Litlu sem engu skipta pólitískar skoðanir þar sem of margir telja að aðhald og sparnaður skuli liggja annars staðar en í eigin gæluverkefnum og hugsjónum. Þúsundir hafa vart til hnífs og skeiðar eða geta búið við eðlilegar og mannsæmandi heimilisaðstæður og allt of margir eiga nánast hvergi samastað eða væntingar um betra líf vegna misskiptingar.

Samfélagið lætur stjórnast af að byggja flísalagðar hallir og annað skrum og lætur sig engu varða samfélagslega ábyrgð. Milljörðum er mokað í sérhagsmunapot og gæluverkefni á sama tíma og heilbrigðiskerfið er í molum og öldruðum og fleirum er stíað í sundur vegna fjárskorts og húsnæðisvandræða.

Nýgerður stjórnarsáttmáli var orðaður undir þeim formerkjum að hjálpa þeim efnaminni að eignast eða leigja íbúðir á viðráðanlegu verði, sem er gamalkunnugt stef og hjákátlegt. Á sama tíma á að fara í stærstu framkvæmd Íslandssögunnar og ráðast í byggingu á nýju þjóðarsjúkrahúsi sem er þensluhvetjandi og illa skipulagt.

Stjórnvöld eru með innantóm loforð um að á næstu árum muni rísa ódýrari og minni íbúðir fyrir þá efnaminni án þess að mikið sé víðhaft til breytingar. Margt bendir til að verð á litlum íbúðum muni hækka enn frekar vegna mikillar eftirspurnar, þenslu og hversu neyðin er mikil, ekki er óvarlegt að ætla að 30 til 50 fermetra stúdíóíbúðir muni kosta yfir 35 milljónir. Meðan fasteignaverð ræðst af eftirspurn munu byggingarverktakar eðlilega ekki afsala sér þeim ábata, þó svo að búið sé að gefa væntingar um ódýrt húsnæði fyrir þá sem hafa minna milli handanna. Engu mun skipta þó svo að slegið hafi verið af ýmsum kröfum gagnvart byggingarreglugerðum til sparnaðar, markaðsvirðið mun verða ofan á.

Síðustu 38 ár er búið að vera viðvarandi ójafnvægi á byggingamarkaðinum þar sem skuldir og fasteignaverð sveiflast upp og niður með tilheyrandi gjaldþrotum og eignaupptöku. Engan veginn getur talist eðlilegt að það sé nánast eins og rússnesk rúlletta fyrir þá efnaminni að kaupa sér húsnæði. Skuldugur almenningur var settur á guð og gaddinn til að bankar ásamt lánaog vogunarsjóðum gætu hámarkað arðsemi sína í boði stjórnvalda. Stjórnvöld þurfa að fara að átta sig á að þeim ber að vera ábyrg og skapa stöðugleika ásamt vitrænu vaxta- og viðskiptaumhverfi.

Uppsafnaður vandi þeirra sem vantar húsnæði á viðráðanlegu verði verður ekki leystur öðruvísi en ríki, borg og sveitarfélög komi að með festu og skilmerkilegum hætti ásamt lífeyrissjóðum og verkalýðsfélögum. Það þarf að beita sértækum og beittum aðgerðum til að uppræta húsnæðisvanda, núverandi ástand mun aðeins ýta enn frekar undir öryrkjavæðingu og upplausn ásamt því að verða samfélaginu sífellt dýrara.

Eðlilegast er að leita út fyrir landsteinana og fá byggingarverktaka og annað vinnuafl vegna þenslu til að reisa einföld og ódýr hús með verulegum kvöðum, t.d. tekjutengt sem félagslegt húsnæði og ekki framseljanlegt, til að fyrirbyggja brask. Það hlýtur að vera komið nóg af innantómu hjali og úrræðaleysi. Ef það er hægt að byggja húsnæði á landsbyggðinni með allt að helmingi minni kostnaði en á höfuðborgarsvæðinu, þá ætti að vera hægt að gera enn betur með framangreindum hætti. Einnig þarf að stöðva 15 til 20 milljóna lóða- og arkitektakostnað. Það er neyðarástand hjá þúsundum manna og kominn tími til að láta verkin tala með markvissum hætti.

Stjórnvöld rangtúlka skuldir heimilanna sem eru síst minni núna væri horft framhjá fasteignaverði sem hefur skrúfast upp ótæpilega. Þúsundir eiga lítið sem ekkert í húsnæði sínu, ekki síst þeir sem hafa keypt á uppsprengdu verði í örvæntingu sinni og fjármagnað jafnvel útborgun með óhagstæðum lánum. Verulegar líkur eru á að margir gangi aftur í gegnum sömu holskefluna (2007) og missi húsnæðið þegar fer að hrikta í vegna óstöðugs gjaldmiðils og aðrar efnahagsþrengingar steðja að.

Landsbanki Íslands er búinn að vera í fararbroddi sem eitt stærsta ræningjabæli landsins í boði stjórnvalda, tugþúsundir heimila hafa fengið að gjalda með eignaupptöku og öðrum hörmungum og væntanlega verður engin breyting þar á. Engu virðist skipta þótt bankinn sé orðinn ríkisbanki. Í flestum siðmenntuðum ríkjum leggja bankastofnanir sig fram um að vinna með viðskiptavinum sínum þegar erfiðleikar steðja að en því er þveröfugt farið í íslenskri bankasýslu. Ótíndir þjófar og önnur hryðjuverkaógn mun steðja að landsmönnum meðan óhindruð sjálftaka úr sameiginlegum fjárhirslum ríkissjóðs og ríkisbanka fær að viðgangast í boði veruleikafirrta stjórnvalda.

Stjórnmálaflokkum má helst líkja við glæpaklíkur og mafíur sem svífast einskis til að hygla sér og sínum á kostnað skattborgara. Alltof margir gera sér ekki grein fyrir hversu landið var djúpt sokkið í skuldafen þar sem óraunhæf uppbygging fékk og fær að viðgangast af óábyrgum stjórnvöldum og er síðan kölluð góðæri. Meðan stjórnvöld ríghalda í handónýta mynt munu þúsundir eiga eftir að missa heimili sín og lífshamingju vegna óstöðugrar krónu ásamt því að margir fara óvarlega.

Þúsundir milljarða hafa verið afskrifaðar og ekki sjálfgefið að svo verði aftur, ferðamaðurinn mun tæplega láta ræna sig um aldur og ævi til að rétta af ríkissjóð. Stjórnvöld ættu að íhuga að verði haldið áfram á sömu braut verða bankarnir lítils virði og lítið þangað að sækja til að borga ríkishalla og rányrkju. Eigi að afstýra stórfelldum landflótta er helsta von Íslendinga að landsmenn vakni og fari að axla ábyrgð.

Stjórnvöld verða að fara að gera sér grein fyrir hvaða glæp þau eru að fremja gagnvart þúsundum fjölskyldna sem eru í upplausn og allar vonir brostnar, til að hægt sé að skapa sér og sínum heimili. Allt of mörgum eru fyrirmunað að sjá misskiptingu og eigin græðgi, stjórnmálamenn eru þar í fararbroddi enda hugsjónir litlar nema þá helst þegar endurnýja skal umboð til að viðhalda nýjum kosningaloforðum.

> **Samfélagið lætur stjórnast af að byggja flísalagðar hallir og annað skrum og lætur sig engu varða samfélagslega ábyrgð. Milljörðum er mokað í sérhagsmunapot og gæluverkefni á sama tíma og heilbrigðiskerfið er í molum og öldruðum og fleirum er stíað í sundur vegna fjárskorts og húsnæðisvandræða.**

# Dýr ábyrgð



**Gunnlaugur Stefánsson**
Heydölum

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur lagst gegn áformum um laxeldi í Viðfirði og Hellisfirði, vilja varðveita friðsæld þeirra og náttúrlegt yfirbragð. Því ber að fagna. En af hverju má fórna þeim gæðum á Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Stöðvarfirði þar sem friðsæld og náttúrfegurð er ekki síðri – og einmitt þar sem fólkið býr og nýtur innilega alla daga?

Í Noregi hafa allar nýfjárfestingar í laxeldi með opnum sjókvíum verið bannaðar. Sú tækni er nú talin úrelt vegna hrikalegrar reynslu fyrir lífríkið. Þess vegna sækja norsku eldisrisarnir til Íslands þar sem þeim hefur verið talin trú um að flest sé leyfilegt, eftirlitið viðráðanlegt og fá sjóinn auk þess ókeypis til afnota, en þurfa að borga offjár fyrir í Noregi. Svo krefjast nokkrir sveitarstjórnarmenn á íslenskum eldissvæðum af ráðherrum, að eldisrisarnir megi fara sínu fram hér á landi. Ekki á Austfjörðum, þar sem efasemdir vakna eins og birtist í fyrirvara bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. En betur má ef duga skal.

Flestir sjá að opið sjókvíaeldi með innfluttum stofnum er tímaskekkja. Nú er öllu nýju eldi víðast hvar stefnt í lokaðar kvíar eða uppi á landi. Ef áform norsku eldisrisanna um 190 þúsund tonna eldi í opnum sjókvíum ná fram að ganga, þá yrði Ísland að athlægi um víða veröld í umhverfismálum. Náttúruauðlindir íslenskra fjarða og villtir laxastofnar eru einstök gæði sem eldið skaðar og verða hvorki endurheimt né metin til fjár. Norðmenn og fleiri þjóðir súpa seyðið af þeirri reynslu og grípa nú til örþrifaráða. Laxeldi á Íslandi er líka samfelld hrakfallasaga. Fiskur sleppur úr kvíum, líka þessum sem eldismenn segja nýjar og fullkomnar, lúsin og sjúkdómar herja, hitastig og sjólag í sveiflum. Hverjir bera ábyrgð á tjóninu þegar spilaborgir laxeldis falla? Fólkið í sveitarfélögunum á eldissvæðum? Ekki norsku eldisrisarnir. Þeim er ekki gert að bera neina ábyrgð á því. En heimta gróðann á meðan varir.

# Um uppreist æru



**Gunnar Árnason**
starfar við arkitektúr

Þegar menn ganga erinda fyrir þá sem gerst hafa sekir um hræðilegustu glæpi gagnvart varnarlausum, er þeim ekki endilega annt um brotamanninn. Og það er ekki endilega víst að þeim sem greiða götu brotamannsins sé illa við fórnarlömb hans. Fleira kemur til.

Góður kunningi minn úr grunnskóla átti talsvert safn af vínylplötum. Föður hans, sem lagði stund á viðskipti og var athafnamaður með góð sambönd, fannst koma til álita að sonurinn seldi aðgengi að safninu og yrði sér úti um aur. Það varð til þess að kunningi minn byrjaði að halda skipulagða skrá um plötusafnið. Föður hans gekk gott eitt til og það sama má segja um kunningjann, hann er góður maður og hefur látið gott af sér leiða. Umrætt utanumhald kunningja míns varð til þess að aðgengi okkar hinna að plötusafninu varð betra og ýtti undir áhuga á að skoða málið nánar, og gott ef hann seldi ekki eina og eina vínylplötu til vel valinna og færði til bókar samkvæmt skránni góðu.

Umrætt rifjaðist upp fyrir greinarhöfundi þegar það bar til tíðinda fyrir skemmstu að dæmdur maður fékk uppreist æru. Margir vel mæltir og ráðsettir aðilar greiddu götuna varðandi fyrrgreint málefni, og gengu helst til vasklega fram að mati margra, sé tekið mið af umfangi og eðli brotanna, en það kann að vera á misskilningi byggt. Og ekki má gera lítið úr því að eiga afturkvæmt í þjóðfélagið að lokinni afplánun refsingar.

Nokkur leynd hvílir yfir umræddu ferli enn sem komið er, sem er vissulega bagalegt. Greinarhöfundur telur víst að gamli kunninginn eigi ekkert sameiginlegt með þeim er í hlut átti, nema hvatann til að halda skrá um tiltekin atriði og auðvelda aðgengi sitt og yfirsýn yfir efnið. Sumt er bersýnilega óþarft að halda skrá um. Í sumum tilfellum blasir við að hvatar skipulagðrar starfsemi og sölumennsku búa að baki skráningu upplýsinga og skuggahliðar sölumennskunnar geta tekið á sig óhugnanlegar myndir. Plató sagði að gjaldið sem góðir menn greiða fyrir skeytingarleysi sitt sé að vera stjórnað af vondum mönnum, og það má til sanns vegar færa. Sameinumst til góðra verka og tökum höndum saman um að hafna spillingu í okkar þjóðfélagi. Hlúa þarf að þeim sem um sárt eiga að binda og víst er að margur þarf að bæta ráð sitt.


ÚTSÖLULOK
30% AFSLÁTTUR
AF HÚSGÖGNUM
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM VÖRUM
40% afsláttur af púðum
Hengirúm
50% afsláttur
Verð áður 12.950,-
NÚ 6.495,-
NEVADA sófi 30% afsláttur
Verð áður 279.900,- NÚ 195.930,-
BOIT spegill 30% afsláttur
(hangandi 22 cm)
Verð áður 990,- NÚ 693,-
Jules tveggja sæta sófi 50% afsláttur
Verð áður 129.900,- NÚ 64.950,-
JULES hægindastóll 50% afsláttur
Verð áður 99.900,- NÚ 49.950,-
2 Fyrir 1 af Erja stólum
2 stk. 25.900,-
2 Fyrir 1 af Sitka stólum
2 stk. 19.900,-
2 Fyrir 1 af Xeuilley barstóll
(einnig til hvítur)
2 stk. á 24.900,-
the PIER
2 Fyrir 1 af Xeuilley barstóll
(einnig til hvítur)
2 stk. á 24.900,-
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 • Selfossi 522 7890

# Ekkert barn útundan!



**Kristín Ólafsdóttir**
fræðslufulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar

**Skólataska, pennaveski, íþróttaföt, vetrarfatnaður, skór og stígvél, allt kostar þetta peninga svo ekki sé minnst á útgjöld vegna íþrótta- og tómstundastarfs.**

Ég þekki sex ára gamla skottu sem fékk sína fyrstu skólatösku um daginn. Hún er svo heppin að hún fékk töskuna sem hana langaði mest í – eða réttara sagt einu töskuna sem hana langaði í eftir að hafa rekið augun í hana í búðinni með mömmu sinni. Nú sefur stelpuskottið með töskuna uppi í rúmi hjá sér og getur varla beðið eftir því að skólinn byrji.

Hjálparstarf kirkjunnar styður heilshugar baráttu Barnaheilla og tekur undir áskorun þeirra til stjórnvalda um að virða réttindi hvers barns til gjaldfrjálsrar grunnskólamenntunar sem og rétt barna á vernd gegn mismunun. Það er mikið gleðiefni hve mörg sveitarfélög í landinu hafa ákveðið að skólar útvegi námsgögn endurgjaldslaust nú í haust.

Það er nefnilega svo að í uppsveiflu í efnahagslífinu situr eftir hópur fólks sem býr við efnislegan skort. Fyrir barnafjölskyldur sem þannig er statt um reynist haustið erfiður tími. Skólataska, pennaveski, íþróttaföt, vetrarfatnaður, skór og stígvél, allt kostar þetta peninga svo ekki sé minnst á útgjöld vegna íþrótta- og tómstundastarfs sem falla til í upphafi skólaárs sem og kostnað vegna námsgagna þar sem enn þarf að greiða fyrir þau.

Auðvitað endurnýtir fólk skóladót og íþróttabúnað frá fyrra ári og yngri börn fá frá þeim eldri en stundum dugar það ekki til og þá eru góð ráð dýr. Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör leita um þessar mundir stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar til að geta útbúið börnin í upphafi skólaárs. Í fyrrahaust fengu foreldrar um 200 barna aðstoð hjá Hjálparstarfinu og við búumst við að álíka margar fjölskyldur leiti til okkar nú.

Hjálparstarfið aðstoðar fjölskyldur sem búa við kröpp kjör í upphafi skólaárs því efnaleysi á ekki að hindra börn í námi eða í íþrótta- og frístundastarfi með jafnöldrum sínum. Öll börn eiga að geta hlakkað til að byrja í skóla!







# Vanvirt helgi



**Helgi Þorláksson**
prófessor emeritus

**Stundum finnast fornir kirkjugarðar þar sem enginn átti von á þeim og engin leið að vita bein hverra það eru.**

Gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu í Reykjavík, Hólavallagarður, er kominn mjög til ára sinna og lítið notaður. Fram er komin hugmynd um að skapa líf í garðinum með því að reisa hótel í honum miðjum og mæta þannig sívaxandi eftirspurn erlendra ferðamanna eftir spennandi hótelkosti. Hótelið yrði fellt vel að umhverfi sínu og áhersla lögð á tengsl við fortíðina. Þegar grafið verður fyrir húsinu má búast við að upp komi mannabein sem yrðu þá tekin til rannsóknar og látin varpa ljósi á lífskjör fólks. Mikilvægast er hvað kirkjugarðurinn er snotur og hversu ánægjulegt yrði fyrir gesti að njóta þar þjónustu og fræðast um leið um garðinn og fortíðina.

Flestum mun virðast það sem hér er sagt heldur fáránlegt, ekki síst þeim sem fara árlega að gröf Jóns Sigurðssonar, 17. júní (hann dó 1879). Enda er þetta tilbúningur. Þetta er þó ekki út í hött þegar litið er til þess að núna hafa verið grafin upp bein í gamla kirkjugarðinum í Kirkjustræti, svonefndum Víkurgarði, til að rýma fyrir hóteli. Beinin hafa verið tekin til rannsóknar, þar á meðal allt að 20 heillegar beinagrindur í heillegum kistum og mikið af öðrum mannabeinum, eftir því sem spurst hefur. Aðkoma að hótelinu verður um kirkjugarðinn, nánar tiltekið Fógetagarðinn, og á teikningum er sýnt hvar gestir geta neytt veitinga úti við í garðinum. Þeir sem standa að byggingu þessa 160 herbergja hótels segja að lögð verði áhersla á að fella það að umhverfi sínu og gætt verði vel að tengslum við fortíðina. Vantar bara að nafnið verði Hotel Skeleton.

Beinin voru grafin upp í fyrra í þeim hluta garðsins sem mun hafa verið bætt við litlu fyrir 1823 en yngri garðurinn við Suðurgötu var tekinn í notkun 1838. Jafnan er talið að þá hafi jarðsetningu að mestu verið hætt í Víkurgarði en þó finnast yngri dæmi, seinast frá 1883. Enginn aflaði gagna til að reyna að varpa ljósi á bein hvaða einstaklinga það voru sem upp voru grafin en kirkjubækur frá tímanum 1823 til 1838 ættu að geta veitt vísbendingar um það. Þetta gætu verið langafar og langömmur núlifandi fólks. Dæmi: Kona jarðsett um 1835 við Kirkjustræti kann að hafa dáið frá ungri dóttur sem eignaðist son 1875 og hann aftur barn 1925 sem gæti verið enn á lífi. Þetta væru aðeins þrír liðir frá konunni sem kann að hafa verið grafin 1835, hún væri þá langamma núlifandi manns. Flestum mun þykja ankannalegt að grafin séu upp bein langömmu þeirra og sett í geymslu án þess að þeir hafi nokkuð um það að segja.

Árið 1966 var ekki leyft að reisa hús í gamla kirkjugarðinum við Kirkjustræti og átti Kristján Eldjárn þjóðminjavörður þátt í þessu banni. Í fyrra voru bein hins vegar fjarlægð frá sama stað og borið við að þyrfti að rannsaka þau og varpa ljósi á lífskjör. Ástæður til að grafa upp bein til rannsóknar úr þekktum kirkjugörðum frá seinni tímum þurfa að vera brýnar, til þess þarf skýrar rannsóknarspurningar og rök og má nefna nokkur sjónarmið. Þetta er stundum leyft í útlöndum, t.d. þegar leikur grunur á um morð og bein eru þá rannsökuð, svo sem til að kanna hvort eitur hafi verið gefið. Eða þá að sérstakur sjúkdómur hafi orðið hinum liðna að aldurtila og læknum þyki akkur í að kanna beinin þess vegna. Að lokinni rannsókn er beinunum jafnan komið fyrir aftur á sínum stað. En engin sérstök rannsóknarrök voru til þess að grafa upp beinin í Kirkjustræti enda eru til margvíslegar heimildir um almenn lífskjör fólks á 19. öld. Það þurfti bara að koma fyrir hóteli og græða á ferðamönnum. Umræddum beinum ætti helst að koma fyrir aftur í gröfum sínum og setja viðeigandi minningarmark yfir.

Stundum finnast fornir kirkjugarðar þar sem enginn átti von á þeim og engin leið að vita bein hverra það eru sem birtast. Þar eru þá venjulega jarðneskar leifar frá tímum í Íslandssögunni þar sem lítið er vitað um lífskjör og forvitnilegt getur verið að kanna beinin þess vegna. Það er annað mál. En sjaldgæft mun vera eða einsdæmi að reist sé hús þar sem vitað er fyrirfram að var kirkjugarður. Slíka ósvinnu leyfa Reykvíkingar sér og helgast helst af því að skortir umræðu og vitund um hvað sé við hæfi og hvað sé óhæfa. Á meðan svo er leyfa menn sér margt.

Leitt er að tilheyra þeim kynslóðum sem heimilað hafa spjöll í Víkurgarði. En fyrir það má bæta, með því að marka austurmörk hins gamla kirkjugarðs við Kirkjustræti. Þar fyrir vestan og í gjörvöllum gamla Víkurgarði ætti að rækta fagran garð og búa þannig um að hann minni á gamalt hlutverk sitt með skýrum hætti. Þeim sem yrðu að hverfa frá áformum um að græða þarna á hótelrekstri munu bjóðast færi til þess annars staðar.

# Áhrif Costco, bein og óbein



**Guðjón Sigurbjartsson**

**Með tilkomu Costco getur enginn efast um að niðurfelling tolla skili sér til neytenda.**

Nú, rúmum tveimur mánuðum eftir opnun Costco, eru gríðarleg áhrif þegar komin í ljós. Ekkert lát er á straumi neytenda í verslunina sem sýnir hversu mikils virði framboð ódýrari og fjölbreyttari vöru er fyrir okkur. Sem er von því verðlag hér á landi er talsvert hærra en í nágrannalöndunum, sérstaklega matvælaverð og vextir af lánum, sem kemur niður á lífskjörum okkar því að við höfum minna til skiptanna þegar við erum búin að sinna grunnþörfunum fyrir mat og húsaskjól.

### Óbeinu áhrifin verða meiri

Costco selur á rúmu kostnaðarverði og lætur nægja hagnaðinn af sölu aðgangskorta. Ein af bábiljum Bændasamtakanna, vegna skorts á betri rökum, er þessi: „Tilgangslaust er að fella niður tolla af matvælum því Hagar og aðrir smásalar myndu stinga mismuninum í vasann.“ Með tilkomu Costco getur enginn efast um að niðurfelling tolla skili sér til neytenda. Nýlega féllu rök Bændasamtakanna um mikla smithættu af ferskum innfluttum kjötvörum þannig að nú stendur fátt í vegi fyrir því að íslenskir neytendur fái aðgang að úrvali af hagstæðum, fjölbreyttum og hollum matvælum hvaðanæva.

Samkvæmt úttekt okkar Þórólfs Matthíassonar, prófessors í hagfræði, árið 2016, lækkar verð matvæla um 35% við niðurfellingu matartollanna auk þess sem fjölbreytni og gæði vaxa að sjálfsögðu. Slík lækkun sparar okkur, hverju og einu, um 100.000 krónur á ári. Fyrir fjögurra manna fjölskyldu gerir það um 400.000 krónur á ári en í rauninni getur fólk sótt sér meiri ávinning með því að flytja hluta af neyslunni yfir í ódýrari vörur. Þetta kemur öllum vel hvar sem þeir búa á landinu, sérstaklega fátækum barnafjölskyldum, en samkvæmt UN líða um 6.100 börn á landinu efnalegan skort.

### Fyrir landsbyggðina skiptir lækkun kostnaðar við Íslandsferð miklu

Lækkun matarverðs skiptir líka gríðarlega miklu máli fyrir stærstu atvinnugrein þjóðarinnar, ferðaþjónustu. Sums staðar á landinu er farið að bera á fækkun ferðamanna vegna þess hversu dýrt er að sækja landið heim. Þau landsvæði sem lengst eru frá SV-horninu lenda verst í þessu því ferðamenn stytta ferðir sínar og fara síður í lengri ferðir innanlands, til að spara útgjöld.

Helstu kostnaðarliðir við Íslandsferð eru fargjöld, matur og gisting. Lágt gengi krónunnar dró um tíma úr sárasta ofurkostnaðinum en til framtíðar litið þarf að taka á háum grunnkostnaði.

Löggjafinn getur lækkað alla ofangreinda kostnaðarliði með nokkrum pennastrikum. Sem fyrr greinir má lækka mat um að minnsta kosti 35% með niðurfellingu matartolla. Lækka má áfengisgjöld eftir þörfum með einfaldri ákvörðun. Háir vextir eru undirliggjandi ástæða hás gistikostnaðar og fleiri kostnaðarliða. Hægt er að lækka þá með upptöku stórs gjaldmiðils, væntanlega evru. Það tekur tíma en í millitíðinni má heimila fólki og fyrirtækjum lántöku í erlendri mynt með gengisvörnum sem geta verið mun ódýrari en vaxtamunurinn. Með þessu tryggjum við vöxt og viðgang ferðaþjónustunnar og bætum framlegð hennar og launagreiðslugetu.

### Góður viðgangur ferðaþjónustunnar, mikilvægasta byggðaaðgerð sem völ er á

Störf sem nú eru talin tengjast landbúnaði eru um 10.000 en störf tengd ferðaþjónustu eru 20.000 til 30.000 eftir árstímum. Störfum sem tengjast landbúnaði fækkar en þeim sem tengjast ferðaþjónustu fjölgar. Við niðurfellingu matartolla fækkar störfum ef til vill um 500 eða svo, aðallega í svína- og kjúklinga-greininum, en einnig í mjólk, eggjum og kindakjöti. Mikil þörf er fyrir þær vinnufúsu hendur sem losna og nota má ávinninginn af breytingunum, sem verður gríðarlegur til að auðvelda þær. Góður viðgangur ferðaþjónustu er mikilvægari en landbúnaður í núverandi mynd, líka fyrir landsbyggðina.

Það er því gríðarlega mikilvægt að gera ferðaþjónustunni kleift að vaxa, líka í dreifbýli. Niðurfelling matartolla er því trúlega stærsta byggðaaðgerð sem völ er á. Með tilkomu Costco þarf ekki lengur að efast um að lækkunin gangi til neytenda og bæti þeirra hag. Ávinningurinn kemur líka fram í eflingu ferðaþjónustu um allt land sem getur tekið við hluta af óhagkvæmum heimskautalandbúnaði.




Tilboðin gilda til 20. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**ódýrt**

**199** kr. pk.

Banderos 6 vefjur 370 g - 25 cm

Banderos 8 vefjur 320g - 20 cm




**99** kr. stk.

Taco Spice mix 40 g

**ódýrt**







**199** kr. stk.

Banderos Salsa, 300 g

**149** kr. stk.

Banderos Taco Sauce, 230 g

Tilboðin gilda til 20. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**1499** kr. kg

Lúxus grísakótilettur, úrval marineringa, Spánn







**2299** kr. kg

Lambalæris steikur í sneiðum

**2999** kr. kg

Ungnautasteikur, sérmeyrnað, Írland

**Verð áður ~~3999~~ kr. kg**

Tilboðin gilda til 20. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# KRÓNAN




**Ódýrt**

**1399** kr. pk.

Kjúklingabringur, frosnar, 900 g

**-20%**




**1359** kr. pk.

Heilsuréttir, grænmetislasagna, 1 kg

**Verð áður ~~1699~~ kr. pk.**

**-20%**




**1199** kr. pk.

Heilsuréttir, indverskar grænmetisbollur, 750 g

**Verð áður ~~1499~~ kr. pk.**




**1119** kr. pk.

Heilsuréttir, gulrótarbuff, 650 g

**Verð áður ~~1399~~ kr. pk.**

Tilboðin gilda til 20. ágúst. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Séreign er sýnd veiði en ekki gefin



**Hrafn Magnússon**
fyrrverandi framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða

Í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði í fyrra var samið um að atvinnurekendur hækkuðu iðgjald sitt í lífeyrissjóði úr 8% í 11,5% af launum í þremur áföngum. Iðgjald launafólks yrði óbreytt eða 4%. Heildariðgjald í lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði verður þannig komið í 15,5% um mitt næsta ár.

Í samkomulaginu var hins vegar sett inn sérstakt ákvæði um að sjóðfélagar gætu sett viðbótariðgjaldið, 3,5%, í „tilgreinda séreign" að hluta eða að öllu leyti.

**Séreign eða samtrygging ?**
Séreignin er einkaeign sjóðfélagans og erfanleg. Í séreigninni felst hins vegar engin trygging, ef aðstæður sjóðfélagans breytast skyndilega vegna slyss eða heilsubrests. Séreignarfyrirkomulagið byggist líka á því að engin afkomutrygging er fyrir hendi fyrir eftirlifandi maka og börn vegna óvænts andláts sjóðsfélagans.

Samtrygging er hins vegar alger andstæða séreignarinnar. Íslensku lífeyrissjóðirnir hafa almennt byggst upp á samtryggingu sjóðfélaga, þar sem mönnum er tryggður örorkulífeyrir, ef þeir missa heilsuna. Eftirlifandi mökum og börnum er tryggður lífeyrir við ótímabært andlát sjóðfélagans og eldri borgarar fá eftirlaun til æviloka, en ekki í tiltekinn afmarkaðan tíma. Fullyrða má að þessar áfallatryggingar sem lífeyrissjóðirnir veita sé ódýrasta og skilvirkasta tryggingaform sem fyrirfinnst hér á landi. Það byggist m.a. á því að allir sjóðfélagarnir taka þátt í samtryggingunni.

**Upplýst ákvörðun**
Í dag standa sjóðfélagar lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði frammi fyrir því að taka upplýsta ákvörðun um hvort 3,5% viðbótariðgjaldið eigi að fara að hluta eða að öllu leyti í „tilgreinda séreign" eða samtryggingu. Ef þeir kjósa að velja ekki, fer iðgjaldið sjálfkrafa í samtryggingu. Fyrir ungt fólk í blóma lífsins og barnafjölskyldur þá er engin spurning að það borgar sig að iðgjaldið sé í samtryggingu.

> **Sjóðfélaginn hefur auðvitað frjálst val að veðja við sjálfan sig um heilsufar sitt og dánarlíkur. Slíkt val getur hins vegar verið erfitt og lítils virði ef aðstæður sjóðfélagans breytast skyndilega.**

Tryggingaverndin er það dýrmæt að henni má ekki fórna. Fyrir fólk á miðjum aldri gæti borgað sig að iðgjaldið fari í samtrygginguna, því að þá er mesta hættan að sjóðfélagar missi heilsuna og verði fyrir orkutapi. Hvað varðar konurnar segir tölfræðin okkur að þær lifi almennt lengur en karlar. Með því að velja að iðgjaldið renni í samtrygginguna fá þær eftirlaun til æviloka.

**Að veðja við sjálfan sig**
Ef sjóðfélaginn er hins vegar heilsuhraustur og telur sig ekki þurfa á samtryggingu að halda, þá ætti hann að hugleiða séreignarfyrirkomulagið. Vandinn er hins vegar sá að sjóðfélaginn hefur ekki hugmynd um það, hvort hann mun halda góðri heilsu til eftirlaunaáranna.

Sjóðfélaginn hefur auðvitað frjálst val að veðja við sjálfan sig um heilsufar sitt og dánarlíkur. Slíkt val getur hins vegar verið erfitt og lítils virði ef aðstæður sjóðfélagans breytast skyndilega. Því ættu sjóðfélagar að hugleiða vel og taka síðan upplýsta ákvörðun, hvort hluti skylduiðgjaldsins á að renna í séreign eða í samtryggingu.

**Önnur leið**
Launþegar og sjálfstæðir atvinnurekendur hafa um árabil átt frjálst val um að greiða allt að 4% af heildarlaunum sínum til viðbótar við venjulegt skylduiðgjald. Þessi sparnaður kallast viðbótarlífeyrissparnaður og er í dag ein hagkvæmasta leiðin til einkasparnaðar, því atvinnurekendur greiða 2% til viðbótar.

Einstaklingar sem vilja eiga séreign sem erfist ættu því að hugleiða að greiða í slíkan viðbótarlífeyrissparnað. Margir nýta sér slíkan sparnað í dag, en alls ekki allir.

Við uppbyggingu lífeyriskerfisins var einmitt gert ráð fyrir að viðbótarlífeyrissparnaðurinn mundi marka sér stöðu sem þriðja þrep kerfisins, þar sem fyrsta þrepið væru almannatryggingar og annað þrepið skyldubundnir lífeyrissjóðir. Þetta er sú þrepaskipting í lífeyriskerfinu sem allar þjóðir vilja fara eftir.

Hin „tilgreinda séreign" innan skylduiðgjalds lífeyrissjóðanna er hins vegar af öðrum toga. Því er ítrekuð nauðsyn þess að menn vandi sig vel áður en upplýst ákvörðun er tekin um að færa hluta skylduiðgjaldsins úr samtryggingu í séreign.








# Fjárfestum í leikskólum landsins – þar er arður framtíðarinnar



**Anna Karólína Vilhjálmsdóttir**
framkvæmdastjóri Special Olympics á Íslandi

Special Olympics á Íslandi hóf árið 2015 innleiðingu YAP á Íslandi en það er alþjóðaverkefni sem hefur að markmiði að öll börn, fái nauðsynlega hreyfiþjálfun. Íþróttasamband fatlaðra er umsjónaraðili Special Olympics á Íslandi og vonast er til að innleiðing YAP eða Young Athlete Project hafi áhrif til framtíðar varðandi þátttöku barna í íþróttastarfi. Alþjóðasamtök Special Olympics voru sett á fót af Kennedy fjölskyldunni árið 1968. Öll verkefni taka mið af því að hægt sé að skapa aðstæður til að allir geti notið sín á eigin verðleikum. YAP var þróað í samstarfi við háskóla í Boston, myndrænt og einfalt aðgengi er að ókeypis fræðsluefni en taka þurfti mið af mismunandi aðstæðum í aðildarlöndum SOI. www.specialolympics.org

Með einföldu prófi er skoðað hvort ástæða sé til að börnin fái aukatíma í hreyfiþjálfun en einnig getur markviss hreyfiþjálfun sem fléttast inn í dagleg verkefni haft jákvæð áhrif. Áhersla er lögð á að bregðast við sé ástæða til þannig að börnin fái tækifæri til að eflast og styrkjast. Auk þess sem aðildarfélög ÍF hafa verið hvött til að efla starf fyrir ung börn hefur verið lögð mikil áhersla á samstarf við leikskóla og að öll börn séu þar þátttakendur.

YAP verkefnið hefur verið kynnt í leikskólum í nokkrum sveitarfélögum og kynningardagar hafa verið haldnir í Reykjanesbæ og á Akureyri. Það hefur verið sérlega ánægjulegt að upplifa þann mikla áhuga og eldmóð sem er til staðar hjá leikskólastjórum og starfsfólki sem er mjög meðvitað um gildi snemmtækrar íhlutunar. Þrátt fyrir að margir leikskólar á Íslandi hafi starfað markvisst að hreyfiþjálfun barna, ekki síst heilsuleikskólar, hefur undantekningarlaust verið áhugi á að nýta YAP-fræðsluefnið. Mörg aðildarlönd SOI taka þátt í YAP og því gefst tækifæri til alþjóðasamstarfs. Fyrst og fremst er þó markmið að efla og styrkja hreyfifærni ungra barna og stuðla að færni til framtíðar.

Það hefur verið mjög lærdómsríkt að fá tækifæri til að heimsækja leikskóla landsins og hitta fólk sem brennur af áhuga og eldmóði þegar kemur að hagsmunum barna. Á sama tíma og stefna er sett um heilsueflandi sveitarfélög, skóla og stofnanir er mikilvægt að horfa til þess starfs sem er að skila markvissum arði til framtíðar. Að skapa umhverfi og aðstæður sem gera kleift að efla og auka hreyfifærni ungra barna hlýtur að vera forvarnarstarf sem skilar ómældum arði til framtíðar. Yfirumsjón með hreyfiþjálfun þyrfti að vera í höndum sérmenntaðs starfsmanns, það hlýtur að vera sérhæft faglegt verkefni að bera ábyrgð á markvissri hreyfiþjálfun barna í leikskólum landsins. Af einhverjum ástæðum virðist ekki gert ráð fyrir starfsheitinu „íþróttafræðingur" í leikskólum. Nokkrir leikskólar hafa þó ráðið íþróttafræðing og aðrir reyna að leita ýmissa leiða til að bæta upp þennan þátt með aðstoð starfsfólks sem hefur reynslu af íþróttastarfi og þjálfun.

> **Að skapa umhverfi og aðstæður sem gera kleift að efla og auka hreyfifærni ungra barna hlýtur að vera forvarnarstarf sem skilar ómældum arði til framtíðar. Yfirumsjón með hreyfiþjálfun þyrfti að vera í höndum sérmenntaðs starfsmanns, það hlýtur að vera sérhæft faglegt verkefni að bera ábyrgð á markvissri hreyfiþjálfun barna í leikskólum landsins.**

Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5730 eða á heimasíðu Vísis **www.visirhf.is**

VÍSIR

**Vísir hf óskar eftir að ráða háseta á Sighvat GK 57. Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.**

Nánari upplýsingar gefur skipstjóri í síma 856-5770 eða á heimasíðu Vísis **www.visirhf.is**

VÍSIR

## Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**



TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

talent@talentradning.is
bryndis@talentradning.is
**Sími: 552-1600**

Tilkynningar

## Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi.

### Kópavogsbraut 75. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráðs Kópavogs samþykkti 10. ágúst 2017 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 75 við Kópavogsbraut. Í tillögunni felst heimild til að rífa einbýlishús á lóðinni byggt 1953 ásamt bílskúr byggður 1977 samtals 112,7 m2 að flatarmáli. Lóðin er 986,0 m2 og núverandi nýtingarhlutfall 0,11. Í tillögunni felst jafnframt heimild til að byggja á lóðinni fjögurra íbúða hús á tveimur hæðum auk kjallara og tveimur innbyggðum bílskúrum. Samanlagður gólfflötur er áætlaður liðlega 750 m2 og nýtingarhlutfall 0,8. Hámarkshæð miðað við aðkomuhæð er áætluð 6,2 m. Miðað er við tvö bílastæði á íbúð innan lóðar. Uppdrættir í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Smárinn. Reitur A10. Breytt deiliskipulag.

Bæjarráðs Kópavogs samþykkti 10. ágúst 2017 að auglýsa í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breyttu deiliskipulagi á reit 10 A í 201 Smári. Í tillögunni felst að lega og fyrirkomulag bílastæða og opinna svæða á lóð fyrirhugaðra húsa á svæðinu breytist. Opin bílgeymsla við hús A er felld út; hús A verður 4-6 hæðir í stað 4-7 hæða; hús C verður 4-7 hæðir í stað 4 hæða og í því húsi verður fjöldi íbúða 18 í stað 9. Byggingarmagn á reitnum helst óbreytt. Fjöldi bílastæða ofanjarðar er óbreyttur þ.e. 30 stæði en bílastæðum í bílageymslu neðanjarðar er fjölgað úr 55 í 57. Sorp verður í djúpgámum við gangstíg í stað sorpgeymslum í kjallara fyrirhugaðra húsa. Þá er sett inn kvöð um sjónlínur frá útkeyrslu milli húsa A og B til að auka umferðaröryggi gagnvart umferð úr suðri. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500 ásamt skýringarmyndum og greinargerð dags. 19. júlí 2017. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur eru til kynningar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í afgreiðslu skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs í Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá kl. 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulags- og byggingar Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 föstudaginn 29. september 2017.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**


NÝJAR
NIKE
VÖRUR
KOMNAR
OG ENN FLEIRI Á LEIÐINNI
NIKE
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is

# Mér þykir fúlt að þessi staða sé komin upp

**Ný regla KKÍ um að dómarar megi ekki þjálfa kemur sérstaklega illa við einn reyndasta dómara landsins, Jón Guðmundsson, sem hefur þjálfað í áratugi. KKÍ mun ekki endurskoða þessa ákvörðun sína og Jón veit ekki hvað hann mun gera.**

**KÖRFUBOLTI** „Ég er hvorki tilbúinn til að hætta að dæma né þjálfa þannig að þetta er frekar erfið staða,“ segir Jón Guðmundsson körfuboltadómari, sem einnig er yngriflokkaþjálfari hjá Keflavík.

Eftir að hafa þjálfað í 33 ár og dæmt í 15 er komið að því að hann verður að velja á milli. Körfuknattleikssamband Íslands, KKÍ, hefur gefið það út að dómarar megi ekki lengur þjálfa samhliða dómgæslunni.

**Ekki setja dómara í erfiða stöðu**

„Þessi ákvörðun er almenns eðlis og snýr að því að dómarar séu ekki settir í þá stöðu að þurfa að dæma leiki með félaga sínum sem þeir hafa dæmt hjá, stundum kvöldið áður eða seinna auk þess sem slíkt kann að þykja ósanngjarnt gagnvart þriðja aðila,“ segir meðal annars í yfirlýsingu KKÍ um málið.

Þar segir einnig að þessi regla hafi verið við lýði undanfarin ár en undanþágur hafi verið veittar. Nú hafi aftur á móti verið ákveðið að fylgja reglunni eftir til hins ítrasta.

„Í samtölum við fulltrúa FIBA kom skýrt fram að önnur sjónarmið, hver sem þau kunni að vera, vegi ekki þyngra en þau að allur vafi um hlutleysi eða vanhæfi geti aldrei verið vefengd,“ segir líka í yfirlýsingu KKÍ.

> Ég er ekki í þessu til þess að verða ríkur. Það er alveg klárt.
>
> Jón Guðmundsson

**Er í algjörri óvissu**

Jón getur legið undir feldi í um hálfan mánuð áður en hann tekur ákvörðun um hvað hann ætlar sér að gera næsta vetur; dæma eða þjálfa.

„Það er ekkert leyndarmál að mér þykir það vera fúlt að þessi staða sé komin upp. Ég fer fram og til baka með ákvörðunina og núna er ég í algjörri óvissu. Þetta hefur gengið upp hjá mér í öll þessi ár því Keflvíkingar hafa verið mjög sveigjanlegir þegar kemur að dómgæslunni hjá mér,“ segir Jón en það hefur augljóslega verið mikið að gera hjá honum á síðustu árum með öll þessi verkefni.

„Ég er ekki í þessu til þess að verða ríkur. Það er alveg klárt. Mér finnst ógeðslega gaman að dæma og þess vegna er ég ekki tilbúinn til að hætta. Maður fær ekki bara drull á vellinum. Maður fær alveg hrós líka þótt ótrúlegt megi virðast,“ segir Jón og hlær dátt.

Á öllum þessum árum segist Jón aldrei hafa lent í nokkrum vandræðum vegna þess að hann sinnir báðum störfum. Það hafi gengið vel að aðgreina hlutverkin gagnvart öðrum.

„Ég hef dæmt hjá mönnum sem hafa síðan dæmt hjá mér. Ég er þjálfari þegar svo ber undir og hef fengið tæknivillur og verið kastað út úr húsi, sællar minningar. Ég fæ enga sérmeðferð frekar en aðrir fá sérmeðferð hjá mér,“ segir Jón en hann hefur líka skilning á afstöðu KKÍ.

„KKÍ telur að þetta sé allra meina bót og ég ætla ekkert að segja að þetta sé eitthvað rangt hjá þeim. Það er bara fúlt að vera í þessari stöðu. Að þurfa að velja. Ég verð að virða það sem þeir ákveða og ég geri það.“

**Ákvörðunin stendur**

Keflvíkingar hafa reynt að fá þessu breytt en Hannes S. Jónsson, formaður KKÍ, segir að það muni engu breyta. Ákvörðunin standi.

„Hún stendur og mun standa. Við erum ekki að fara að breyta henni. Við skiljum vel að það séu skiptar skoðanir á málinu. Það má ræða það málefnalega. Sú umræða á að fara fram á réttum stöðum en ekki á samfélagsmiðlum,“ segir Hannes Sigurbjörn Jónsson.

henry@frettabladid.is



Jón Guðmundsson að dæma leik. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Sjö vikur frá síðasta sigri Stjörnukvenna

**FÓTBOLTI** Íslandsmeistarar Stjörnunnar hafa ekki unnið leik í Pepsi-deild kvenna í fótbolta í 47 daga og það verður að breytast í kvöld ætli Garðabæjarliðið að ógna Þór/KA eitthvað í baráttunni um titilinn í ár.

Jafntefli á móti Grindavík og ÍBV á heimavelli í síðustu tveimur leikjum hafa eyðilagt mikið fyrir titilvörn Stjörnuliðsins og um leið gefið norðankonum meira andrými á toppnum. Það kom sér vel fyrir Þór/KA liðið sem komst upp með það að gera jafntefli á heimavelli á móti Fylki í fyrsta leik eftir EM. Þór/KA er með fimm stiga forskot á Stjörnuna fyrir leiki kvöldsins og á einnig leik til góða. Þór/KA heimsækir botnlið Hauka á sama tíma og Stjarnan fær Valskonur í heimsókn.

Ef það hefur einhvern tíma verið leikur upp á líf og dauða fyrir Íslandsmeistaravonir Stjörnunnar í ár þá er það leikurinn í kvöld sem verður sýndur beint á Stöð 2 Sport og hefst klukkan 19.15. Stjarnan vann síðast leik í Pepsi-deildinni 1. júlí síðastliðinn.

Valsliðið er þegar svo gott sem búið að binda enda á meistaravonir Blika með 2-0 sigri í fyrsta leik liðanna eftir EM. Valskonur mæta líka í hefndarhug eftir 1-0 tap í framlengdum undanúrslitaleik liðanna í Borgunarbikarnum fyrir aðeins fjórum dögum en sigurmarkið kom á 117. mínútu leiksins.

Eftir leikinn í kvöld eru aðeins tólf stig eftir í pottinum fyrir Stjörnuna og fari allt á versta veg þá gæti Þór/KA verið komið með átta stiga forskot á Garðbæinga. Framundan er bæði Evrópukeppni og bikarúrslit en ætli Stjörnuliðið að vera með í titilbaráttunni þarf liðið nauðsynlega sigur í Garðabænum í kvöld. – **óój**



**Katrín Ásbjörnsdóttir er fyrirliði Stjörnunnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV - Víkingur Ó. 0-1**

0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (73.)

Guðmundur Steinn Hafsteinsson tryggði Ólafsvíkingum gríðarlega mikilvægan sigur í Eyjum en sigurmark hans kom fjórum mínútum eftir að Víkingar misstu Kwame Quee af velli með rautt spjald.

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Valur | 31 | Víkingur Ó. | 19 |
| Stjarnan | 26 | KA | 18 |
| FH | 24 | Breiðablik | 18 |
| Grindavík | 24 | Fjölnir | 16 |
| KR | 22 | ÍBV | 13 |
| Víkingur R. | 22 | ÍA | 10 |

**Pepsi-deild kvenna**

**Fylkir - Breiðablik 0-2**

0-1 Rakel Hönnudóttir (28.), 0-2 Ingibjörg Sigurðardóttir, víti (32.),

**KR - FH 2-1**

1-0 Hólmfríður Magnúsdóttir (43.), 2-0 Hólmfríður (72.), 2-1 Megan Dunnigan (78.)

| Efst | | Neðst | |
|---|---|---|---|
| Þór/KA | 32 | FH | 18 |
| Breiðablik | 27 | Grindavík | 13 |
| Stjarnan | 27 | KR | 12 |
| ÍBV | 26 | Fylkir | 5 |
| Valur | 22 | Haukar | 1 |

**GYLFI FER Í TREYJU BARRY**

Gylfi Þór Sigurðson var kynntur sem leikmaður Everton í gær og þá kom einnig fram að íslenski landsliðsmaðurinn mun taka við treyjunúmeri Gareth Barry sem var seldur í fyrradag til West Bromwich Albion. Barry var búinn að spila í númer átján hjá Everton undanfarin fjögur tímabil. Gylfi hefur spilað síðustu þrjú tímabil í treyju númer 23 hjá Swansea City en þar áður var hann í treyju númer 22 hjá Tottenham. Þær voru báðar uppteknar hjá EFC.

**UNGU STRÁKARNIR ÚR LEIK**

Ísland féll úr leik í 16-liða úrslitum á HM U-19 liða í handbolta eftir tap fyrir Svíum, 31-26, í Georgíu í gær. Þetta var fyrsta tap Íslands á mótinu en strákarnir unnu sinn riðil og lögðu Þýskaland í lokaleik hans. Svíar voru með undirtökin í leiknum frá fyrstu mínútu en munurinn í hálfleik var þrjú mörk, 14-11. Selfyssingurinn Teitur Örn Einarsson var sem fyrr áberandi í leik Íslands en hann skoraði fjórtán mörk í leiknum. Næstmarkahæstu menn skoruðu tvö mörk hver.




## Í dag

**Pepsi-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | ÍBV - Grindavík | Vestm. |
| 18.00 | Haukar - Þór/KA | Ásvellir |
| 19.15 | Stjarnan - Valur | Samsung-v. |

**Inkasso-deildin**

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | ÍR - Grótta | Hertz-v. |
| 18.30 | Selfoss - Leiknir R. | Jáverk-v. |

| | | |
|---|---|---|
| 17.30 | FH - Braga | Sport |
| 19.05 | Stjarnan - Valur | Sport 2 |
| 22.00 | Solheim Cup | Golfstöðin |




# Opið hús að Hrólfsskálamel fimmtudaginn 17. ágúst kl. 18.00 - 18.30

## Nýjar, stórglæsilegar útsýnisíbúðir á Seltjarnarnesi





**ÍBÚÐ 405** - Fimm herbergja íbúð á fjórðu hæð
**Verð: 145.000.000 kr.**

**ÍBÚÐ 501** - Fimm herbergja íbúð á fimmtu hæð
**Verð: 198.000.000 kr.**















## UPPHAF FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf fasteignafélag slhf. er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði sem tekur þátt í verkefnum á öllum stigum byggingarferilsins. Markmið félagsins er að byggja næstu árin allt að 200 til 250 hagkvæmar íbúðir á ári, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Íbúðirnar eru ýmist ætlaðar til útleigu eða sölu. Verkefnin eru unnin fyrir félagið af fjölmörgum byggingarverktökum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.

Upphaf
FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf er með um 1500 íbúðir í þróun, byggingu, sölu eða leigu á höfuðborgarsvæðinu öllu. Heimasíða félagsins er www.upphaf.is og síminn er 519 3300.

## ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter



# Opið hús að Holtsvegi 8-12 fimmtudaginn 17. ágúst kl. 17.00-17.30

**Glæsilegar 3ja til 4ra herbergja íbúðir á einstökum stað í Urriðaholti**




## UPPHAF FASTEIGNAFÉLAG

Upphaf fasteignafélag slhf. er alhliða fjárfestir á íbúðamarkaði sem tekur þátt í verkefnum á öllum stigum byggingarferilsins. Markmið félagsins er að byggja næstu árin allt að 200 til 250 hagkvæmar íbúðir á ári, sem eru ætlaðar litlum og meðalstórum fjölskyldum. Íbúðirnar eru ýmist ætlaðar til útleigu eða sölu. Verkefnin eru unnin fyrir félagið af fjölmörgum byggingarverktökum. Félagið vinnur einnig að þróunarverkefnum lóða og svæða, endurbótum og breytingum á eldra húsnæði.

Upphaf er með um 900 íbúðir í þróun, byggingu, sölu eða leigu á höfuðborgarsvæðinu öllu. Heimasíða félagsins er www.upphaf.is og síminn er 519 3300.

Upphaf FASTEIGNAFÉLAG

Framtíðin

## INNANHÚSSHÖNNUN



**Helga Sigurbjarnadóttir innanhússarkitekt FHI og Berglind Berndsen innanhússarkitekt FHI**

Grunnhugmynd hönnunarinnar á Holtsvegi er einfaldleiki og tímaleysi. Áhersla er lögð á gott samband á milli alls skipulags og innra fyrirkomulags, efnisáferða og lita í íbúðunum sem skipti miklu máli í allri upplifuninni og stemmningunni. Lagt er upp úr að skapa aðlaðandi og hlýlega stemmningu með fallegum jarðlitum og efnum sem endast vel og er því dökkur viður allsráðandi í innréttingum ásamt ljósum steini sem gerir íbúðirnar einstaklega notalegar og hlýlegar.

## 90% FJÁRMÖGNUN

Húsnæðislán Framtíðarinnar eru verðtryggð viðbótarlán sem henta vel sem viðbót við lán frá lífeyrissjóði eða banka og því er um 90% fjármögnun að ræða. Lánin má greiða með jöfnum greiðslum eða jöfnum afborgunum og eru með allt að 25 ára endurgreiðslutímabili. Á vefsíðunni www.holtsvegur.is er hægt að nálgast sérstaka reiknivél fyrir Húsnæðislán Framtíðarinnar ásamt nánari upplýsingum.




VHE ehf. ARKÍS arkitektar

## ALLAR UPPLÝSINGAR VEITA

**Gunnar Sverrir Harðarson**
Nemi í löggildingu
Sími 862 2001
gunnar@remax.is

**Ástþór Reynir Guðmundsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter



# Gylfi Þór og saga dýrasta Íslendingsins

**Níu forverar Gylfa Þórs Sigurðssonar sem dýrasta knattspyrnumanns Íslands eru langt frá því að ná samanlagt upp í kaupverð Everton á Gylfa. Eiður Smári Guðjohnsen hafði verið sá dýrasti í sautján ár.**

**FÓTBOLTI** Gylfi Þór Sigurðsson átti fyrir gærdaginn þrenn félagsskipti á topp tíu yfir þau dýrustu hjá íslenskum knattspyrnumönnum í gegnum tíðina en er nú í fyrsta sinn dýrasti knattspyrnumaður Íslandssögunnar eftir að Everton keypti hann á meira en 44 milljónir punda frá velska félaginu Swansea City.

Alþjóðlega félagsskipta- og tölfræðisíðan Transfermarkt heldur vel utan um öll félagsskipti í knattspyrnuheiminum og þar má nálgast allar upplýsingar um kaupverð leikmanna í gegnum tíðina. Það er gaman að skoða sögu dýrasta knattspyrnumanns Íslands í samanburði við kaupin á Gylfa. Til að minnka rugling og erfiðleika með brokkgengt gengi íslensku krónunnar þá notum við enska pundið í þessum saman burði.

Ásgeir Sigurvinsson, Hermann Hreiðarsson og Eiður Smári Guðjohnsen náðu allir að slá tvisvar metið yfir dýrasta íslenska knattspyrnumanninn og bæði þeir Ásgeir og Hermann náðu því tvö ár í röð.

Gylfi hefur nú alls verið seldur fyrir 68 milljónir punda á ferlinum og hefur hækkað í verði við hver kaup. Það er þó erfitt að sjá hann halda þeirri þróun áfram eftir þetta risastóra stökk. **ooj@frettabladid.is**




**Ágúst 2017**

## Gylfi Þór Sigurðsson

**Frá Swansea City til Everton**

**£ 44.460.000.-**



**Október 1978**

### Pétur Pétursson

**Frá ÍA til Feyenoord**

**£ 123.000.-**



**Maí 1981**

### Ásgeir Sigurvinsson

**Frá Standard Liege til Bayern München**

**£ 428.000.-**



**Maí 1982**

### Ásgeir Sigurvinsson

**Frá Bayern München til Stuttgart**

**£ 585.000.-**




**Júlí 1989**

### Sigurður Jónsson

**Frá Sheff. Wed. til Arsenal**

**£ 630.000.-**



**September 1998**

### Hermann Hreiðarsson

**Frá Crystal Palace til Brentford**

**£ 1.130.000.-**




**Febrúar 1999**

### Arnar Gunnlaugsson

**Frá Bolton til Leicester City**

**£ 2.520.000.-**



**Október 1999**

### Hermann Hreiðarsson

**Frá Brentford til Wimbledon**

**£ 3.380.000.-**



**Júní 2000**

### Eiður S. Guðjohnsen

**Frá Bolton til Chelsea**

**£ 6.750.000.-**



**Júní 2006**

### Eiður S. Guðjohnsen

**Frá Chelsea til Barcelona**

**£ 10.800.000.-**

**Samtals: £ 26.346.000.-**

blómaval

# POTTA PLÖNTUDAGAR





## Orkidea
2ja greina

Frábært verð!

-26%

1.990kr

~~2.690~~ kr

11325018



-20%

**Skógarjurt**
11 cm pottur

1.590kr

~~1.990~~ kr

11328302



-21%

**Ástareldur**
12 cm pottur

779kr

~~990~~ kr

11328235



-20%

**Græðililja**
Aloe vera,
þykkblöðungur Crassula

1.190kr

~~1.490~~ kr

10005914



-24%

**Kaktus**
Ýmsar gerðir, 8,5 cm pottur

899kr

~~1.190~~ kr

11261825



-37%

**Pottaplöntur**
19 cm pottur, ýmsar tegundir

2.990kr

~~4.790~~ kr

11261298



-37%

**Sómakólfur**
12 cm pottur

2.490kr

~~3.990~~ kr

11328264



-27%

**Friðarlilja**
9 cm pottur

1.290kr

~~1.790~~ kr

11400017



-28%

**Burkni**
13 cm pottur

1.990kr

~~2.790~~ kr

11261563



-33%

**Þykkblöðungur**
10,5 cm pottur

990kr

~~1.490~~ kr

11261568

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

## Merkisatburðir

**1424** - Hundrað ára stríðið: Englendingar unnu sigur á stærri her Frakka í orrustunni við Verneuil.

**1560** - Mótmælendatrú var formlega tekin upp í Skotlandi.

**1924** - Antonio Locatelli, ítalskur flugmaður, kom til Reykjavíkur á flugbáti. Hann fór til Grænlands þann 21. ágúst ásamt Erik Nelson, sem fyrstur kom fljúgandi til Íslands.

**1945** - Indónesía lýsir yfir sjálfstæði.

**1946** - Valgerður Þorsteinsdóttir varð fyrsta íslenska konan til að ljúka einkaflugmannsprófi.

**1960** - Gabon fékk sjálfstæði frá Frakklandi.



**1980** - Heklugos hófst og stóð stutt, aðeins í nokkra daga. Aftur hófst stutt gos þann 9. apríl 1981 og er það talið framhald þessa goss.

**1988** - Forseti Pakistans, Muhammad Zia-ul-Haq, og sendiherra Bandaríkjanna, Arnold Raphel, létust í flugslysi.

# Tugþúsundir fögnuðu afmæli með Kaupþingi

**Kaupþing fagnaði 25 ára afmæli sínu með risatónleikum á Laugardalsvelli á þessum degi fyrir áratug. Tónleikahaldarar sögðu að um 45-50 þúsund manns hefðu komið saman en slíkt fór fjarri sannleikanum eins og fjárhagsstaða bankans sem fór á hliðina ári síðar.**

Rúmlega 45 þúsund manns voru sagðir hafa mætt á afmælistónleika Kaupþings sem haldnir voru á Laugardalsvelli í blíðskaparveðri. Kaupþing fagnaði þá 25 ára afmæli sínu og voru þeir þá stærstu tónleikar sem skipulagðir höfðu verið í kringum íslenska tónlist. Gestir voru á öllum aldri og skemmtu sér vel. Páll Óskar var veislustjóri og kynnir. Sagði hann meðal annars í öðru lagi sínu, að Kaupþing væri international og bauð fólk velkomið.

Í forsíðutexta Fréttablaðsins frá tónleikunum var sagt að 45 þúsund manns hefðu komið saman en síðar kom í ljós að talan var töluvert lægri. Trúlega var talan mun lægri því völlurinn tekur aðeins 11 þúsund manns í sæti og var aðeins önnur stúkan nýtt. Hún var ekki full. Og ekki voru 30 þúsund á vellinum – svo mikið er víst.

Ekkert var sparað til að gera tónleikana sem glæsilegasta. Vísir birti frétt þar sem sagði að tónleikarnir kostuðu um 30 milljónir hið minnsta. Benedikt Sigurðsson, þáverandi upplýsingafulltrúi Kaupþings, vildi þó ekkert gefa upp um kostnaðinn. Hann sagði enn fremur að rekstur Kaupþings gengi vel og að bankinn vildi nota 25 ára afmælið til að bjóða þjóðinni í tónlistarveislu. Trúlega vita flestir hvernig bankinn stóð, nú tíu árum síðar. Einar Bárðarson skipulagði tónleikana fyrir Kaupþing og sagði hann af þessu tilefni að þetta væru stærstu tónleikar sem fyrirtæki hans, Consert, hefði staðið að. Tónleikarnir með José Carreras, Josh Groban og Van Morrison voru bara litlir sveitatónleikar miðað við þessa sagði hann.

Gestir gátu horft á tónleikana úr stóru stúkunni en einnig var gerð brú niður á völlinn þar sem hægt var að standa. Kaupþing flutti inn sérhannaðar plötur frá Bretlandi sem þöktu þjóðarleikvöllinn og hlífðu honum. Fimm fjörutíu feta gámar með plötunum komu til landsins en uppsetning tafðist vegna leiks Vals og Breiðabliks sem fram fór á vellinum skömmu áður.




**Sagt var að um 45-50 þúsund manns hefðu komið á Laugardalsvöll til að sjá veisluna sem Kaupþing bauð upp á. Slíkt var fjarri sannleikanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Fimm fjörtíu feta gámar með plötunum komu til landsins en uppsetning tafðist vegna leiks Vals og Breiðabliks sem fram fór á vellinum skömmu áður.**

Á tónleikunum komu fram, auk Páls Óskars, SS-Sól, Todmobile, Bubbi Morthens, Garðar Thor Cortes, Nylon, Mugison og fleiri. Ókeypis var inn en þeir sem misstu af herlegheitunum gátu hlustað á og séð þá í beinni útsendingu RÚV. **benediktboas@365.is**

ÞETTA GERÐIST 17. ÁGÚST 1987

## Birthday kom út í Bretlandi og sló í gegn

Þrjátíu ár eru í dag liðin síðan Sykurmolarnir gáfu út sína fyrstu smáskífu, Birthday, í Bretlandi. Aðeins viku síðar var hún valin smáskífa vikunnar í tímaritinu Melody Maker sem þeytti hljómsveitinni upp á stjörnuhimin Bretlands þar sem Björk Guðmundsdóttir er enn. Vakti valið eðlilega gríðarlega mikla athygli á sveitinni í Bretlandi og NME valdi lagið einnig sem smáskífu vikunnar síðar í ágúst.

Lagið er á plötunni Life´s too good. Ári áður hafði lagið Ammæli hljómað á öldum ljósvakans á Íslandi. Ammæli var einnig á smáskífunni í Bretlandi.



**Sykurmolarnir koma heim árið 1988.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lagið Birthday fékk fljúgandi start eftir að Melody Maker veitti því athygli og var það meðal annars mikið spilað í útvarpsþætti Johns Peel. Í kjölfarið nutu fleiri lög af fyrstu plötu Sykurmolanna, Life´s Too Good, vinsælda, þar á meðal Coldsweat, Deus og Motorcrash. Lagið Birthday var þó Sykurmolanna langstærsti smellur og í lok árs var það við toppinn á vali á lagi ársins hjá The Village Voice Pazz&Jop listanum víðfrægga.

Hljómsveitin The Mars Volta gerði meðal annars ábreiðu af laginu.



✝

Bróðir minn og frændi,

**Gunnar Vilhjálmsson**
**(Gunni)**
*Ísafold, Garðabæ,*

kvaddi þann 8. ágúst 2017. Jarðsungið verður frá kapellunni í Hafnarfirði. Starfsfólk Ísafoldar og aðrir, kærar þakkir.

**Ásta Vilhjálmsdóttir**
**Ragnheiður Ásta Jóhannsdóttir**
**Berglind Elva Jóhannsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svandís Matthíasdóttir**
*Skúlagötu 20, Reykjavík,*

lést 13. ágúst á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 23. ágúst kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir.

**Birgir Hauksson** **Gróa Erla Ragnvaldsdóttir**
**Rósa Hauksdóttir**
**Baldur Hauksson** **Lilja Ingvarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Ragnar Lárusson**
*Álftamýri 10, Reykjavík,*

lést á Grund þann 12. ágúst sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 21. ágúst kl. 13.00.

**Kristín Jónsdóttir** **Pétur Þórir Pétursson**
**Hjördís Jónsdóttir**
**Ágúst Ragnar Pétursson** **Gwen Requierme**
**Gyða Pétursdóttir** **Quentin Jourde**
**Ingibjörg J. Lárusdóttir** **Guðbjörn Eyjólfsson**
**langafabörn.**



✝

Ástkær sonur okkar og bróðir,

**Hafliði Arnar Bjarnason**

lést 11. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Bjarni H. Sigurjónsson** **Ólöf H. Aðalsteinsdóttir**
**Svanhvít Jóna Bjarnadóttir**
**Hilmir Þór Bjarnason**
**Bernharður Bjarnason**
**Elías Kjartan Bjarnason**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Margrét Ágústsdóttir**
*Norðurvöllum 22, Keflavík,*

lést þriðjudaginn 15. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Árni Ásmundsson**
**Ágúst Páll Árnason** **Birta Rós Arnórsdóttir**
**Dagný Halla Ágústsdóttir**
**Margrét Arna Ágústsdóttir**
**og Hildir Hrafn Ágústsson**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.




# HÖFUM HEIL ÖKUTÆKI Í UMFERÐ!

**Skylduskoðun ökutækja** eru framkvæmdar á **30** stöðum um land allt hjá Frumherja, sjá staðsetningar á frumherji.is

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAÐI SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Norðlæg átt, 8-15 í dag, en 10-18 suðaustanlands seinnipartinn. Þungbúið og væta á köflum norðan og austan til, en bjart að mestu sunnan- og vestanlands. Hiti 8 til 18 stig að deginum, hlýjast á Suðurlandi.




## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 4° | 6° |
| 9 | 7 | 8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 15° | 4° |
| 7 | 7 | 10 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 10° | 4° | 7° |
| 7 | 6 | 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 7° | 14° | 3° |
| 4 | 2 | 5 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | | 9 | | 7 | 8 | 4 |
| | | 2 | 8 | | | 6 | 9 | |
| | 9 | | | 5 | 7 | | 3 | |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | | | | 4 | 8 | | | 9 |
| | 6 | | 2 | | 5 | 8 | | 7 |
| 4 | 7 | | 9 | | | 1 | | |
| 6 | | | | | | | 4 | 8 |
| 1 | | 5 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | | 2 | | | 5 | | |
| | | | | | | 1 | | 8 |
| | | | 8 | 5 | | | | |
| | | | | 1 | | 7 | 9 | 5 |
| 8 | | 6 | | | 9 | 4 | | |
| 1 | 7 | | | 3 | | 8 | | |
| 7 | 4 | 2 | 5 | | | | 8 | |
| | 8 | | | | | 3 | 5 | |
| | | | | | 7 | | 6 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 1 | 8 | | 2 | | 3 | |
| | 7 | 9 | 1 | | | | 5 | |
| 2 | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | | 2 | | | | 9 |
| | | | | 5 | | | | |
| 1 | 4 | | | | | | | 2 |
| | 8 | | 2 | | | | 1 | |
| | | 2 | | | 5 | | | |
| 6 | | 5 | 3 | 7 | | 9 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 2 | 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 4 | 5 | 1 | 8 | 7 | 2 |
| 2 | 8 | 4 | 1 | 9 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 4 | 2 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 9 | 8 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 7 |
| 7 | 6 | 2 | 8 | 4 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 7 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 4 | 3 | 9 | 5 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 5 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 6 |
| 7 | 6 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 3 | 2 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 2 |
| 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 1 | 3 | 6 | 7 | 8 | 9 | 2 | 5 |
| 5 | 7 | 6 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 4 | 7 | 5 | 2 | 3 |
| 3 | 7 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 4 | 2 | 9 | 6 | 3 | 8 | 7 | 1 | 5 |
| 5 | 6 | 7 | 1 | 9 | 4 | 2 | 3 | 8 |
| 8 | 3 | 1 | 2 | 7 | 5 | 9 | 4 | 6 |
| 1 | 4 | 3 | 9 | 2 | 6 | 8 | 5 | 7 |
| 6 | 8 | 2 | 7 | 5 | 1 | 3 | 9 | 4 |
| 7 | 9 | 5 | 4 | 8 | 3 | 1 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. áfall
6. hljóm
8. þyrping
9. rénun
11. sprikl
12. fáni
14. högg
16. í röð
17. beiskur
18. borg
20. skóli
21. frumeind

**LÓÐRÉTT**
1. grunnflötur
3. klafi
4. olnbogarými
5. tími
7. afsökun
10. ósigur
13. eldsneyti
15. slabb
16. geislahjúpur
19. svörð

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | ■ | | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** lost, **6.** óm, **8.** kví, **9.** lát, **11.** ið, **12.** flagg, **14.** spark, **16.** áb, **17.** súr, **18.** róm, **20.** ma, **21.** atóm.
**LÓÐRÉTT: 1.** gólf, **3.** ok, **4.** svigrúm, **5.** tíð, **7.** máls-bót, **10.** tap, **13.** gas, **15.** krap, **16.** ára, **19.** mó.

## Skák Gunnar Björnsson

Rotmanov átti leik gegn Laksa í Sovétríkjunum árið 1975.

**Hvítur á leik**

**1. Hd2+! exd2 2. Df3+ Ke1 3. Df1# 1-0.** Garry Kasparov vann sína fyrstu skák í gær at- og hraðskákmótinu í St. Louis.

**www.skak.is:** Fylgst með Kasparov.







**Útsöluaðilar:**
Útilíf – Kringlunni – Smáralind • Sportver Akureyri • Toppmenn & Sport Akureyri
K Sport Keflavík • Nína Akranesi • Sportbær Selfossi • Axel Ó Vestmannaeyjum
**Dreifingaraðili:** DanSport ehf. Hægt að sjá vörur á **dansport.is**





## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Markaðstorg
Opnar kl. 11 í dag!
© Inter IKEA Systems B.V. 2017
IKEA
Nú er markaðsstemning í IKEA. Við rýmum til á lagernum og setjum upp markaðstorg á kassasvæði og í gróðurhúsunum fyrir utan verslunina. Komdu og gerðu frábær kaup á völdum vörum, bæði smávöru og húsgögnum.
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA®

markhönnun ehf

# nettó



NAUTA RIB-EYE
Í HEILU
2.099 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.998 KR/KG~~
-30%




FOLALDASTEIK
Í KRYDDOLÍU
2.198 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.498 KR/KG~~



HUMAR ÁN SKELJAR
800 GR. FROSIÐ.
2.999 KR/PK
ÁÐUR: ~~4.998 KR/PK~~
-40%




-31%
LAMBAINNRALÆRI
MARINERAÐ
1.998 KR/KG
ÁÐUR: ~~2.895 KR/KG~~



-40%
COOP LAXABITAR
SÍTRÓNU/PIPAR
539 KR/PK
ÁÐUR: ~~898 KR/PK~~



-30%
SIRLOINSNEIÐAR
VILLIKRYDDAÐ
1.399 KR/KG
ÁÐUR: ~~1.998 KR/KG~~

ÓDÝRT Í nettó



-30%
NETTÓ VÍNARPYLSUR
10 STK.
370 KR/PK
ÁÐUR: ~~528 KR/PK~~




-30%
LB GULRÓTARTERTA
STÓR
1.329 KR/STK
ÁÐUR: ~~1.898 KR/STK~~




SMOOTHIES DIT VALG
GRÆNN / GULUR / RAUÐUR
439 KR/PK
ÁÐUR: ~~549 KR/PK~~
-20%

**Tilboðin gilda 17. - 20. ágúst 2017**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



KJÖTBORÐ

**GRÍSARIF FULLELDUÐ**
BBQ ÓFROSIÐ
**699 KR/KG**
ÁÐUR: ~~998 KR/KG~~
**-30%**

**NAUTA T-BONE STEIK**
1 STK P/PK
**3.289 KR/KG**
ÁÐUR: ~~4.698 KR/KG~~
**-30%**





**HUMAR**
SKELBROT STÓRT. 1KG.
**4.998 KR/KG**
ÁÐUR: ~~5.950 KR/KG~~

*Góður á grillið!*

**-50%**



**KARTÖFLUR Í LAUSU**
NÝJAR ÍSLENSKAR
**175 KR/KG**
ÁÐUR: ~~349 KR/KG~~

*Íslenskar kartöflur*




**-31%**

**CARAMEL BAR**
5 STK. TUNNOCK'S.
**199 KR/PK**
ÁÐUR: ~~289 KR/PK~~

**-40%**




**CADBURY BRUNCH**
CHOC CHIP 6 STK 210 GR.
**179 KR/PK**
ÁÐUR: ~~299 KR/PK~~




**CADBURY BAR**
**DAIM & OREO**
SÚKKULAÐI 120 GR.
**199 KR/STK**
ÁÐUR: ~~249 KR/STK~~
**-20%**

**-43%**




**COOP FLÖGUR**
SOURCREAM & ONION
175 GR.
**199 KR/PK**
ÁÐUR: ~~349 KR/PK~~

**-20%**




**KREMKEX**
FRÁ OREO. 154 GR.
**119 KR/PK**
ÁÐUR: ~~149 KR/PK~~




**COOP SALTSTANGIR**
250 GR.
**129 KR/PK**
ÁÐUR: ~~189 KR/PK~~
**-32%**

# Dísilvélar munu áfram gegna mikilvægu hlutverki í bílasamgöngum

Forstjóri BMW segir rafmagnið ekki einu grænu lausnina. Fullkomnari og háþróaðri dísilvélar munu einnig gegna hlutverki í þróun sjálfbærra bílasamgangna. Bestu dísilvélarnar losa lítið af skaðlegum efnum út í umhverfið.

Í ræðu, sem Harald Krüger, stjórnarformaður BMW Group, hélt í síðustu viku við upphaf ráðstefnu innanríkisráðuneytis Þýskalands sem bar yfirskriftina National Diesel Forum, kom m.a. fram að fyrirtækið ætlaði sér að vera áfram í fremstu röð þýskra bílaframleiðenda við þróun bíla sem nota rafmagn sem orkugjafa. Hann sagði einnig að BMW myndi halda áfram þróun dísilvéla sem uppfylla muni alla ströngustu mengunarstaðla heims, þar á meðal Euro 6.

### Bestu dísilvélarnar mjög umhverfismildar

„Okkur er fullkomlega ljóst að sjálfbærni er jafn mikilvæg bílasamgöngum framtíðarinnar og akstursánægjan sem fylgir því að aka BMW. Á því sviði stendur BMW í fremstu röð. Við vorum fyrsti bílaframleiðandinn í Þýskalandi sem einsetti sér að þróa til fulls rafmagnstæknina sem orkugjafa í bílum og höfum sett á markað fleiri slíka bíla en nokkur annar þróaður bílaframleiðandi í heiminum. Hins vegar er rafmagnið alls ekki eina græna lausnin. Fullkomnari og háþróaðri dísilvélar munu einnig gegna mikilvægu hlutverki í þróun sjálfbærra bílasamgangna.

Þegar litið er til baráttunnar gegn loftslagsbreytingum verður jafnframt að horfa til þess hvaða árangur hefur náðst í þróun dísilvéla. Þegar horft er til ýmissa efna sem bílvélar losa og eru skaðleg umhverfinu kemur í ljós að bestu dísilvélarnar losa alveg jafn lítið eða jafnvel minna af skaðlegum efnum en nýju bensínvélarnar. Þetta á sérstaklega við um smáagnir, kolvetni og kolsýring. Þessi efni eru nú orðin svo lítil í útblæstri dísilvéla að þær hafa ekki lengur neikvæð áhrif á loftgæði. Af þessum ástæðum leggur BMW ríka áherslu á hreinskiptna og opna umræðu sem grundvallist á staðreyndum og vísindalegum rannsóknum áður en teknar verði afdrifaríkar ákvarðanir.“

### Ekkert svindl

Benti Krüger á að dísilvélar BMW Group losuðu nú þegar að meðaltali um 40% minna NOx en dísilvélar annarra bílaframleiðenda í Þýskalandi. Það staðfesti Umhverfisstofnun Þýskalands, Germany Federal Environment Agency, í apríl sl. og uppfylli dísilvélar BMW Group nú þegar bæði staðla Euro 5 og 6. Krüger segir að umræðan um endalok dísilvélarinnar hafi stórskaðað umhverfisverndarumræðuna og komið óverðskulduðu óorði á bestu dísiltæknina auk þess sem umræðan hafi skapað óöryggi meðal milljóna eigenda bíla með dísilvél.

„Bestu dísilvélarnar byggja á mjög þróaðri tækni og eru mjög hreinar með tilliti til losunar. Við höfum alla tíð lagt áherslu á að tækni BMW Group við þróun véla með tilliti til útblásturs sé allt annars eðlis en annarra bílaframleiðenda. Við höfnum því að auki gjörsamlega öllum dylgjum þess efnis að ólöglegan búnað sé að finna í útblásturskerfi bíla BMW Group enda hafa rannsóknarteymi á vegum þýskra stjórnvalda sem og í öðrum löndum staðfest að engar vísbendingar séu um slíkan búnað,“ sagði Krüger.




BMW X3 bíllinn verður í boði sem rafmagnsbíll eftir aðeins þrjú ár að sögn Haralds Krüger, stjórnarformanns hjá BMW.

### Von á BMW X3 í hreinni rafmagnsútfærslu

Krüger segir að auk þess sem þróun dísilvéla BMW Group verði haldið áfram sé jafnframt mikil áhersla lögð á þróun rafmagnsbílatækninnar sem boðin sé í sífellt fleiri bílgerðum frá fyrirtækinu. „Sveigjanlegar tæknilausnir í bílum og verksmiðjum samstæðunnar gera okkur m.a. kleift að taka skjótar ákvarðanir um það hvaða bílgerðir skuli framleiða á hverjum tíma, í hvaða magni og hvaða lausn skuli velja með tilliti til orkugjafa: dísilvél, bensínvél, rafmótor eða tengiltvinnlausn. Á þessu ári gerum við ráð fyrir að selja að minnsta kosti 100 þúsund bíla sem styðjast við rafmagn sem orkugjafa, hvort sem það eru rafmagnsbílarnir BMW i3 og i8 eða einhver hinna mismunandi gerða Plug-In Hybrid bíla sem BMW og MINI hafa fram að færa. Sem stendur er hægt að velja um níu „rafmagnaða“ bíla frá BMW Group og er von á enn fleiri gerðum á næstu árum. Meðal annars verður hægt að fá BMW X3 í hreinni rafmagnsútfærslu árið 2020,“ segir Krüger.



BMW mótorhjól í ægifagurri íslenskri náttúru.

## 55 BMW mótorhjól á Vestfirðina

BMW mótorhjólaklúbburinn á Íslandi er félagsskapur fólks sem ekur um á BMW mótorhjólum. Klúbburinn var stofnaður þann 14. júní 2007 og fagnaði því 10 ára afmæli á þessu ári. Haldin var vegleg afmælisgrillveisla á Þingvöllum í sumar þar sem klúbbmeðlimir ásamt fjölskyldum komu saman og héldu upp á árin tíu. Í klúbbnum eru rétt tæplega 100 félagar sem allir eiga það sameiginlegt að eiga BMW mótorhjól og hafa mikinn áhuga á ferðalögum á mótorhjólum.

BMW mótorhjól eru talin henta vel til ferðalaga og eru sniðin að þörfum ferðalangsins. Þess vegna hefur verið lögð rík áhersla á ferðamennsku innan BMW mótorhjólaklúbbsins.

### Ætla að skoða helstu náttúrugersemar Vestfjarða

Á vegum klúbbsins eru farnar nokkrar skipulagðar ferðir á ári hverju, bæði í formi dagsferða um landið en einnig lengri ferðir þar sem gist er í tjöldum eða á gistiheimilum. Einnig hafa verið skipulagðar nokkrar utanlandsferðir á vegum klúbbsins.

Á afmælisárinu vill svo skemmtilega til að um 25 félagar úr þýska BMW GS Club International ætla að koma með hjólin sín til Íslands og ferðast um landið í 2 vikur. Þeir munu slást í för með íslenska BMW mótorhjólaklúbbnum í fjögurra daga ferð um Vestfirði þar sem skoðaðar verða helstu náttúrugersemar Vestfjarða, allt frá Látrabjargi og alla leið norður á Strandir þar sem endað verður á heljarinnar kjötsúpuveislu og bryggjuballi að hætti Strandamanna.

Um 30 meðlimir íslenska BMW klúbbsins hafa boðað þátttöku sína í ferðina svo að þessi ferð verður stærsta hópferð BMW mótorhjólaklúbbsins fyrr og síðar, eða um 55 hjól.

## Þýskir bíleigendur afar ánægðir með Hyundai

Í könnun Auto Test settu þátttakendur Hyundai i20 blue 1,0 l T-GDI og Tucson 1,7 l CRDi 2WD í fyrsta sæti þegar spurt var um verð, hönnun farþegarýmis, almenn gæði, tæknibúnað og ábyrgðarskilmála þar sem Hyundai býður 5 ára ábyrgð án tillits til þess hversu mikið er ekið á tímabilinu. Þannig skora rúmgóð og þægileg sæti ásamt góðu innra rými i20 hátt meðal bíleigenda í könnun Auto Test auk þess sem verðið á bílnum þykir gott, en hann er búinn sparneytinni þriggja strokka vél.

Í tilviki Tucson skoraði sparneytni 115 hestafla dísilvélarinnar hátt auk lágs viðhaldskostnaðar, rýmis, búnaðar og hagstæðs verðs á bílnum.

### Samhengi milli ánægju og áreiðanleika

Áreiðanleikakönnun J.D. Power (VDS) í Þýskalandi nær til fjórtán þúsund ökumanna og er könnunin sú umfangsmesta sem gerð er þar í landi. Í könnuninni í ár kemur fram sérlega mikil ánægja meðal bíleigenda með Hyundai i30, en bíllinn skoraði hæst í nokkrum flokkum. Meðal annars voru eigendur spurðir um reynslu þeirra af bílnum með tilliti til gæða, áreiðanleika, viðhaldskostnaðar og hönnunar. Í þessum flokkum kom i30 lang best út miðað við aðra bíla í flokki minni bíla.

Könnunin náði bæði til eigenda nýrra i30 bíla og þeirra sem átt hafa i30 í að minnsta kosti tvö ár og segir dómnefnd J.D. Power að könnunin sýni beint samhengi milli ánægju og áreiðanleika. Kannanir J.D. Power þykja þær áreiðanlegustu sem gerðar eru á bílamarkaðnum, en þær hafa verið framkvæmdar í tæp 50 ár í Bandaríkjunum og í Þýskalandi frá árinu 2002.



Hyundai Tucson fékk góða einkunn hjá þýskum eigendum slíkra bíla.

# FJALLALAMB Á FRÁBÆRU VERÐI




**FJALLALAMBSLÆRI**
FROSIÐ
**999** KR.KG

Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast.

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ**

# Fjölbreytt og spennandi einleikjahátíð í firðinum

**Sigríður Jónsdóttir, leiklistargagnrýnandi Fréttablaðsins, skellti sér vestur til Suðureyrar við Súganda fjörð þar sem einleikjahátíðin Act Alone á heima. Sigríður segir frá því sem fyrir augu og eyru bar.**

Sigríður Jónsdóttir
Skrifar



Eyrún Ósk Jónsdóttir, rithöfundur og leikari, les upp úr ljóðabók sinni Góðfúslegt leyfi til sígarettukaupa, á Act Alone hátíðinni. MYND/ÁGÚST ATLASON

Einleikjahátíðin Act Alone fór fram í fjórtánda skiptið um síðustu helgi á Suðureyri við Súgandafjörð. Þar eru íbúar um 270, og talan margfaldast á þeim þremur dögum sem viðburðirnir eiga sér stað. Leikarinn Elfar Logi Hannesson er potturinn, pannan og eldurinn undir hátíðinni sem stækkar á hverju ári. Hjarta hátíðarinnar er í félagsheimili þorpsins sem tekur tæplega 200 manns í sæti. En starfsfólki hátíðarinnar tekst með ótrúlegum hætti að finna pláss handa öllum þeim sem vilja sækja listviðburðina sem eru í boði. Ókeypis er inn á alla viðburði og unnið er hörðum höndum við að hafa dagskrána fjölbreytta.

Hugmyndafræði hátíðarinnar er einföld: Eina reglan er að listafólkið sem tekur þátt í hátíðinni þarf að standa eitt á sviði og fremja sína list. En allar góðar reglur er hægt að beygja örlítið þó að yfirhöfuð standist þær skoðun. Eins og áður sagði fer hátíðin fram á Suðureyri en einu sinni voru gerðar tilraunir til að færa hátíðina til Ísafjarðar, allavega að hluta. Þær hugmyndir gengu ekki nægilega vel upp og með hjálp ókeypis rútuferða frá Ísafirði er leikur einn að komast yfir fjallsskarðið.

## Fiskur og fjallkonan

Hefð er nú orðin fyrir því að herlegheitin hefjist á fimmtudeginum með heljarinnar fiskiveislu í boði fyrirtækja á svæðinu og er góðgætið auðvitað ókeypis. Löng röð myndaðist við hlaðborðið og var ekki óalgengt að sjá áhorfendur mæta hálftíma fyrir sýningu til að fá bestu bitana og sætin.

Fjallkonan eftir Heru Fjord í leikstjórn Ragnheiðar Hörpu Leifsdóttur var opnunarsýning hátíðarinnar. Í sýningunni vefur Hera eigin reynsluheim saman við lífshlaup langalangömmu sinnar, veitingakonunnar Kristínar Dahlstedt, sem fór ung til Danmerkur að læra matseld og rak síðan veitingaþjónustu í Reykjavík við góðan orðstír. Elfar Logi tók síðan sjálfur við með einleiknum sínum um einbúann Gísla á Uppsölum sem Þröstur Leó Gunnarsson leikstýrði. Sú sýning fór hringferð um landið á síðastliðnu ári og allar líkur á því að fleiri sýningar séu í kortunum. Eyrún Ósk Jónsdóttir, rithöfundur og leikari, lokaði síðan þessum fyrsta degi með útiupplestri upp úr ljóðabók sinni Góðfúslegt leyfi til sígarettukaupa, sem hreppti Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar í fyrra. Upplesturinn fór fram á leikvelli bæjarins í stafni gamallar trillu við kertaljós í ljósaskiptunum. Þetta var ekki eina sýningin sem fór fram undir óvenjulegum kringumstæðum þar sem fegurð fjarðarins fékk að njóta sín.

## Listir á landsbyggðinni

Atvinnutækifæri listafólks utan höfuðsvæðisins voru í brennidepli á föstudeginum en þá var efnt til málstofu um óstöðugan stuðning ríkis og sveitarfélaga við listastarfsemi á landsbyggðinni. Gísli H. Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, setti þingið og Kolbrún Halldórsdóttir, forseti Bandalags íslenskra listamanna, stjórnaði umræðum. Frummælendur voru Jón Páll Eyjólfsson, leikhússtjóri hjá Leikfélagi Akureyrar, Karna Sigurðardóttir, forstöðumaður Menningarstofu Fjarðabyggðar, og Einar Þór Gunnlaugsson leikstjóri.

Upphaflega átti Halldór Halldórsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkurborg og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, að taka þátt í umræðum eftir framsögu frummælenda en afboðaði komu sína. Teitur Björn Einarsson, alþingismaður Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi, tók hans stað. Elfar Logi sat einnig fyrir svörum en mætingin var því miður ekki nægilega góð þrátt fyrir mikilvægt málefni.

**SAMSTARFSYFIRLÝSING RÍKISSTJÓRNARFLOKKANNA VAR TIL UMRÆÐU OG BENTI KOLBRÚN Á AÐ LISTIR HEFÐU ORÐIÐ UNDIR EFTIR AÐ SKILGREINING MÁLAFLOKKSINS UM SKAPANDI GREINAR HEFÐI VERIÐ VÍKKUÐ ÚT.**

Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnarflokkanna var til umræðu og benti Kolbrún á að listir hefðu orðið undir eftir að skilgreining málaflokksins um skapandi greinar hefði verið víkkuð út. Í núverandi mynd er hvergi fjallað um listir í samstarfsyfirlýsingunni þrátt fyrir að menning og menningararfleifð sé til umfjöllunar. Í sinni núverandi mynd fer meira fyrir tæknigreinum, verknámi og hönnun heldur en að sérstaklega sé tekið tillit til listsköpunar. Slíkt kemur niður á listafólki og listinni sjálfri.

Jón Páll dró upp dökka mynd af fjárhagsstöðu LA en fjárframlög til félagsins hafa ekki hækkað í áratug, aldrei hafi verið bætt fyrir 20% niðurskurðinn eftir hrun og ekki er til fjármagn fyrir fastráðinn leikhóp. Í maí síðastliðnum lögðu forsprakkar félagsins fram breytingartillögur sem liggja nú á borði yfirvalda og sagði Jón Páll að boltinn væri kyrfilega á þeirra velli en enn er fátt um svör. Einar Þór benti á að sárlega skorti rannsóknir á sviði listgreina og þá sérstaklega hvað varðar kortleggingu skapandi greina. Ekki var umræðan öll biksvört en Karna, nýráðinn forstöðumaður Menningarstofu Fjarðabyggðar, benti á að þolinmæði og þrautseigja skilaði sér að lokum og að hennar starf hafi verið skapað sérstaklega til að styðja við menningu í Fjarðabyggð. Listafólk, sem og stjórnarfólk, yrði að skoða hvað vantaði í samfélagið ekki endilega einblína á það sem fólk vildi.

## Pabbi, kona og skemmtun

Eftir fjörugar samræður var komið að sýningardagskrá kvöldsins þar sem Hannes Óli Ágústsson byrjaði leikinn með einleiknum Hún pabbi, sem sýndur var við góðan orðstír í Borgarleikhúsinu á síðasta leikári. Sýningin fjallar um samband Hannesar Óla við pabba sinn sem gekkst undir kynleiðréttingu kominn á sextugsaldur. Áhorfendur slógust síðan í ferð með kvenskörungnum Guðríði Þorbjarnardóttur, leikin af Þórunni Ernu Clausen, á ævintýralegri leið hennar til fyrirheitna landsins, Ameríku. Ólöf Arnalds fyllti félagsheimilið með ljúfum tónum með dyggri aðstoð Skúla Sverrissonar þar sem angurværðin réði ríkjum. Grínistinn Þorsteinn Guðmundsson sló síðan botninn í viðburðaríkan dag þar sem hann skemmti áhorfendum konunglega með gamansömum sögum af hversdeginum.

## Líflegur laugardagur

Börnin áttu sviðið á laugardagseftirmiðdag en þrjár sýningar fyrir fólk á öllum aldri byrjuðu þennan lokadag hátíðarinnar. Íslenski fíllinn ferðaðist alla leiðina frá brúðulofti Þjóðleikhússins til Suðureyrar til þess að deila sinni reynslusögu. Bernd Ogrodnik og Hildur M. Jónsdóttir frömdu hetjudáð þegar fílskálfurinn Ayodele meiddist á ferð sinni yfir Atlantshafið en snöggar læknishendur komu honum aftur upp á svið. Fjöllistamaðurinn Basketball Jones sýndi sirkuslistir fyrir gangandi vegfarendur við mikla kæti. Greta Clough, forsprakki norðlenska brúðuleikhússins Handbendi, lokaði síðan barnadagskránni með sinni túlkun á sögunni um Búkollu en þar fengu litlu áhorfendurnir tækifæri til að taka virkan þátt í sýningunni.

Einleikir eru ekki einskorðaðir við sviðið og sú staðreynd var sönnuð þegar áhorfendur fengu tækifæri til að hlusta á eitt af þremur útvarpsverkum á óvenjulegum stöðum. Ausa Steinberg eftir Lee Hall og Djúpið eftir Jón Atla Jónasson voru spiluð í heimahúsum plássins en Kvöldstund með Ódó eftir Ásdísi Thoroddsen ómaði um þorpskirkjuna.

Félagsheimilið troðfylltist þegar Sigurður Sigurjónsson steig á svið í hlutverki sínu sem fúleggið Ove í leikstjórn Bjarna Hauks Þórssonar. Maður sem heitir Ove hefur gengið fyrir fullu húsi í Þjóðleikhúsinu og fleiri sýningar eru á dagskrá í haust. Skáldið Kristín Eiríksdóttir var næst á svið en hún las nýjustu ljóðabókina sína Kok, sem tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2014, í heild sinni og af mikilli list. Vonandi ekki í síðasta sinn því lesturinn var kynngimagnaður. Hinn landsþekkti tónlistarmaður Eyjólfur „Eyfi“ Kristjánson rifjaði upp stef frá sínum áratugalanga ferli og áhorfendur hikuðu ekki við að taka undir lögin af miklum krafti. Lokasýning hátíðarinnar var dansverkið Vera eftir Unu Björgu Bjarnadóttur en sviðsetningin var vægast sagt eftirminnileg en hún fór fram á grasbletti við hliðina á félagsheimilinu. Tæknifólkið reisti ljósabúnaðinn úti, stjórnborðinu var skellt upp á næsta skúr og tónlistarkonan Sigrún Jónsdóttir spilaði undir á meðan Una Björg framdi sinn dans. Dansverkinu og hátíðinni lauk síðan rétt eftir miðnætti við mikið lófaklapp áhorfenda.

## Fullt hús og framtíðin

Samkvæmt skipuleggjendum hátíðarinnar var áhorfendamet slegið í ár en óformleg talning gaf til kynna að um 3.000 gestir hafi sótt viðburði á Suðureyri um síðustu helgi. Á kvöldsýningunum var iðulega fullt út úr dyrum, stólapláss fullnýtt og ekki óalgeng sjón að sjá fólk standa. Skipuleggjendur Act Alone og þá sérstaklega Elfar Logi Hannesson eiga heiður skilið fyrir elju og einbeittan vilja við að sinna sviðslistarlífi á landsbyggðinni af þeim krafti sem raun ber vitni. Vonandi sjá fleiri sér fært að leggja land undir fót á næsta ári og upplifa fjölbreyttar sviðslistir í einstakri náttúrufegurð Vestfjarða.

# LÆGSTA VERÐIÐ á notuðum námsbókum og MESTA ÚRVALIÐ af öllum námsbókum samkvæmt könnun ASÍ *

*Könnun gerð fimmtudaginn 10. ágúst 2017

Stærsti skiptibókamarkaður A4 er í Skeifunni. Opið til kl. 22 alla daga.

Tekið er á móti skiptibókum í öllum verslunum A4.



Herschel
Verð 9.995 kr.



Explore
Verð 9.990 kr.



Explore
Verð 9.990 kr.



Under Armour
Verð 5.990 kr.





Herschel fartölvuslíður 15”
Verð 5.995 kr.



Nike
Verð 5.999 kr.



Rocket
Verð 13.999 kr.

Opið allan sólarhringinn í A4 Skeifunni frá 17. –22. ágúst

– 24/7 –



SPINNER FYLGIR ÖLLUM SKÓLATÖSKUM *

* á meðan birgðir endast.

Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is
Þú skráir þig í A4 klúbbinn á www.a4.is eða í næstu A4 verslun.

A4 Kringlunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á Facebook pinterest.com/a4fondur og instagram.com/a4verslanir

A4 SKÓLAVÖRUBÚÐIN ÞÍN













# BÍÓ



Hinn tilþrifalausi ungi leikari Tom Taylor í hlutverki Jake ásamt Idris Elba sem leikur hinn eitursvala Roland.

# Turninn sem féll áður en hann var risinn

**KVIKMYNDIR**

**The Dark Tower**

★★☆☆☆

**Leikstjóri:** Nikolaj Arcel
**Framleiðendur:** Akiva Goldsman, Ron Howard, Erica Huggins
**Handrit:** Akiva Goldsman, Jeff Pinkner, Anders Thomas Jensen, Nikolaj Arcel
**Aðalhlutverk:** Tom Taylor, Idris Elba, Matthew McConaughey

Kvikmyndir byggðar á bókum Stephens King eru næstum því heill bíógeiri út af fyrir sig. Útkomurnar hafa verið eins fjölbreyttar og þær hafa verið misjafnar að gæðum en segja má að The Dark Tower sé ótvírætt hans metnaðarfyllsta og umfangsmesta verk. Þessi mikilfenglegi sjö eininga skáldsögubálkur var í bígerð hjá King í þrjátíu ár og snarar saman miklu úr sögum hans, hugmyndum og yfirnáttúrulegum djöflum undir sama hatt.

Það er því skiljanlegt að aðdáendur höfundarins taki það aðeins meira nærri sér þegar ekki bara er misst marks í flutningi inngangsins upp á hvíta tjaldið, heldur þegar afraksturinn, með svona botnlaust aðgengi að villtum hugmyndum, verður svona flatur, óeftirminnilegur og ber merki um fullmarga kokka í eldhúsinu.

Vandamálið við þessa útkomu er í rauninni margþætt; sem aðlögun (og þá mjög frjálsleg aðlögun sem veiðir nokkra þætti úr fyrstu, þriðju og sjöundu bókinni) er myndin skelþunn, formúlubundin og einkennilega kraftlaus. Ef myndin er metin sem sjálfstæð eining og án allra tenginga eða hugsana um að hér sé reynt að leggja teina fyrir komandi kvikmyndir og tilvonandi sjónvarpsseríu, er erfitt að segja að myndin sé eitthvað átakanlega slæm. En skelfilega mikið „bla“ er hún.

Fyrir það fyrsta hvílir The Dark Tower mestmegnis á öxlum heldur tilþrifalauss ungs leikara að nafni Tom Taylor. Hann leikur Jake Chambers, þjáðan dreng með sérstaka hæfileika en hefur ekki enn fullan skilning á því hvað þeir þýða, frekar en sýnir hans um illar verur og heimsendi. Þegar skrímsli í dulargervum reyna að elta Jake uppi uppgötvar hann hlið að öðrum heimi. Þá kynnist hann ljónharða byssumanninum Roland, sem staðið hefur í eilífu stríði við prakkaralegan seiðkarl, betur þekktan sem „maðurinn í svörtu“ (og gengur undir hinu ógnandi heiti Walter), sem hefur það markmið að fella turninn sem heldur heiminum saman og leysa ill öfl úr læðingi. Með gallaðri úrvinnslu myndarinnar sjá hins vegar framleiðendur til þess að fella þennan fræga turn – og alla möguleika á áframhaldi – löngu áður en McConaughey fær tækifærið til þess að klára það verk.




Feilspor myndarinnar skrifast ekki alfarið á Taylor, en í burðarhlutverkinu er hann ekki nógu sannfærandi og hefði mátt endurhugsa það að setja Roland og Walter á hliðarlínuna. Það er þó ekki bara leikurinn hjá Taylor sem er vandamálið, heldur hvernig handritið mótar persónuna og gerir afskaplega lítið við hana. Það er ekki mikið sem skilur Jake frá öðrum drengjum með náðargáfu í fantasíusögum sem uppgötva stærri ævintýraveröld og æðri tilgang, til að mynda Bastian úr Sögunni endalausu, Harry Potter, Percy Jackson eða jafnvel Eragon, eða réttar sagt beinagrindinni að slíkum karakterum.

Elba er aftur á móti þannig gerður að hann gæti varla verið slakur í hlutverki þótt hann svæfi. Að eðlisfari er hann ákaflega svalur og hleypir þeim töfrum aðeins í gegnum byssumanninn Roland með reiði og stóískum sjarma.

McConaughey er látið að flækja hlutina hjá sér. Maðurinn í svörtu býður ekki upp á mikla dýpt, svo leikarinn reynir í staðinn bara að leika sér að hlutverkinu, nánast eins og hann sé meðvitað að reyna að bjarga vondu handriti með dassi af ofleik og sjálfumglöðum straumum. Í sameiningu bæta reynsluboltarnir tveir einhverju við myndina, í það minnsta nægum púlsi til þess að koma í veg fyrir leiðinlega setu.

Sagnabálkurinn er morandi í flottum hugmyndum en innihaldið er ekki upp á marga fiska í þessu tætta, klisjukennda handriti og er hreinlega með ólíkindum hvað góður efniviður virðist vera útþynntur en í senn þvældur að óþörfu. Það kemur líka út í rennslinu eins og fjöldi sena hafi verið klipptar út á síðustu stundu.

Framvinda myndarinnar virkar eins og tilþrifalítill „pilot“-þáttur, sérstaklega gerður til þess að stilla upp athyglisverðum stefnum en skilur áhorfandann síðan bara eftir með smjörþefinn. Fjölbreytt veröld Kings kemur út eins og algjört aukaatriði og er lítið sem ekkert sem við fáum að kynnast af henni af viti.

Þess er gætt að strá nógu af tilvísunum í stærri sarp Stephens King, stórum eða litlum (Christine-bíllinn dúkkar meðal annars þarna upp í leynihlutverki ásamt lúmskri vísun í Shining-tvíburana, svo dæmi sé tekið). Myndin helst á floti með því að vera eins brött og mögulegt er, sem er ákveðinn styrkur í sjálfu sér. Atburðarásin kemur sér beint að efninu (eins lítið af því og er í boði), tefst örsjaldan og myndin er löngu liðin hjá áður en áhorfandinn fær einu sinni tíma til þess að melta heildina.

The Dark Tower er nánast eins og lifandi táknmynd bæði auðgleymdrar Hollywood-stórmyndar, þar sem einungis púður og flugeldar ráða öllu, og á sama tíma er þetta eðaldæmi um sóað tækifæri miðað við möguleika. Kannski mun betur ganga með næstu tilraun, hvenær og hvernig sem hún verður.

**Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Misheppnuð tilraun, en Elba er flottur.


2 SPORT
Premier League
ENSKI BOLTINN ER HAFINN!
Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag*
11.990 kr. á mánuði
SPORTPAKKINN
TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT
STRAX Í DAG
365.is | Sími 1817
365
*miðað við 12 mánaða bindingu








# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 17. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Anna og Sölvi fara hringinn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Edinborgarhúsið, Ísafirði
Frændsystkinin og dúóið Anna Gréta Sigurðardóttir (píanó) og Sölvi Kolbeinsson (saxófónn) leika frumsamda tónlist og útsetningar sem þau hafa unnið að síðustu mánuði. Tónlistin gæti flokkast sem melódískur djass undir þjóðlagaáhrifum þar sem spuninn er í fyrirrúmi. Anna og Sölvi hafa bæði hlotið titilinn „bjartasta vonin“ á Íslensku tónlistarverðlaunum. Í dag spila þau á Ísafirði.

**Hvað?** Útgáfutónleikar Rebekku Sifjar
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg
Í tilefni af útgáfu fyrstu plötu tónlistarkonunnar Rebekku Sifjar, „Wondering“, verða haldnir veglegir útgáfutónleikar á Rosenberg í kvöld kl. 21.30.

**Hvað?** Solla Soulful ásamt hljómsveit
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu
Söngkonan og lagahöfundurinn Sólveig Þórðardóttir eða Solla Soulful eins og hún kallar sig mun syngja sálarfull lög, bæði eigin lög og annarra, ásamt kraftmikilli hljómsveit. Þekkt lög með Beyoncé, Noruh Jones, Gabrielle, D´Angelo og Skunk Anansie munu hljóma í bland við gömul og góð blues-kennd lög sem söngdívur eins og Aretha Franklin, Etta James og Ann Peebles sungu í trylltum filing á sínum tíma.

**Hvað?** Ung Nordisk Musik - Tónleikar 4
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Ungir tónsmiðir af Norðurlöndunum koma saman í Reykjavík 14.-19. ágúst næstkomandi í tilefni af hinni árlegu tónlistarhátíð Ung Nordisk Musik. Á þessum tónleikum hátíðarinnar flytur kammersveit LHÍ verk eftir Hans Blok (NO), Francesco del Nero (SE), Fredrik Ekenvi (SE), Arshia Samsaminia (FI), Lauri Supponen (FI), Loic Destremau (DK) og Jaime Belmonte (FI). Aðgangur er ókeypis á alla viðburði.


Sara Riel mun leiða kvöldgöngu í Breiðholti þar sem listaverk í borgarlandslaginu verða skoðuð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Einar Scheving og hljómsveit djassa Dillon upp þetta fimmtudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Einar Scheving Band
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Dillon, Laugavegi
Einar Scheving, trommur, Tómas Jónsson, hljómborð, Róbert Þórhallsson, bassi og Ari Bragi Kárason, trompet.

### Viðburðir

**Hvað?** Kvöldganga í Breiðholti – List í almenningsrými
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Álftahólar 4
Myndlistarmaðurinn Sara Riel leiðir göngu þar sem skoðuð verða nýleg listaverk í borgarlandslaginu m.a. verk eftir Erró, Ragnar Kjartansson og Theresu Himmer. Veggmynd Söru Riel, Fjöður, var sett upp 2015 og stendur við Asparfell. Gangan hefst við veggmynd Errós á húsinu við Álftahóla 4. Enginn aðgangseyrir.

**Hvað?** Leiðsögn sýningarstjóra: Markús Þór Andrésson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhúsið
Leiðsögn sýningarstjóra um sýninguna Guð, hvað mér líður illa eftir Ragnar Kjartansson. Sýningin endurspeglar óð Ragnars til listarinnar í allri sinni dýrð, til tónlistar, leikhúss, kvikmynda, bókmennta og, að sjálfsögðu, myndlistar. Hylling listamannsins birtist í völdum verkum, frá árinu 2004 til dagsins í dag; lifandi gjörningum, stórum myndbandsinnsetningum, ljósmyndum, höggmyndum, málverkum og teikningum. Aðgöngumiði á safnið




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19
Out Of Thin Air ........ 18:00
I, Daniel Blake ........ 17:45
Hjartasteinn ........ 17:30
Sing Street ........ 20:00
The Other Side Of Hope ........ 20:00
Ég Man Þig ........ 20:00
Frantz ........ 22:00
The Greasy Strangler ........ 22:00
Heima ........ 22:15


# Ævintýrapersónur Tulipop á forsíðu Kidscreen, tímarits um afþreyingu krakka

Ævintýrapersónur íslenska hönnunarfyrirtækisins Tulipop prýða forsíðu nýjasta tölublaðs alþjóðlega tímaritsins Kidscreen sem kom út í vikunni. Í tölublaðinu er umfjöllun um þau teiknimyndaverkefni sem kynnt verða á sýningunni Cartoon Forum sem haldin verður í Frakklandi í september nk. og var Tulipop valið úr hópi 83 verkefna til að prýða forsíðu blaðsins. Tímaritið Kidscreen er leiðandi á alþjóðavísu í umfjöllun um afþreyingariðnað fyrir krakka.

Tulipop hóf á síðasta ári undirbúning að framleiðslu 52 þátta teiknimyndaseríu fyrir sjónvarp í samstarfi við reynslumikla aðila úr teiknimyndageiranum. Nú er í framleiðslu svokallaður pilot þáttur fyrir sjónvarpsseríuna. Tobi Wilson, einn helsti handritshöfundur hinnar vinsælu þáttaraðar The Amazing World of Gumball, skrifar handritið, hið virta framleiðslufyrirtæki Blink Industries í London er meðframleiðandi, og verðlaunaðir leikstjórar, Simon Cartwright og Nina Gantz, leikstýra.


Signý Kolbeinsdóttir og Helga Árnadóttir hjá Tulipop hafa átt góðu gengi að fagna.

Auk þess að vinna að undirbúningi fyrir framleiðslu teiknimyndaseríu fyrir sjónvarp þá er Tulipop með í framleiðslu sérstaka teiknimyndaseríu til dreifingar á netinu, en eins og tilkynnt var fyrr á árinu réð Tulipop fyrirtækið Wildbrain, sem er leiðandi í framleiðslu afþreyingarefnis fyrir vefmiðla, til að framleiða tíu þátta teiknimyndaseríu og stýra YouTube-rás Tulipop á heimsvísu.

gildir. Frítt fyrir handhafa Árskorts Listasafns Reykjavíkur og Menningarkorts Reykjavíkur.

**Hvað?** Svarthol - Álfrún Helga Örnólfsdóttir
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Útskriftarverk Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur úr meistaranámi í sviðslistum er leikritið Svarthol, sem verður leiklesið í Tjarnarbíói. Leikarar: Sólveig Guðmundsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson. Höfundur: Álfrún Helga Örnólfsdóttir.

**Hvað?** Tilraunauppistand á BAR 11
**Hvenær?** 21.30
**Hvar?** Bar 11, Hverfisgötu
Tilraunauppistönd eru uppistönd þar sem nýir grínistar fá tækifæri til að spreyta sig og þeir reyndari prófa nýtt efni og halda sér í formi. Uppistand, töfrabrögð, spuni, tónlistargrín og öll möguleg grínform geta verið sýnd.

**Hvað?** Blómstrandi dagar
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hveragerði
Bæjarhátíðin Blómstrandi dagar er árlega aðra helgi eftir verslunarmannahelgi. Fjölbreytt dagskrá er í bænum fyrir alla fjölskylduna. Áhugaverðar listsýningar og fjölbreyttir tónlistarviðburðir eru í bænum þessa daga ásamt heilsutengdum atriðum fyrir alla aldurshópa. Í ár eru tónleikar með Jónasi Sig. og ritvélum framtíðarinnar, Ágústa Eva syngur lögin hennar ömmu og hljómsveitin Made in sveitin leikur á blómaballinu. Ísdagurinn hjá Kjörís verður á sínum stað og brennan í Lystigarðinum þar sem Sóli Hólm mun leiða brekkusönginn.

**Hvað?** My House - Hrefna Lind Lárusdóttir
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Sólvallagata 41
Persónulegt, almennt, hversdagslegt konfettí, tragíkómískt útgáfuparty vínylplötu og ferðalag um húsið.

**Hvað?** Karókíkvöld
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft, Bankastræti
María Oddný verður kynnir kvöldsins.






# DAGSKRÁ

## Fimmtudagur



**MASTERCHEF USA**
Skemmtileg sería með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.


**FRÁBÆR FIMMTUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365


**NCIS**
Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



**ANIMAL KINGDOM**
Ungur maður flytur til ættingja sinna eftir að móðir hans deyr og lendir þar inni í vægast sagt flókinni atburðarás.



**TRAINING DAY**
Stórskemmtilegur spennuþáttur um tvo afar ólíka rannsóknarlögreglumenn sem oftar en ekki eru æði ósammála um hvernig löggæslan skuli fara fram!



**HORRIBLE BOSSES**
Frábær gamanmynd um örvæntingarfulla uppfinningamenn með Jason Bateman og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum.



**LUCK**
Nýtt á 3
Spennandi þættir um glæpamann sem nýlega hefur verið sleppt úr fangelsi og dettur inn í heim veðreiða og fjárhættuglæpa.



**LÁSI LÖGGUBÍLL**
**KVIKMYND KVÖLDSINS KL 19:00**
Frábær teiknimynd um Lása löggubíl og ævintýrin sem hann lendir í á hverjum degi.




**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.** 365.is


### STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.20 Mom**
**10.45 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík** Í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum fer Vala Matt í ferð um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna. Við kynnumst þeirra matarmenningu og siðum og svo matreiða þeir fyrir okkur dýrindis góðan mat gerðan úr íslensku hráefni en með skemmtilegum og oft nýstárlegum kryddum og ævintýralegum matreiðsluaðferðum.
**11.10 Veistu hver ég var?**
**11.55 Landnemarnir**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Spotlight**
**15.10 Cats v Dogs. Which is Best?**
**16.15 Little Big Shots**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.50 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Ísland í sumar**
**19.25 Insecure** Önnur þáttaröð þessara frábæru þátta úr smiðju HBO sem fjalla um hina hispurslausu en afar óöruggu ungu konu sem leikin er af Issa Rea sem er jafnframt höfundur þáttanna og var tilnefnd til Golden Globe verðlaunanna 2017 sem besta leikkona í gamanþáttaröð. Fylgst er með sambandi tveggja svartra vinkvenna sem gera sitt besta til að finna sig í kröfuhörðum heimi þar sem þær þurfa að berjast við staðalímyndir kynþátta og kynjanna og oft á tíðum ganga þær í gegnum vandræðaleg en kómísk augnablik í lífi og starfi.
**20.00 Masterchef USA** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar yfir á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fram í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda. Að lokum eru það þó alltaf dómararnir sem kveða upp sinn dóm og ákveða hverjir fá að halda áfram og eiga möguleika á að standa uppi sem Meistarakokkurinn.
**20.45 NCIS** Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.
**21.30 Animal Kingdom**
**22.30 Training Day**
**23.15 Little Boy Blue**
**00.00 Real Time With Bill Maher**
**00.55 Gasmamman**
**01.40 Prison Break**
**02.25 Prison Break**
**03.05 Prison Break**
**03.50 Crimes That Shook Britain**
**04.40 Spotlight**

### STÖÐ 2 SPORT

**07.05 Napoli - Nice**
**08.45 Chelsea - Burnley**
**10.35 Premier League Review**
**11.30 NFL Hard Knocks**
**12.20 1 á 1**
**12.55 ÍBV - Víkingur Ólafsvík**
**14.35 Pepsímörkin**
**15.50 Napoli - Nice**
**17.30 FH - Sporting Braga**
**19.45 Premier League World**
**20.15 UFC Unleashed**
**21.00 Messan**
**22.30 FH - Sporting Braga**
**00.10 Stjarnan - Valur**

### STÖÐ 3

**17.15 New Girl**
**17.40 Mike and Molly**
**18.05 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Curb Your Enthusiasm**
**19.30 Sumar og grillréttir Eyþórs**
**19.55 Bara grín**
**20.20 Undateable**
**20.45 Claws**
**21.30 Luck**
**22.30 Banshee**
**23.20 Gilmore Girls**
**00.05 It's Always Sunny in Philadelphia**
**00.25 Eastbound and Down**
**00.55 Modern Family**
**01.20 Curb Your Enthusiasm**
**01.55 Sumar og grillréttir Eyþórs**
**02.20 Bara grín**
**02.45 Undateable**
**03.10 Claws**
**03.55 Tónlist**

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Kormákur**
**07.11 Zigby**
**07.25 Stóri og Litli**
**07.38 Latibær**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar**
**08.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Lalli**
**09.55 Rasmus Klumpur**
**10.00 Lína langsokkur**
**10.25 Hvellur keppnisbíll**
**10.37 Ævintýraferðin**
**10.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**11.00 Kormákur**
**11.12 Zigby**
**11.26 Stóri og Litli**
**11.39 Latibær**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar**
**12.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Lalli**
**13.55 Rasmus Klumpur**
**14.00 Lína langsokkur**
**14.25 Hvellur keppnisbíll**
**14.37 Ævintýraferðin**
**14.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**15.00 Kormákur**
**15.12 Zigby**
**15.26 Stóri og Litli**
**15.39 Latibær**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar**
**16.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Lalli**
**17.55 Rasmus Klumpur**
**18.00 Lína langsokkur**
**18.25 Hvellur keppnisbíll**
**18.37 Ævintýraferðin**
**18.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**19.00 Lási löggubíll**



**Mörgæsirnar kl. 08.24, 12.24 og 16.24**

### GOLFSTÖÐIN

**07.50 Golfing World**
**08.40 PGA Championship**
**13.45 LPGA Tour**
**16.45 Golfing World**
**17.35 Inside the PGA Tour**
**18.00 Wyndham Championship**
**22.00 Solheim Cup**
**23.00 Wyndham Championship**

### BÍÓSTÖÐIN

**12.30 Pan**
**14.20 Class Divide**
**15.35 Baby Mama**
**17.15 Pan**
**19.05 Class Divide**
**20.20 Baby Mama**
**22.00 Horrible Bosses** Frábær gamanmynd frá 2014 með Jason Bateman og Jennifer Aniston í aðalhlutverkum. Félagarnir Nick, Dale og Kurt eru komnir með upp í kok af því að vinna fyrir aðra, og ákveða því að stofna sitt eigið fyrirtæki í kringum nýja uppfinningu. En lævís fjárfestir svíkur þá, þegar hann pantar hjá þeim 100 þúsund stykki af uppfinningunni en hættir svo við þegar búið er að framleiða alla pöntunina, og þar með er ævintýrið fyrir bí. Núna eru þeir bæði niðurlægðir og örvæntingarfullir og eiga enga von um að ná fram réttlæti gagnvart fjárfestinum. Þeir ákveða því að ræna fullorðnum syni fjárfestisins og krefja hann um lausnargjald til að ná fyrirtækinu sínu aftur úr höndunum á honum.
**23.50 Hateful Eight** Mögnuð mynd frá 2015 úr smiðju Quentin Tarantino með Samuel L. Jackson, Kurt Russell og Jennifer Jason Leigh í aðalhlutverkum. Myndin gerist í Wyoming eftir borgarastríðið þar sem hausaveiðarar reyna að finna skjól í ofsafengnum snjóstormi en flækjast inn í atburðarás sem er lituð af svikum og blekkingum.
**02.35 Kill The Messenger**
**04.25 Horrible Bosses**

### RÚV

**17.15 Flikk Flakk**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Elías**
**18.12 Veistu hvað ég elska þig mikið**
**18.25 Hvergidrengir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Halló, Sýrland**
**20.10 Pricebræður elda mat úr héraði**
**20.45 Í mat hjá mömmu**
**21.10 Fréttir frá Gallipoli**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Haltu mér, slepptu mér**
**23.10 Skömm**
**23.45 Svikamylla**
**00.45 Dagskrárlok**

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Everybody Loves Raymond**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Life Unexpected**
**09.50 Psych**
**10.35 Síminn + Spotify**
**12.05 The Bachelorette**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 Life in Pieces**
**14.40 Old House, New Home**
**15.25 Family Guy**
**15.50 The Biggest Loser**
**16.35 King of Queens**
**17.00 Man With a Plan**
**17.25 How I Met Your Mother**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 The Tonight Show**
**19.10 The Late Late Show**
**19.50 Making History**
**20.15 Pitch**
**21.00 How To Get Away**
**21.45 Rillington Place**
**22.40 Dice**
**23.10 The Tonight Show**
**23.50 The Late Late Show**

### ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |


SAMSUNG
SPARIDAGAR
fyrir heimilin í landinu
9KG 1600SN
ECO BUBBLE-ÞVOTTAVÉL
SAWW90K6604QW/EE
Gerð: Eco Bubble
WiFi: Já, Fylgstu með og stjórnaðu með Smart Home appi
Smart Check: Já
Taumagn: Tekur 9 kg
Vindingarhraði: 1600 sn/mín
Kollaus mótor: Já, 10 ára ábyrgð á mótor
Ljós í tromlu: Nei
Fuzzy-logig magnskynjunarkerfi: Já
VRT+ Titringsvörn: Já
Hraðkerfi: Já, 15 mín.
Við seljum eingöngu SAMSUNG með kolalausum mótor með 10 ára ábyrgð
ecobubble TECHNOLOGY
AddWash
95.920,-
VERÐ ÁÐUR 119.900,-
SAMSUNG
DW60M6050BB
Uppþvottavél
Innbyggð uppþvottavél • Tekur 14 manna stell • 7 þvottakerfi • Starttímaseinkun • Orkunýtni A++ • Orkunotkun á ári (kWst) : 266 • 44db • Stillanleg efrigrind • Grind efst fyrir hnífapör • 2 þvottaarmar
kr. 96.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 77.900,-
SAMSUNG
DW60M6051UW
Uppþvottavél
Framhlið er hvít • Tekur 14 manna stell • 7 þvottakerfi. - 60 mín. hraðkerfi • Starttímaseinkun • Orkunýtni A++ • Orkunotkun á ári (kWst) : 266 • 44db • Stillanleg efrigrind • Grind efst fyrir hnífapör • 3 þvottaarmar
kr. 99.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 79.900,-
SAMSUNG
DW60M6051US
Uppþvottavél
Framhlið úr burstuðu stáli • Tekur 14 manna stell • 7 þvottakerfi • Starttímaseinkun • Orkunýtni A++ • Orkunotkun á ári (kWst) : 266 • 44db • Stillanleg efrigrind • Grind efst fyrir hnífapör • 2 þvottaarmar
kr. 104.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 83.900,-
55”
ULTRA HD
Curved
SAMSUNG
UHD • 4K • Curved • 8 milljón pixlar • 1400 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
55” MU6275 kr. 159.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 129.900,-
49”
SAMSUNG
FHD 400 PQI • Hvítt • Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
49” K5515 kr. 114.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 91.900,-
55”
ULTRA HD
SAMSUNG
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1300 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
55” MU6175 kr. 149.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 119.900,-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
SAMSUNG SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# MÁLUM OG VERJUM




**Fyrir skjólvegginn**

**KJÖRVARI 14**
Gagnsæ viðarvörn, gagnsær. 4 l.
**3.995kr**
86332040

**KJÖRVARI 12**
Pallaolía, margir litir. 4 l.
**3.835kr**
86363040




**Fyrir pallinn**

málning
**ÚTIMÁLNING**
Steintex, hvítt, 4 l.
**7.265kr.**
86647540




málning
**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# NÚ ER TÍMINN!

**ÞÚ FÆRÐ ALLT EFNIÐ Í PALLINN OG SKJÓLVEGGINN HJÁ OKKUR**

*Fáðu verð í pallinn hjá okkur!*

**REIKNAÐU ÚT EFNISKOSTNAÐ Á BYKO.IS**

timbur@byko.is



## GAGNVARIN FURA

**PALLURINN**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 0058324 | 27x95 mm. | 2.040 kr./m² | 204 kr./lm* |
| 0058325 | 27x120 mm. | 1.864 kr./m² | 233 kr./lm* |
| 0058326 | 27x145 mm. | 2.070 kr./m² | 309 kr./lm* |

**SKJÓLVEGGURINN**

| | | |
|---|---|---|
| 0058252 | 22x45 mm. | 89 kr./lm |
| 0059253 | 22x70 mm. | 148 kr./lm |
| 0058254 | 22x95 mm. | 176 kr./lm* |
| 0058255 | 22x120 mm. | 235 kr./lm |

**GRIND OG UNDIRSTAÐA**

| | | |
|---|---|---|
| 0058502 | 45x45 mm. | 173 kr./lm* |
| 0058504 | 45x95 mm. | 280 kr./lm* |
| 0058506 | 45x145 mm. | 461 kr./lm* |
| 0059954 | 95x95 mm. | 679 kr./lm* |

*4,5 m og styttra.

**BOSCH**

**AQT 33-11** háþrýstidæla
110 bör, 1300W,
330 l./klst.
**11.995kr.**
74810231
Almennt verð: 14.995kr.




**RAFHLÖÐUBORVÉL**
PSR-18, 2 x Li-2,5Ah rafhlöður, 18V, hleðslutæki og taska.
**23.995kr.**
74864131
Almennt verð: 29.995kr.




**BOSCH**

# MARKAÐS-DAGAR

**BYRJA Í DAG!**

*Komdu og gramsaðu!*

50KR · 100KR · 200KR · 300KR · 400KR · 500KR · 600KR · 800KR · 1000KR · 1500KR

## GERÐU ÓTRÚLEG KAUP!

Mikið úrval af vörum frá **50 krónum**.

Fjöldi annarra tilboða á Markaðsdögum. Bætum við nýjum vörum daglega.



**BLÁKRAFTUR,**
12-12-17, 10 kg.
55095039

Bara á Granda

**1.500KR**
ALMENNT VERÐ: 2.295 KR

## NOKKUR VERÐDÆMI



BOSCH

**RAFHLÖÐUBORVÉL,**
GSR 18-2-LI 2x1,5Ah.
18V, L-BOXX fylgir
748740990

**25.995KR**
ALMENNT VERÐ: 34.995 KR.



**TJALDDÝNA** ljósblá, 70x200cm
88015966

**400KR**



NAPOLEON

18,4 kw

4+1 brennarar

**TRIUMPH 495**, 18,4 kW, 4 aðalbrennarar og hliðarhella, grillflötur 73x73 cm.
506600034

**89.995KR**
ALMENNT VERÐ: 119.995 KR.



**LUKT**, GLER 15cm.
41122076

**800KR**

**LUKT**, GLER 10cm.
41122077

**500KR**



**BLÓMAKASSI MEGAN**, 3 þrep.
0291708

**10.000KR**
ALMENNT VERÐ: 13.995 KR.



**TJALD,**
3 pers,
2x2,1x1,3m.
88015952

**4.500KR**
ALMENNT VERÐ: 6.595 KR



NAPOLEON

**GRILLSETT**, spaði, bursti og töng.
506670019

**2.447KR**
ALMENNT VERÐ: 3.495 KR.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

www.byko.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.
Tilboð gilda á meðan á Markaðsdögum BYKO stendur eða á meðan birgðir endsast.



Þeir tóku helling af myndum á Grænlandi og héldu sýningu á þeim samhliða útgáfutónleikum. MYND/PAN THORARENSEN

# Tóku upp plötu í rólegheitum á Grænlandi




Nafn plötunnar merkir að vera rólegur á grænlensku.

**Hljómsveitin Stereo Hypnosis og tónlistarmaðurinn Árni Grétar eða Futuregrapher skelltu óvænt í plötu í einni töku á Grænlandi fyrr í sumar. Þar voru þeir staddir til að spila á tónlistarhátíð í bænum Sisimiut en hann er töluvert afskekktur.**

Við förum til að spila á tónlistarhátíðinni Arctic Sounds sem er stærsta hátíð Grænlands og er haldin í Sisimiut, þetta er norrænt samstarf þar sem hljómsveitir frá öllum Norðurlöndunum spila. Við erum í rosa skemmtilegu gömlu húsi þarna í bænum og það slysaðist eiginlega þannig að við ákváðum að henda í plötu. Við fórum í stúdíó og platan var tekin upp á tveggja rása upptöku – í einni töku, þetta er eiginlega spunatónverk sem heppnaðist svo vel að við ákváðum að gefa það út sem plötu. Það var aldrei ætlunin að gera þessa plötu, við fórum bara út saman og spiluðum hver í sínu lagi og svo gerðist þetta. Það hefur samt alltaf verið pínu draumur að við myndum gera plötu saman,“ segir Pan Thorarensen úr hljómsveitinni Stereo Hypnosis sem tók upp plötuna Toqqissivoq með tónlistarmanninum Futuregrapher í Sisimiut á Grænlandi.




Stereo Hypnosis og Futuregrapher mættir til Grænlands. MYND/AÐSEND

**ÞETTA ER EIGINLEGA SPUNATÓNVERK SEM HEPPNAÐIST SVO VEL AÐ VIÐ ÁKVÁÐUM AÐ GEFA ÞAÐ ÚT SEM PLÖTU.**

Hljómsveitina Stereo Hypnosis skipa þeir Pan Thorarensen, Óskar Thorarensen og Þorkell Atlason en þeir hafa gefið út tvær breiðskífur auk Toqqissivoq. Futuregrapher er Árni Grétar Jóhannesson og hefur hann verið, ásamt Stereo Hypnosis og fleirum, í fremstu línu í íslenska raftónlistarheiminum.

Nafn plötunnar merkir að vera rólegur á grænlensku og segir Pan það fanga nákvæmlega tilfinninguna sem átti sér stað við gerð plötunnar. Þeir voru líka duglegir við að taka myndir og myndbönd í ferðinni og héldu útgáfutónleika sem í leiðinni voru sýning á ljósmyndum og myndböndum teknum í Sisimiut.

„Þetta er rosalega skemmtilegur staður. Þetta er um það bil fimm þúsund manna bær og ekkert margir sem slysast þangað. Flestir fara til Kulusuq eða Nuuk kannski. Það er líka vesen að komast þangað – maður þarf að fljúga til Nuuk og taka rellu yfir, þetta er svolítið ævintýri.“

**Sisimiut**

Sisimiut, eða Holsteinsborg eins og Danirnir kalla hann, er næststærsti bærinn á Grænlandi og stendur á vesturströnd landsins. Bærinn er um 100 kílómetra norðan við heimskautsbaug og við hann er nyrsta höfn Grænlands sem ekki lokast á vetrum vegna hafíss. Engin vegatenging er við aðra staði.

stefanthor@frettabladid.is

F&F

Kids




**Stærðir 12/18 mán. - 6/7 ára**



2.460 kr.



2.460 kr.



3.940 kr.



6.410 kr.

**Stærðir 6/7 ára - 14/15 ára**



4.930 kr.



4.930 kr.



2.950 kr.



2.950 kr.

Finndu okkur á
Facebook

Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind,
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.

ATH! Mismunandi vöruúrval eftir verslunum

# Bestu vitleysingar hvíta tjaldsins

Hvað er skemmtilegra en góðir vitleysingar í gamanmynd? Þeir gefa lífinu lit með heimskupörum sínum og það er svo þægilegt að vitna í alla þvæluna sem þeir hafa sagt í partíum. Lífið telur hér upp nokkra af þeim allra bestu sem allir ættu að muna eftir.

## INSPECTOR CLOUSEAU – THE PINK PANTHER

Þessi franska lögga úr The Pink Panther myndunum var alltaf að detta og rústa hlutum. Hann átti líka rosalega erfitt með að bera fram orð á ensku því að hann var með svo hrikalega mikinn franskan hreim. Clouseau kallinn hélt líka að hann væri gríðarlega fær í bardagalistum en hann var það í raun alls ekki. Hann var samt hátt settur rannsóknarlögreglumaður þrátt fyrir þetta allt og náði alveg að rannsaka þessi mál sín. Við skulum gefa honum 3 á vitleysinga-skalanum.

**» INSPECTOR JACQUES CLOUSEAU VAR HRAKFALLABÁLKUR OG VITLEYSINGUR – EN LEYSTI LÍKA MÁLIN SEM HANN RANNSAKAÐI.**





## FRANK DREBIN – NAKED GUN

Frank Drebin var rosalega svipaður Clouseau – lögga í hæstu röðum sem var alltaf að slasa sjálfa sig og aðra. Sérstaklega slasaði hann félaga sinn, Nordberg (leikinn af OJ Simpson), mjög oft. Já, og slasað fólk eða gamlar konur. Þær fengu að kenna á því. En eins og Clouseau kláraði Frank Drebin málið, fjandinn hafi það og var hálfgerð „action hero“ þegar best lét. Gefum honum 5 á skalanum okkar.



## BRICK TAMLAND – ANCHORMAN

Þessi veðurmaður var gríðarlega vitlaus, það er eiginlega móðgandi hvað hann var vitlaus. Hvernig fékk hann þessa vinnu? Þetta er tía.



## ZOOLANDER

Módelið vitlausa átti erfitt með að tjá sig – hann var ekki með neitt áberandi góðan orðaforða og átti erfitt með að greina módelbyggingar frá alvöru byggingum. En hann þurfti ekki á því að halda – hann er módel og þarf ekki að vita neitt. Það eina sem hann þarf að geta er að vera fáránlega myndarlegur, setja upp góðan svip og ganga á tískupallinum. Við skulum smella 7 á Zoolander.

**» ZOOLANDER ER SVAKA VITLAUS EN ÞARF SVO SEM EKKI AÐ VITA NEITT VERANDI SVONA FÁRÁNLEGA MYNDARLEGUR.**

## HARRY DUNNE OG LLOYD CHRISTMAS – DUMB AND DUMBER

Þessir samrýmdu félagar voru auðvitað algjörlega nautheimskir og með þroska á við svona 11 ára dreng. Þeir eru næstum því algjörlega fullkomnir vitleysingar og þar að auki eru þeir frekar slæmar manneskjur – en þeir ná samt einhvern veginn að komast óskaddaðir úr ferðalagi sínu til Aspen og því að verða fyrir barðinu á glæpamönnum. Harry og Lloyd fá 8.

**» HARRY DUNNE OG LLOYD CHRISTMAS VITA NÁTTÚRULEGA EKKI KRÓNU, EIGINLEGA ALVEG FULLKOMNIR VITLEYSINGAR.**






# KRAKKADAGAR

## 17.-21. ÁGÚST



**FROSTI**
KRAKKA
ÚLPA
~~18.990 KR~~
12.990 KR



**KATRÍN**
KRAKKA
HETTUPEYSA
~~9.990 KR~~
4.990 KR



**REKA**
KRAKKA
DÚNÚLPA
~~19.990 KR~~
11.990 KR



**YLJA**
KRAKKA
BUXUR
~~8.990 KR~~
4.990 KR



**KRAFTUR**
KRAKKA
ULLARNÆRFÖT
~~4.990 KR~~
3.990 KR



**KRAFTUR**
KRAKKA
ULLARNÆRFÖT
~~6.990 KR~~
5.352 KR

**KRAKKADAGAR VERÐA Í EFTIR TÖLDUM VERSLUNUM**

The Viking - Akureyri // River - Egilsstaðir // Skóbúð Húsavíkur - Húsavík // Kaupfélag Skagfirðinga - Sauðárkrókur

**OPNUNARTÍMI**

| | |
|---|---|
| VIRKA DAGA | KL. 12:00 - 18:00 |
| LAUGARDAG | KL. 11:00 - 17:00 |
| SUNNUDAG | KL. 13:00 - 17:00 |

ZO•ON
FACTORY STORE

NÝBÝLAVEGI 6
200 KÓPAVOGI
412-5869

ZO•ON
ICELAND









**Chase og Oddur voru saman í skóla og ákváðu að hittast og gera tónlist saman.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fyrsta lagið á íslensku rauk á toppinn

Lagið Ég vil það með **Chase** og **Jóa Pé** rauk upp á topp á Spotify listanum en þetta var fyrsta lagið sem Chase gerði á íslensku. Chase mun spila á Prikinu í kvöld þar sem hann ætlar m.a. að taka nýtt efni.

Lagið Ég vil það með Chase og Jóa Pé hefur verið gríðarlega vinsælt síðan það kom út fyrir tæpum þremur vikum og er á toppi Spotify vinsældarlistans auk þess sem áhorf á myndbandið eru farin að nálgast 80 þúsund á ekki lengri tíma. Chase Anthony er aðeins 18 ára og ekki búinn að vera lengi að – hann gaf út sitt fyrsta lag í október í fyrra.

„Við erum tveir sem byrjuðum þetta saman – ég og Oddur Þórisson. Við hittumst fyrst 24. október til að gera tónlist, við höfðum verið í skóla saman og þekktumst, og svo kom fyrsta lagið þarna 28. október. Eftir það vorum við að vinna saman með skólanum, hægt og rólega. Við erum búnir að gefa út þrjú lög á ensku en núna í sumar prófuðum við að gefa út lag á íslensku. Þá fengum við Jóa með, við vorum búnir að vera góðir kunningjar og gáfum út Ég vil það,“ segir Chase en honum fannst enskan ekki vera að virka neitt og því var ákveðið að skipta yfir í okkar ástkæra og ylhýra – og það virkaði heldur betur vel fyrir þá.

*Bjuggust þið við þessum viðtökum?*

„Nei, eiginlega ekki, maður býst alltaf við því besta auðvitað – en ég var eiginlega bara „what, hvað er að gerast?!“ Ég var í Bandaríkjunum á meðan á þessu stóð og ég hugsaði með mér „af hverju er ég ekki á Íslandi núna?““

Chase hefur nokkrum sinnum spilað á tónleikum en málsháttur í íslensku rappsenunni er svohljóðandi: „ef þú hefur ekki spilað á Prikinu, hefur þú þá í raun og veru spilað?“. Eða það gæti allt eins verið svona málsháttur.“ Allavega verður Chase með „showcase“ á Prikinu í kvöld þar sem hann sýnir kröfuhörðum Prikurum hvers megnugur hann er og verða þetta hans fyrstu tónleikar í Mekka rappsins á Íslandi – og alveg örugglega ekki þeir síðustu.



**Prikið er Mekka íslenskrar rapptónlistar.**

**ÉG VAR Í BANDARÍKJUNUM Á MEÐAN Á ÞESSU STÓÐ OG ÉG HUGSAÐI MEÐ MÉR „AF HVERJU ER ÉG EKKI Á ÍSLANDI NÚNA?“**

*Hvað muntu bjóða upp á á Prikinu í kvöld?* „Við erum að gera plötu á íslensku núna – hún ætti að vera tilbúin í byrjun september. Við ætlum líklega að sýna alveg tvö ný lög á Prikinu á morgun. Jói P verður þarna, ég held að Króli verði líka og auðvitað Oddur. Síðan er möguleiki á að það mæti leynigestur en það kemur auðvitað í ljós á morgun hver það er.“

Tónleikarnir hefjast á Prikinu klukkan tíu en örugglega er gáfulegt að mæta fyrr enda rúmar staðurinn ekki endalausan fjölda.

**stefanthor@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*






Þórsmörk parka
Verð nú: 39.500 kr.
Verð áður: ~~79.000 kr.~~



Vatnajökull PrimaLoft vesti
Verð nú: 18.200 kr.
Verð áður: ~~26.000 kr.~~



Hofsjökull PrimaDown dömukápa
Verð nú: 23.700 kr.
Verð áður: ~~79.000 kr.~~



Týr ullarpeysa
Verð nú: 17.150 kr.
Verð áður: ~~24.500 kr.~~



Grettir langerma íþróttabolur
Verð nú: 5.100 kr.
Verð áður: ~~8.500 kr.~~



Magni kuldagalli
Verð nú: 15.000 kr.
Verð áður: ~~25.000 kr.~~



Loki barnapeysa
Verð nú: 4.550 kr.
Verð áður: ~~6.500 kr.~~



Rán barnakápa
Verð nú: 7.140 kr.
Verð áður: ~~11.900 kr.~~

**Útsölumarkaður Faxafeni 12, Reykjavík**
Mán.-fös. 8:00 – 21:00. Lau. 10:00 – 21:00. Sun. 12:00 – 21:00.

**Verslun Skipagötu 9, Akureyri**
Mán.-fös. 9:00 – 20:00. Lau. 10:00 – 20:00. Sun. 12:00 – 18:00.

Útsöluverð á einungis við um ákveðnar vörur og liti. Verð getur lækkað á meðan á útsölu stendur.

# MEGA
opinn hornssófi

Stór eða lítill hornsófi. Grátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga.

**30% AFSLÁTTUR**



Stærri gerð
Stærð: 294 x 240 cm

**Fullt verð: 219.900 kr.**

**153.930 kr.**

Minni gerð
Stærð: 254 x 240 cm

**Fullt verð: 199.900 kr.**

**139.930 kr.**



**30% AFSLÁTTUR**

# DAGMAR
2,5 og 3ja sæta

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.

2,5 sæta: 169 x 89 x 87 cm
**Fullt verð: 69.900 kr.**

3ja sæta: 200 x 89 x 87 cm
**Fullt verð: 79.900 kr.**

Aðeins **48.930 kr.** **55.930 kr.**



**30% AFSLÁTTUR**

# MONTARIO
svefnsófi

Rúmfatageymsla. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 158x90 cm. Svefnsvæði: 140x200 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **69.930 kr.**



**20% AFSLÁTTUR**

# ZERO
tungusófi




Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 216 x 143 x 88 cm.

**Fullt verð: 89.900 kr.**

Aðeins **71.920 kr.**



**40% AFSLÁTTUR**

# MEMPHIS
svefnsófi



Slitsterkt áklæði, ljós- eða dökkgrátt. Svefnsvæði: 120 x 200 cm

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **59.940 kr.**



**30% AFSLÁTTUR**

# WESTFIELD
hægindastóll með skemli

Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Ljósgrátt slitsterkt áklæði.

**Fullt verð: 69.900 kr.**

Aðeins **48.930 kr.**

QUILTS OF DENMARK®

# DÚNSÆNG
frá QOD

**40% AFSLÁTTUR**



135 x 200 cm dúnsæng frá Quilts of Danmark®.
Þyngd: 600 gr.
90% dúnn og 10% smáfiður.

**Fullt verð: 25.900 kr.**

Aðeins **15.500 kr.**

# WESTFIELD
hægindastóll með skemli



Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Svart leður á slit-flötum.

**Fullt verð: 119.900 kr.**

**30% AFSLÁTTUR**

Aðeins **83.930 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mánudaga til föstudaga kl. 10–18
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)
**www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# TILBOÐSDAGAR 17.–23. ÁGÚST

## Komdu núna!





Nature's Bedding

**35% AFSLÁTTUR**
af 180 x 200 cm á meðan birgðir endast.

Aukahlutur á mynd: Höfuðgafl.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

**NATURE'S SUPREME**
heilsurúm með Classic botni

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar pr. m²
- Vandaðar kantstyrkingar

| Stærð cm | Fullt verð |
|---|---|
| 180x200 | 149.900 kr. |

Aðeins **97.435 kr.**



Nature's Bedding

**25% AFSLÁTTUR**
af 160 x 200 cm á meðan birgðir endast.

Aukahlutur á mynd: Gafl

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

**NATURE'S ELEGANCE**
heilsurúm með Classic botni

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Latex hægindalag
- 100% bómullaráklæði
- Burstaðir stálfætur
- 320 gormar pr fm²

| Stærð cm | Fullt verð |
|---|---|
| 160x200 | 169.900 kr. |

Aðeins **127.425 kr.**

DORMA
Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Benedikt Bóas



## Hvítt Hjörleyfi

Hjörleifur Guttormsson er maðurinn. Ég væri til í að hafa hann sem nágranna. Ég ætla að efast um að það séu mikil vandræði í kringum húsið hans í Skuggahverfinu. Glæsileg mynd af sjómanni, sem fór ekki réttar leiðir í stjórnsýslunni, var fjarlægð því hann einfaldlega meikaði hana ekki. Og ekki nágranni hans heldur.

Og Hjörleifur kann á kerfið. Sendir réttu póstana á rétta fólkið og viti menn. Hann fékk bara heilan húsvegg málaðan hvítan og enginn skilur neitt í neinu.

Stóra Hjörleifsmálið er auðvitað með ólíkindum. Það eru bara alvöru menn sem geta þetta sem hann gerði. Ég ber virðingu fyrir því. Ekki get ég sent borginni tölvupóst og fengið málningu skvett á hús sem mér finnst ljót.

Það er ótal margt sem ég skil ekki í þessu máli en að hafa mynd af sjómanni á Sjávarútvegshúsinu hljómar bara svo rétt. Og ætti auðvitað að fá að standa um aldur og ævi. Sama hvað gömlu ríku fólki finnst.

Þegar málarinn fékk skipun að ofan um að mála Sjávarútvegshúsið hvítt á ný, sagði hann þá bara já og amen? Hver var það sem skipaði honum að mála það? Það tekur enginn upp á því bara að mála eitt stykki vegg án þess að fá greitt fyrir það. Hver er þessi málari?

Ég skil ekki neitt í þessu máli, samt elska ég það. En tímarnir breytast og mennirnir með og Reykjavíkurborg er orðin alveg hrikalega skemmtileg borg þótt það mætti kannski hirða betur um hana.

Lífið er ekki eins og það var þegar Hjörleifur og hans kynslóð voru að alast upp. Nú er það málað fallegum litum. Er ekki einslitt. Hvítur veggur nefnilega bætir engu við. Fallegar myndir gera það. Megi sjómaðurinn snúa til baka sem fyrst og sem víðast.











*Sóma Veislubakkar*

★ FERSKAR HUGMYNDIR ★

— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

**GAMLI GÓÐI**
3.980 kr.
20 bitar fyrir 5 manns



Hangikjöt, eggjasalat.
Roastbeef, remúlaði, steiktur laukur.
Rækjusalat.

**EÐALBAKKI**
3.980 kr.
20 bitar fyrir 5 manns



Hangikjöt, lauksósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt pestó, sýrður rjómi, paprika, salatmix.

**LÚXUSBAKKI**
3.980 kr.
20 bitar fyrir 5 manns



Kalkúnn, beikon, tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur, egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

**PÍTUBAKKI**
3.980 kr.
24 bitar fyrir 5 manns



Tikka masala kjúklingur og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

**PARTÝBAKKI**
4.430 kr.
20 bitar fyrir 5 manns



BBQ kjúklingur, bakaðar sætar kartöflur, spínat.
Fetaostur, rauðlaukur, spínat.
Heitreyktur lax, ferskt dill, spínat, lauksósa.

**VEISLUBAKKI**
4.430 kr.
30 bitar fyrir 5 manns



Reykt skinka, egg, íssalat.
Tikka masala kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka, smurostur, ofnbakaðir tómatar, salatmix.

**ÁVAXTABAKKI**
3.050 kr.
40 - 60 bitar fyrir 5 - 8 manns



Vínber, melónur, ananas, appelsínur og fleiri góðir ávextir allt eftir árstíðum og framboði.

**DESERTBAKKI**
2.450 kr.
50 bitar fyrir 10 manns



Vatnsdeigsbollur fylltar með vanillukremi.
Kókostoppar með súkkulaði.

**KÖKUBAKKI**
3.550 kr.
24 bitar fyrir 10 manns



Súkkulaðikaka með mjúku súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með rjómaostakremi.
Eplakaka með kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

**Pantaðu í síma 565 6000 eða á somi.is**

FERSKT Á FERÐINNI ★ FRESH TO GO

